

**KRISTJÁN ÞÓRÐUR HRAFNSSON**  
**Á kaffibolla með bókmenntalegri skírskotun**  
 • heimili  
**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**



**HÍBÝLI OG VIÐHALD**  
**Höfði glæsilegri en nokkru sinni fyrr**  
 Sérblað um híbýli og viðhald  
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**



# FRÉTTABLAÐIÐ

**PITT**

1. febrúar 2010 – 26. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

**Seaber plötunni lekið á netið**  
 Sindri Már Sigfússon segir lítið við málinu að gera.  
**FÓLK 20**


**Skráð sem magadansmær**  
 Margrét Erla Maack er magadansmær í símaskránni.  
**FÓLK 30**

**Sterkt afl í samfélaginu**  
 Kvenfélagsamband Íslands fagnar 80 ára afmæli í dag.  
**TÍMAMÓT 18**


**Voru klassa betri en Arsenal**  
 Manchester United sýndi sínar bestu hliðar gegn Arsenal í gær.  
**ÍÞRÓTTIR 26**



## VEÐRIÐ Í DAG



**Nokkuð bjart** sunnan heiða í dag en norðanlands má búast við dálitlum eljum. Vindur verður fremur hægur og frost um mest allt land.  
**VEÐUR 4**



Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...  
 Meðalrestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára.  
 Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.



**ÞRIÐJA SÆTINU FAGNAÐ** Íslensku landsliðsmennirnir brugðu á leik þegar þeir tóku við bronsverðlaununum á Evrópumeistaramótinu í handknattleik í Vínarborg í gær. Strákarnir okkar lögðu Pólverja að velli, 29-26, í leik um þriðja sætið. Liðið lék stórkostlega í fyrri hálfleik en litlu mátti muna að Pólverjar næðu að jafna leikinn í síðari hálfleik. Þetta eru önnur verðlaunin sem landsliðið vinnur á stórmóti en Íslendingar hömpuðu sem kunnugt er silfurverðlaununum á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008.

Sjá síður 22, 24 og 27 FRÉTTABLAÐIÐ/NINA MANHART

# Rætt um breytilega vexti á Icesave-skuld

Bretar og Hollendingar eru tilbúnir að ræða breytingu á vaxtakjörum Icesave. Þeir krefjast pólitískrar samstöðu hérlendis og viðurkenningu á greiðsluskyldu. Erlendis verður vart ótta við að þingið og forsetinn geti sett málið í uppnám.

**STJÓRNMÁL** Í nýju samkomulagi Íslendinga við Breta og Hollendinga um Icesave-skuldarnar myndi felast breytt útfærsla á vaxtakjörum. Í samningunum er kveðið á um 5,55 prósent fasta vexti. Hefur það vaxtahlutfall staðið í mörgum sem telja það hátt og ósanngjarnt. Frá synjun forseta hafa íslensk stjórnvöld átt í stöðugum óformlegum viðræðum við yfirvöld í Bretlandi og Hollandi. Þær viðræður færðust á formligt stig með fundi formanna þriggja íslenskra stjórnmalaflokka og ráðherrum frá Bretlandi og Hollandi í Haag á föstudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er tvennt ófrávikjanleg krafa viðsejenda Íslendinga.

Annars vegar þverpólitísk íslensk sátt og hins vegar viðurkenning á skuldbindingum Íslendinga sem nema lágmarkstryggingu innstæðutryggingakerfis samningsins um Evrópska efnahagssvæðið; 20.887 evrum að hámarki á hvern reikning. Öll vinna í málinu innanlands miðar að þessu. Bretar og Hollendingar óttast að niðurstaða nýrra samninga, verði af þeim, fari sömu leið og fyrri samningar; þurfi langan tíma í meðförum Alþingis og hljóti að því búnu synjun forseta. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins deila þingmenn annarra Evrópuþjóða þessum áhyggjum. Hafa þær komið fram í samtöl-

um um lán sem tengjast efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldveyrissjóðsins. Bretar og Hollendingar leggja einnig áherslu á að allar viðræður gangi fljótt yfir, verði af þeim. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að meðal þeirra útfærslna sem ræddar hafi verið sé að lánin verði á breytilegum vöxtum fyrir hluta lánstímans, en síðan á föstum vöxtum. Breytilegir vextir taka mið af millibankavöxtum í Evrópu, sem eru mjög lágir um þessar mundir. Þetta er tvíeggja sverð, því óvíst er hver vaxtaþróun verður út lánstímann. Þess vegna er rætt um blöndu breytilegra og fastra vaxta.  
 - bps, kóp

## Brot á gjaldeyrisviðskiptum: Kyrrsettu hluta af hagnaðinum

**LÖGREGLUMÁL** Búið er að kyrrsetja hluta af áætluðum hagnaði fjórmenninganna sem yfirheyrðir voru á föstudag vegna gruns um ólögleg gjaldeyrisviðskipti. Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir áætlaðan hagnað af ólöglegum gjaldeyrisviðskiptum nema nokkrum milljónum króna. Þrálátur orðrómur var um gjaldeyrisviðskipti Straums eftir að gjaldeyrisviðskipti voru sett á í nóvember 2008. Þáverandi forstjóri Straums vísaði honum á bug fyrir ári.  
 - jab / Sjá síðu 4

## Höfði tekinn í notkun á ný: Stefnt er að auknu aðgengi

**BYGGINGAR** Höfði hefur verið tekinn í notkun aftur sem móttökuhús borgarinnar eftir viðgerðir í kjölfar bruna sem þar varð 25. september síðastliðinn. Þurrka þurfti veggir að innan, endurnýja tréverk og bæta þak, mála og þússa. Efni til viðgerðanna kom meðal annars frá upprunafyrirtækinu Strømmens Trævarefabrik í Noregi. Nú er Höfði glæsilegri en nokkru sinni fyrr og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, segir stefnt að því að gera hann opnari fyrir almenningsi en hann hafi verið til þessa.  
 - gun/sjá aukablaðið Híbýli og viðhald

Kafbátur mánaðarins • febrúar

**6 tommu bátur 379 krónur**

**BMT SUBWAY**



## SPURNING DAGSINS



Ágústa, er þá ekki tími til kominn að pakka saman og fara heim?

„Nei, ætli það sé nú ekki næg vinna eftir enn.“

Í frétt blaðsins með fyrisögninni „Síðasta vígi reykingafólks fellur“ á föstudag kom fram að sjónvarpsmaðurinn Helgi Seljan væri að „velta því fyrir sér að huga að hætta að reykja“. Ágústa Tryggvadóttir er starfsmaður Reyksímans sem veitir áhugasömum aðstoð við að hætta að reykja.

Heilbrigðisstofnun sker niður:

## Hátt í tuttugu manns sagt upp

**HEILBRIGÐISMÁL** Skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) verður lokað og hátt í tuttugu starfsmönnum sagt upp. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Fram kemur að fólkinu hafi verið sagt upp um helgina. Einnig að eini félagsfræðingur stofnunarinnar hafi misst vinnuna. Stofnunin þurfi að skera niður um rúmar 86 milljónir króna til að halda rekstrinum innan fjárlaga þessa árs. Þessu til viðbótar þurfi stofnunin að skera niður þann halla upp á rúmar 26 milljónir sem myndaðist á síðasta ári. Um þrjú hundruð manns vinna hjá stofnuninni. - kg

Ban Ki-moon á Kýpur:

## Reynir að efla friðarviðræður

**KÝPUR, AP** Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, kom til Kýpur í gær í von um að ná að blása lífi í glæður friðarviðræðna, sem miðað hefur hægt undanfarið.



BAN KI-MOON

„Ég er hingad kominn til að sýna persónulegan stuðning minn við viðræður um endursameiningu landsins,“ sagði Ban við komuna í gær.

Viðræður Grikkja og Tyrkja um sameiningu hinna tveggja aðskildu hluta eyjunnar hófust fyrir nærri hálfu öðru ári, en þær hafa litlum árangri skilað.

Tyrkland, eitt landa, viðurkennir sjálfstæði hins tyrkneska hluta eyjunnar. - gb

Bankar og fjármálafyrirtæki litnir sömu augum og hryðjuverkamenn í Davos:

## Lítill árangur náðist í Alpabæ

**EFNAHAGSMÁL** Starfsfólk banka og fjármálafyrirtækja er álika óvinsælt nú um stundir og hryðjuverkamenn. Þetta hefur bandaríska stórblaðið Wall Street Journal eftir Donald Moore, stjórnarformanni bandaríska bankans Morgan Stanley, á ársþingi Alþjóðafnahagsráðsins í Alpabænum Davos í Sviss. Þinginu lauk í gær.

Helsta umræðuefni þingsins voru aðgerðir og leiðir til að keyra heimshagkerfið upp úr kreppunni. Erlendir fjölmiðlar eru á því að almennt hafi lítill árangur náðst á þinginu utan samstöðu um ný störf og að viðskiptafrelsi væri lykill að efnahagsbatnum.

Wall Street Journal segir forráðamenn banka og fjármálafyrirtækja hafa verið í varnarstöðu á þinginu í ár í skugga hamfaranna og setið undir hótunum ríkisstjórna og eftirlitsaðila um róttækar aðgerðir gegn þeim, svo sem hertu eftirliti og hækkingum á gjöldum. Hótanir sem þessar hafa heyrst vestanhafs um nokkurra mánaða skeið en hafa fengið byr undir báða vængi á meginlandi Evrópu upp á síðkastið. Á meðal þess er innleiðing „Glass-Steagall“-laganna svokölluðu, sem sett voru í Bandaríkjunum í kjölfar kreppunnar miklu árið 1932. Þau meina viðskiptabönkum að stunda fjárfestingarbankastarfsemi. - jab



**EKKI ÉG!** Peter Sands, forstjóri breska bankans Standard Chartered, ræðir um efnahagsbatann í Davos. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin ergja Kínverja:

## Selja Taivönum vopn og þyrlur

**BANDARÍKIN** Kínversk stjórnvöld hafa brugðist illa við fréttum af því að Bandaríkin ætli að selja Taivönum vopnabúnað og þyrlur, auk þess sem bæði herþotur og kafbátar gætu fylgt með í pakkanum.

Jason Yuan, sendiherra Taivans í Bandaríkjunum, skýrði frá þessu í yfirlýsingu sem opinber frétastofa Taivans birti.

Kínversk stjórnvöld hafa ekki viljað viðurkenna sjálfstæði Taivans og líta á öll pólitísk samskipti annarra ríkja við Taívan, hvað þá hernaðarstuðning, sem grófa ögrun. - gb



**KAUPMANNAHÖFN** Norrænum ríkisborgurum sem búsettir eru á Norðurlöndum utan föðurlandsins er í auknum mæli vísað úr landi, ef talið er að þeir geti ekki séð sér farborða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Íslendingar á bótum sendir til síns heima

Norrænum ríkisborgurum, sem búsettir eru á Norðurlöndum utan föðurlandsins, er í auknum mæli vísað úr landi ef talið er að þeir geti ekki séð sér farborða. Leyfi Íslendinga til dvalar í Danmörku hefur verið felld niður með þessum rökum.

**NORÐURLÖND** Dæmi eru um að Íslendingum sem þiggja bætur í Danmörku hafi verið skipað úr landi.

„Dvalarleyfi þitt í Danmörku er fallið niður og þú þarft þess vegna að fara úr landi... Ef þú gerir það ekki átt þú á hættu að vera vísað úr landi og refsað fyrir ólöglega dvöl í Danmörku“, segir í bréfi sem Íslendingur í Danmörku fékk á síðasta ári. Samkvæmt því bréfi sem sent var frá danska Útlendingaeftirlitinu hafði sveitarfélagið þar sem Íslendingurinn var búsettur gert Útlendingaeftirlitinu viðvart um að hann þægi framfærslustyrk. Bent er á í bréfinu að samkvæmt lögum megi Íslendingar dvelja án dvalarleyfis í landinu en einnig á að ákvæði í lögum um virkni á vinnumarkaði geri það kleift að vísa þessum einstaklingi úr landi.

Í frétt á heimasíðu Norðurlanda-

ráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, www.norden.org, kemur fram að fjölmörgum norrænum ríkisborgurum sem ekki geta séð sér farborða hafi verið vísað úr landi með dómsúrskurði. Aðallega sé um að ræða brottvísanir frá Danmörku en einnig frá Svíþjóð. Bent er á í fréttinni að í norræna sáttmálanum frá 1994 standi að allir Norðurlandabúar eigi rétt á að búa í öðru norrænu landi. Enn fremur segir að mörg þeirra mála sem upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar, Hallo Norden eða Halló Norðurlönd, hafi skráð séu erfið dómsmál þar sem túlkun á reglum virðist smám saman hafa orðið þrengri.

Alma Sigurðardóttir, verkefnastjóri Halló Norðurlönd á Íslandi, segist hafa haft spurnir af Íslendingum í Danmörku sem hafa fengið bréf þar sem réttur þeirra til dvalar er felldur niður vegna þess að þeir

þáðu bætur frá danska ríkinu. Hún segir dönsk sveitarfélög hafa mikið sjálfstæði og lög er varða Norðurlandabúa því túlkun misjafnlega á milli þeirra. Hún segir upplýsingar um hversu margir þetta séu ekki liggja fyrir.

Alma bendir á að þessar brottvísanir séu í mótsögn við reglur er kveða á um að Íslendingar þurfi ekki dvalarleyfi til að dvelja annars staðar á Norðurlöndum.

Enginn frá Norðurlöndum hefur verið sendur úr landi frá Íslandi á grundvelli þess að vera á framfæri félagslega kerfisins samkvæmt upplýsingum Útlendingastofnunar.

Norræna borgara- og neytendaneftindin hefur farið fram á það við ríkisstjórnir norrænu ríkjanna að fá nánari upplýsingar um þessi mál og ætla að fjalla um þau á fundi í apríl. sigridur@frettabladid.is

Ný þjónusta Fréttablaðsins:

## Hafin er birting æviminninga

**MINNING** Vegna fjölda áskorana býður Fréttablaðið nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins. Þær fyrstu birtast í dag á blaðsíðu 19.

Æviminningar eru greinar um látna einstaklinga, sem að formi til geta talist mitt á milli minningargreina og æviágripa. Með hverri grein má birta eina ljósmynd sem þarf ekki að vera andlitsmynd heldur getur með einhverjum hætti talist einkennandi fyrir hinn látna.

Upplýsingar um fyrirkomulag og verðlagningu fást í síma 512 5490 og 512 5495 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið timamat@frettabladid.is. - gb

Yfirvöld í Perú:

## Telja 22 hafa látist í flóðum

**PERÚ** Yfirvöld í Perú segja að 22 hafi týnt lífi í flóðum í kjölfar mikiðráðigningar í landinu undanfarna daga.

Tíu er saknað og rúmlega 40.000 íbúar hafa þurft að flýja heimili sín og leita skjóls í neyðarskjólum. Ástandið er einna verst í fjallahéraðinu Cuzco sem liggur í Andesfjöllum.

Stjórnvöld í Perú hafa undanfarna daga sent þyrlur til að flytja fjölda ferðamanna frá Machu Picchu, vinsælu ferðamannastað sem lokaðist af í flóðum og skriðföllum um síðustu helgi. - kg

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Skemmdi fimm bíla

Lögreglan í Reykjavík handtók í fyrrinótt mann um tvítugt, sem grundaður var um að hafa brotist inn í og skemmt fimm bíla á Hverfisgötu og Smiðjustíg.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**Nýr Rauðmagi**

**Glæný Línuýsa**

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Rannsóknarnefnd Alþingis býst við miklu álagi þegar skýrslan verður kynnt:

## Vefþjónn nefndarinnar við öllu búinn

**STJÓRNSÝSLA** Unnið hefur verið að því undanfarnar vikur að gera vef rannsóknarnefndar Alþingis viðbúinn miklu álagi sem búast má við að verði á honum þegar skýrsla nefndarinnar um bankahrunið verður gerð opinber. Sérstakur viðbúnaður tæknimanna verður fyrstu dagana eftir birtingu en vefurinn verður gæddur þeim eiginleikum að hægt verður að leita eftir efnisorðum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur skýrslu nefndarinnar verið frestað og er nú búist við því að hún verði birt í lok mánaðarins. Skýrslan verður gríðarlega umfangsmikil og er talið að hún geti jafnvel orðið tvö þúsund síður. Vart þarf að taka það fram að mikil eftirvænting og spenna ríkir í þjóðfélaginu eftir útgáfu skýrslunnar en starfsmenn nefndarinnar hafa lýst því yfir að engin nefnd hafi þurft að færa þjóðinni jafn svört tíðindi og þessi.

Skýrslan verður einnig prentuð og má reikna með að alþingismenn og fjölmiðlar fái hana. Páll Hreinsson, formaður nefndarinnar, vildi ekki gefa upp hvar hún yrði prentuð af öryggisástæðum. „Við



**STÓR NETÞJÓN** Undanfarna vikur hefur vinna staðið yfir við að undirbúa netþjón rannsóknarnefndar Alþingis vegna þess mikla álags sem verður á honum þegar skýrslan verður loks birt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

höfum verið spurð að því hverjir séu að prófarkalesa hana en það verður heldur ekki gefið upp,“ segir Páll í samtali við Fréttablaðið en skýrslan verður aðgengileg á netinu um leið og hún kemur út á prenti. - fgg



# Þorratilboð á þungum!

Nova þungum fylgir nú girnilegur þorrabakki fyrir tvo frá Nóatúni. Vertu í góðu sambandi á þorranum með 3G þung frá Nova.



Komdu við í næstu verslun Nova og fáðu 20% afsláttarmiða af þorrabakka fyrir tvo hjá Nóatúni.



## 3G þungur með áskrift

Þungur og 5 GB netnotkun

**1.990 kr.** á mán. í 12 mán.

+ 250 kr. greiðslugjald á mánuði greitt með kreditkort.

## 3G þungur með frelsi

Þungur

**9.990 kr.** og netáfylling.

2 GB: 1.490 kr. eða 5 GB: 2.490 kr.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	127,37 127,97
Sterlingspund	205,49 206,49
Evra	177,74 178,74
Dönsk króna	23,873 24,013
Norsk króna	21,602 21,73
Svænsk króna	17,340 17,442
Japanskt jen	1,4110 1,4192
SDR	197,81 198,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
233,2631  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

### Styrktartónleikar á Rosenberg: Blús fyrir Haítí

**TÓNLIST** Blúsfélag Reykjavíkur stendur fyrir blúskvöldi í kvöld á tónleikastaðnum Rosenberg. Er hugmynd tónleikahaldara að safna peningum fyrir Haítí og íslenskar björgunarsveitir. Sigurgeiri Guðmundssyni, formanni Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Blúsþrótti, verða afhentir peningarnir sem safnast og verður hann látinn um að koma þeim þangað sem mest er þörf.

Meðal þeirra sem koma fram eru Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson, Blúsþróttar, Strákarnir hans Sævars, Sólveig Þórðardóttir, einnig þekkt sem Solla soulfoul, og fleiri tónlistarmenn. - hhs

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn: Leggur fé í sjóð til loftslagsmála

**SVISS** Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skýrði frá því að sjóðurinn ætli að leggja 100 milljónir dala í sérstakan sjóð, sem notaður verður til þess að aðstoða fátæk ríki við að takast á við afleiðingar hlýnunar jarðar.

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember gagnrýndu fátæku ríkin þau ríki fyrir að veita þeim ekki næga fjárhagsaðstoð til þess að takast á við hlýnunina og afleiðingar hennar. - gb

### RÚSSLAND

#### Mótmæli brotin á bak aftur

Lögreglan í Rússlandi braut í gær á bak aftur mótmælafundi í Mosku og Pétursborg. Tugir mótmælenda voru handteknir, þar á meðal þekktir stjórnarandstæðingar á borð við Boris Nemtsov, Eduard Limonov og Oleg Orlov.

Ólga meðal almennings í Venesúela eftir ellefu ára valdatíð vinstri stjórna:

# Vaxandi andstaða við Chavez

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur átt í vaxandi vandræðum undanfarið. Mótmælum hvers konar hefur fjölgað gegn þessum harða vinstri manni sem lengst af ellefu ára valdatíð sinni átti miklum vinsældum að fagna meðal landsmanna.

Óánægjuþingurinn er mörg: mesta verðbólgan í Suður-Ameríku, ætíðari rafmagnsleysistímabil, vaxandi ofbeldi í glæpaheiminum og bankahneyksli sem tengist æðstu stjórn landsins.

Í síðustu viku streymdu dag eftir dag þúsundir manna út á götur í borgum landsins til að mótmæla lokun sjónvarpsstöðvarinn-



**BÚSÁHALDABYLTING AÐ HEFJAST?** Kona ber á pott í fararbroddi mótmæla í Caracas. Líklega þarf ekki að velkast í vafa um hvaðan fyrirmyndin að þessu formi mótmæla er fengin. FRÉTTABLAÐIÐ/A/E

ar RCTV, sem hafði ekki farið dult með andstöðu sína við forsetann. Þá sagði Ramon Carrizalez,

aðstoðarforseti og varnarmálaráðherra landsins, af sér í vikunni, en sagði ástæður afsagnarinnar reyndar vera persónulegar.

Verðbólgan í landinu er komin upp í 25 prósent þrátt fyrir ströng efnahagshöft og bitnar það illa á almenningi. Gengisfelling í janúar, sem ætlað var að auðvelda ríkinu að standa straum af nýjum útgjöldum, verður líklega til þess að hækka verðlagið enn frekar.

Ofan á allt saman hefur framleiðsla olíuöndunarins, sem er undirstaða ríkisútgjaldastefnu forsetans, dregist saman, að hluta til vegna þess að skort hefur á nýjar fjárfestingar í greininni. - gb

### Kínverji í Japan: Hírðist í níutíu daga á flugvelli

**JAPAN, AP** Kínverjinn Feng Zhengzhu, sem hefur barist ótúlega fyrir mannréttindum í Kína, yfirgaf alþjóðaflugvöllinn í Tókíó í gær eftir að hafa hafst þar við í nærri þrjá mánuði.

Síðan snemma í nóvember hafði hann neitað að yfirgefa flugvöllinn eftir að kínversk stjórnvöld höfðu neitað honum um að snúa aftur heim frá Japan.

Feng skipti um skoðun eftir að hafa rætt við fulltrúa kínverskra stjórnvalda, sem hittu hann á flugvöllinum í síðustu viku. Hann ætlað að snúa til Kína um miðjan febrúar og segist sannfærður um að fá leyfi til þess þá. - gb

# Buðu aflandsviðskipti fram að þroti

Straumur stundaði gjaldeyrisviðskipti með krónur á aflandsmarkaði eftir að höft voru sett hér fyrir rúmu ári. Áætlaður hagnaður fyrrum starfsmanna bankans hleypur á milljörðum. Enn á eftir að ræða við fyrirtækin, segir forstjóri FME.

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmenn Straums buðu íslenskum útflutningsfyrirtækjum upp á gjaldeyrisviðskipti á aflandsmörkuðum eftir að Alþingi samþykkti gjaldeyrishöft Seðlabankans í nóvember 2008 og þar til skömmu áður en hann fór í þrot í mars í fyrra. Tilboð bankans hljóðaði upp á tíu prósent hærra gengi en skráð var hjá Seðlabankanum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Dráfaður orðrómur var um ólögmæt gjaldeyrisviðskipti Straums í gegnum útibú hans erlendis eftir að gjaldeyrishöftin voru sett. Forsvarsmenn bankans vísuðu honum á bug og fór William Fall, þá forstjóri bankans, þess á leit við Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið að þau tækju gjaldeyrisviðskiptin til sérstakrar skoðunar fyrir ári.

Líkt og fram hefur komið eru fjórmenningarnir, sem grunaðir eru um ólögmæt gjaldeyrisviðskipti fyrir um níutíu fyrirtæki og einstaklinga, fyrrum starfsmenn Straums. Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra gerði húslit á fjórum heimilum og einni starfsstöð í tengslum við málið á föstudag og yfirheyrði fjórmenningana fram yfir miðnætti sama dag.

Mennirnir eru allir búsettir í Bretlandi en störfuðu hjá miðunarfyrirtækinu Aserta AB, sem skráð er í Svíþjóð. Grunur leikur á að þeir hafi tekið við erlendum tekjum íslenskra fyrirtækja þar og keypt fyrir hann krónur í staðinn. Gengi krónunnar var allt að fjóru-



**RANNSÓKNIN KYNNT Á FÖSTUDAG** Ingibjörg Guðbjartsdóttir frá Seðlabankanum, Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, og Gunnar Andersen, forstjóri FME, fræddu blaðamenn um Aserta-málið fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

tíu prósentum lægra þar en hjá Seðlabankanum á þeim tíma sem grunur leikur á að gjaldeyrisviðskiptin hafi átt sér stað.

Gjaldyrisviðskiptin fóru meðal annars fram í gegnum Bretland, Kanada og Lúxemborg en krónurnar komu inn í landið í gegnum reikning hjá Arion banka. Upp komst um málið eftir að Seðlabankinn setti regluvörð í bankann í nóvember í fyrra til að fylgjast með innflæði á krónum af erlendum reikningum. Seðlabankinn sendi málið til Fjármálaeftirlitsins (FME), sem kærði málið til ríkislögreglustjóra.

Veltn á reikningum Aserta nam 48 milljörðum króna á tímabilinu sem er til rannsóknar. Þar af komu þrettán milljarðar inn í landið.

„Við vitum ekki hversu margir milljarðar eru enn erlendis,“ segir Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Hann bendir á að búið sé að kyrrsetja tvö hundruð milljónir króna af áætluðum hagnaði viðskiptanna. Ekki sé útilokað að upphæðin hækki enda áætlaður hagnaður allt frá einum til fimm milljarða króna, að sögn Gunnars.

Enn eigi eftir að ræða við viðskiptavinum Aserta, að sögn Gunnars. jonab@frettabladid.is

### Afríkusambandið: Gaddafí ekki lengur í forsvari

**EPÍOPIA, AP** Á árlegum leiðtoga-fundi Afríkubandalagsins var Bingu wa Mutharika, forseti Mal-



**MOAMMAR GADDAFÍ**

aví, kosinn leiðtogi bandalagsins.

Moammar Gaddafí, hinn skrautlegi leiðtogi Líbíu, er því ekki lengur leiðtogi Afríkubandalagsins, en undanfarið ár hefur hann farið með það

embætti við mismikla hrifningu Afríkubúa jafnt sem annarra.

Embættið skiptist á milli leiðtoga aðildarríkja Afríkubandalagsins og er árlega kosið í embættið.

Kosning Gaddafís í embættið fyrir ári sætti harðri gagnrýni. - gb

### Yfirvöld á Haítí: SOS-barnaþorp hýsi börnin

**HAÍTÍ** Yfirvöld á Haítí óskuðu á laugardag eftir aðstoð SOS-barnaþorpanna við að tryggja öryggi 34 barna sem reynt hafði verið að smygla úr landi. Þetta kemur fram á heimasíðu SOS-barnaþorpanna.

Um tíu Bandaríkjamenn voru stöðvaðir með börnin, sem voru á aldrinum þriggja mánaða til tólf ára, þegar þeir reyndu að koma þeim yfir til Dóminíska lýðveldisins án tilskilinna leyfa.

Bandaríkjamennirnir tengjast samtökunum New Life - Children Refuge. Þeir halda því fram að ætlan þeirra hafi verið að flytja börnin á munaðarleysingjahæli í Dóminíska lýðveldinu. - lg

**ÖLL VERÐ ERU BESTU VERÐ**

**Handklæðafornar**

VERÐ 13.900 KR.

Hitastýrt sturtuset með öllu

VERÐ 9.900 KR.

**LAGERSALAN – Dalvegi 16b, Kópavogi.**  
Opíð virka daga 12-18 og laugardaga 10-14. S. 555 6275

**VEÐURSPÁ**

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**ÚRKOMULÍTIÐ** Þótt það falli lítils háttar el sums staðar á landinu næstu daga er ekki hægt að segja annað en að á heildina lítið verði úrkomulítið og jafnvel nokkuð bjart. Það bætir í vind með suðurströndinni á morgun en annars verður fremur hægur vindur víða næstu daga.

Á MORGUN Strekkur með S-strönd annars hægari.

MÍÐVIKUDAGUR Strekkur með S-strönd annars hægari.

**HEIMURINN**

Alicante	14°
Basel	5°
Berlín	0°
Billund	-1°
Eindhoven	5°
Frankfurt	0°
Friedrichshafen	-4°
Gautaborg	0°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	22°
London	5°
Mallorca	11°
New York	5°
Orlando	21°
Ósló	-13°
París	5°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.







## KJÖRKASSINN



Viltu að rannsóknarnefnd verði látin kanna ákvörðun íslenskra stjórnvalda um stuðning við Írakstríðið?

Já	59,8%
Nei	40,2%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð/ánægður með bronsstrákana okkar?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Tíu Bandaríkjamenn handteknir á landamærum Haítí með 33 börn:

## Segjast vilja hjálpa börnunum

**HAÍTÍ, AP** Tíu Bandaríkjamenn reyndu að flytja 33 börn í rútu yfir landamærin til Dóminíska lýðveldisins, en voru handteknir á föstudagskvöld áður en hópurinn komst úr landi.

Bandaríkjamennirnir segjast hafa ætlað að flytja börnin á hótél í Dóminíska lýðveldinu, sem verið sé að breyta í munaðarleysingjahæli fyrir hundrað börn frá Haítí.

Bandaríkjamennirnir voru hins vegar ekki með tilskilda pappíranna meðferðis. Stjórnvöld á Haítí hafa lagt mikla áherslu á að fara varlega í að leyfa ættleiðingar og brottflutning á börnum af ötta við að börn, sem hafa misst foreldra



Í FANGELSINU Blaðmenn fengu að ræða við þrjár konur úr hópi hinna handteknna Bandaríkjamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sína eða misst samband við þá í kjölfar jarðskjálftans, séu óvenju auðveld bráð fyrir glæpamenn sem reyna að selja börn til ættleiðingar

eða kynlífsprælkunar. Bandaríkjamennirnir tíu eru baptistar og segjast ekki hafa neitt illt í huga. Þeir hafi ekki greitt fé fyrir börnin, heldur fengu þau fyrir milligöngu prests á Haítí.

Silsby, kona úr hópi hinna handteknna Bandaríkjamanna, var spurð hvort það hafi ekki verið vanhugsað hjá þeim að reyna að flytja börnin úr landi án rétttra pappíra, einmitt nú þegar varað er við hættunni á mansali og smygli á börnum. Hún sagðist ekki hafa fylgst með fréttum meðan hún hefur verið á Haítí.

„Við erum engan veginn þátttakendur í slíku. Það er einmitt slíkt sem við erum að berjast gegn.“ - gb

Átök í Pakistan:

## Leiðtogi talibana fallinn

**PAKISTAN, AP** Hakimullah Mehsud, leiðtogi talibanahreyfingarinnar í Pakistan, er talinn hafa látist af völdum áverka sem hann hlaut í loftárás um miðjan janúar.

Lát hans myndi teljast töluverður sigur bæði fyrir stjórnvöld í Pakistan, sem hafa barist af hörku gegn talibönnum, og fyrir bandarísk stjórnvöld, sem kenna Mehsud meðal annars um sprengjuárás á bandaríska leyniþjónustumenn í Afganistan nýverið.

Forveri hans lést einnig í loftárás í Pakistan fyrir tæplega hálfu ári.

- gb

**IMOGAZE®**  
gegn uppþembu og lofti í maga

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáttar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en 10 daga. Ef einkennum eru viðvarandi eða fara versandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfnsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Öggleið, hægðatregða og ofnæmsviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjab er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

**FLÓRA ÍSLANDS**

Nú fer fánlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip. Tryggðu þér eintak í tíma.

**CRYMOGEA**  
—fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

**TOYO TIRES**

**Harðskeljadekk**

Meira grip - umhverfisvæn - hljóðlát - endingargóð

**NESDEKK**

Bilabúð Benna

Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is  
Nesdekk - Fiskislóð - sími 561 4110 / Nesdekk - Reykjanesbæ - sími 420 3333

# Tannheilsu íslenskra barna hrakar stöðugt

Tannheilsa íslenskra barna er afar slæm í samanburði við önnur börn á Norðurlöndum. Má meðal annars rekja það til stöðugt lækandi endurgreiðsluhlutfalls ríkisins. Árleg tannverndarvika hefst í dag. Sjónum sérstaklega beint að börnum.

**TANNVERND** Fyrsti dagur árlegrar tannverndarviku er í dag. Í ár verður sjónum sérstaklega beint að börnum. Ekki er vanþörf á því, en rannsóknir sýna að tannheilsa íslenskra barna er mun verri en annarra barna á Norðurlöndum.


„Undanfarið höfum við horft upp á að tannheilsu íslenskra barna hrakar verulega og það er sérstaklega sorglegt að á sama tíma eru heimtur barna til tannlækna að skila sér mjög illa,“ segir Helgi Hansson barnatannlæknir. Hann segir helstu ástæðurnar sem tannlæknar sjái fyrir því að endurgreiðsluhlutfall ríkisins hafi jafnt og þétt lækkað. Tannheilsa barna hafi orðið illilega fyrir barðinu á niðurskurðarhnifnum.

Helgi segir mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um nauðsyn þess að mæta með börn í reglubundna skoðun til tannlækna. „Það eru margir foreldrar sem standa sig vel í þessu. Aftur á móti eru þeir of margir sem draga það og sleppa því jafnvel alveg og lenda svo í vítahring síðar.“

Þá komi það tannlæknum á óvart að foreldrar mæti jafnvel ekki með börn sín í fría forvarnskoðun, sem öll börn á aldrinum þriggja, sex og tólf ára eiga rétt á. „Það kemur aftan að okkur að heimtuhlutfallið gæti verið mun betra í þeim tilfellum þegar skoðunin er frí.“

Helgi segir það tiltölulega einfalt verkefni að bæta tannheilsu barna. Þau eigi að borða minni sykurlæsi og bursta tennurnar kvöld og morgna. „Ef við bara gætum bætt þessu tvö atriði gætum við bætt tannheilsu barna til muna. Sérstaklega höfum við tannlækna verið að benda á þennan falda sykurlæsi. Margir borða sætindi sex daga vikunnar og nammi á nammi-dögum. Það er nefnilega fleira sætindi en nammi, til dæmis margir drykkir, kókur og margar tegundir af morgunkorni.“

Í tilefni af tannverndarvikunni hefur Lýðheilsustöð gert lifandi



**BARN BURSTAR** Tannlæknar hafa verulegar áhyggjur af því að tannheilsu íslenskra barna hefur hrakað verulega á undanföllum árum.

myndefni um umhirðu barnatanna, fyrir foreldra og aðra ástandendur barna. Það má nálgast á vef Lýðheilsustöðvar, á slóðinni <http://www.lydheilsustod.is/utgafa/lifandi-efni/tannvernd/>. Efnid verður einnig gefið út á DVD-diski.

holmfridur@frettabladid.is

Kaup á erlendri sérfræðipjónustu keyrði upp kostnað þrotabús Landsbankans:

## Kostnaðurinn ásættanlegur

**VIÐSKIPTI** Páll Benediktsson, talsmaður skilaneftndar Landsbanka, segist ekki hissa á háum kostnaði við skilaneftnd bankans. Fram kom í Fréttablaðinu á laugardag að kostnaðurinn hafi numið 11,5 milljörðum króna í fyrra og var hann hærri en hjá skilaneftndum Glitnis og Kaupþings.

Páll segir það skýrast af meiri umsvifum skilaneftndar erlendis og kaupa á sérfræðipjónustu þar en hinna bankanna.

„Erlendu kröfuhafarnir vilja að stór alþjóðleg félög í fjármálastrafsemi taki þátt í vinnu búisins. Mikil vinna erlendra sérfræð-



PÁLL BENEDIKTSSON

inga var lögð í uppskiptin á eignum milli gamla og nýja Landsbankans. Þeirri vinnu lauk undir lok síðasta árs og því má búast við að erlendu sérfræðikostnaður lækki verulega,“ segir Páll og bendir á mikilvægi þess að skoða skiptakostnað við stór erlend þrotabú, svo sem Lehman Brothers, sem sé mun hærri þótt búið þar sé minna. „Þá sjá menn að kostnaður skilaneftndar Landsbankans er mjög ásættanlegur,“ segir Páll og bendir á að kostnaðurinn hér á landi sé sambærilegur við hinar skilaneftndirnar.

- jab



# ÚTSALA

enn meiri verðlækkun

25%-40%  
afsláttur



Afar vönduð  
Borðstofuhúsgögn



Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber, tekk og hnota  
Hönnuður: Per Hansbæk



## Hornsófar

Eitt mesta úrval landsins af ítölskum og íslenskum hornsófum



### Italsofa

Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri  
Verð áður kr. 572.000.- Verð nú **kr. 429.000.-**

### Italsofa



Vandaður hornsófi með nautaleðri og skemlum

Verð áður kr. 719.000.-  
Verð nú **kr. 539.000.-**

### Italsofa



Vandaður tungusófi / svefnsofi

Verð áður kr. 492.000.-  
Verð nú **kr. 369.000.-**

### Italsofa



Vandaður hornsófi með nautaleðri

Verð áður kr. 559.000.-  
Verð nú **kr. 419.000.-**



Tilboðsverð  
**kr. 389.000.-**



Tilboðsverð  
**kr. 39.000.-**

## Sígild húsgögn

sófar og hornsófar  
í miklu úrvali



Tilboðsverð  
**kr. 29.000.-**



Tilboðsverð  
**kr. 53.000.-**

Náttborð/kommóða  
Breidd: 50 cm - Dýpt: 30 cm  
Hæð 74 cm

Kommóða 5 skúffur  
Breidd: 76 cm - Dýpt: 36 cm  
Hæð 86 cm

### Úrval af slökunarstólum

Með leðuráklæði eða tauí og skemlum - Margir litir



Tilboðsverð m/ákl  
**kr. 85.000.-**

Tilboðsverð m/leðri  
**kr. 119.000.-**



Tilboðsverð  
**kr. 119.000.-**

Rokkóstóll  
með slitsterku áklæði

## Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

www.valhusgogn.is



**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hversu marga bíla þarf Toyota að innkalla hér á landi vegna galla í eldsneytisgjöf?

2. Hvað nefnist nýr útvarpsþáttur Þessa á Rás 2 sem er á dagskrá eftir miðnætti á mánu-dagskvöldum?

3. Hvar verður Edduverðlauna-hátíðin haldin í ár?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Bandaríkjaforseti fer óhefðbundna leið til að tryggja stuðning við loftslagsúrræði:

## Obama vill stórefla kjarnorkuvinnslu

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að stórefla kjarnorkuvinnslu vestra, að því er virðist meðal annars til þess að fá bæði repúblikana og hægrisinnaða demókrata til liðs við áform sín í orku- og loftslagsmálum.

Í stefnuræðu sinni, sem Obama flutti í síðustu viku, sagðist hann ætla að draga úr atvinnuleysi meðal annars með því að stórauka vinnslu hreinna orkugjafa á borð við kjarnorku.

Tuttugu prósent af raforku í Bandaríkjunum eru nú fengin frá 104 kjarnorkuverum í 31 af hinum 50 ríkjum Bandaríkjanna. Þessi tuttugu prósent eru hins vegar heil sjötíu prósent af þeirri hreinu orku, sem framleidd er

í landinu – og er þá átt við orkugjafa sem ekki senda frá sér gróðurhúsalofttegundir sem valda hlýnun jarðar.

Í kosningabaráttu sinni sagðist Obama styðja vinnslu kjarnorku, en þó með þeim fyrirvörum að erfitt sé að eiga við kjarnorkuúrgang auk þess sem ríkið þurfi að kosta miklu fé til þess stuðnings við byggingu kjarnorkuvera.

Þeir fyrirvarar eru enn fyrir hendi, en á þessu ári hyggst hann verja milljörðum dala úr ríkissjóði í byggingu nýrrar kynslóðar kjarnorkuvera.

Með þessu úrræði gæti hann átt auðveldara með að vinna fylgi hægrimanna við aðgerðir í loftslagsmálum.



**BARACK OBAMA** Hyggst verja milljörðum dala til að reisa ný kjarnorkuver. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Kötlusetur

Rannsókn- og fræðasetur - Menningarmiðstöð

Kynningarfundur um Kötlusetur verður haldinn miðvikudaginn 3. febrúar n.k. í félagsheimilinu Leikskálum í Vík og hefst kl. 20:00.

Dagskrá:

**Sveinn Pálsson**

Setning

**Gísli Sverrir Árnason**

Kötlusetur – samantekt og tillögur

**Ragnhildur Sveinbjarnardóttir**

Geopark (Jarðminjagarður)

**Steingerður Hreinsdóttir**

Háskólafélag Suðurlands – Kötlusetur

**Umræður**

Allir eru velkomnir.



## Lést í slysi á Langjökli

Mæðgin féllu niður í djúpa jökulsprungu í jeppaferðalagi. Konan var úrskurðuð látin þegar tekist hafði að flytja hana upp úr sprungunni en líðan drengsins er eftir atvikum góð. Aðstæður eru hættulegar á íslenskum jöklum.

**SLYS** Kona lést þegar hún féll ásamt sjö ára syni sínum niður í djúpa sprungu á vestanverðum Langjökli á laugardag. Hún var 45 ára gömul. Drengurinn var fluttur með þylru Landhelgisgæslunnar á gjörgæsludeild Landspítalans, en útskrifaðist þaðan yfir á barnadeild í gærkvöldi. Líðan hans er eftir atvikum góð.

Mæðginin voru í hóp sem var í jeppaleiðangri á Langjökli og átti slysið sér stað norðaustan við Geitlandsjökul. Ásgeir Kristinsson, félagi í Björgunarfélagi Akraness og vettvangsstjóri á slysstað, segir einn bílinn í hópnum hafa lent með annað framhjólíð í sprungu. Við það hafi förin verið stöðvuð og mæðginin stigið út úr bílnum. Í framhaldi af því hafi þau svo hrapað á þriðja tug metra niður í sprunguna.

Björgunarsveitir fengu útkall um slysið um klukkan 13 og voru báðar þylur Landhelgisgæslunnar sendar á vettvang. Fyrstu björgunarmenn voru komnir á staðinn um klukkustund síðar.

Ásgeir segir að björgunarmenn hafi farið einn af öðrum niður um þrönga sprunguna með línu til að ná til mæðginanna. Drengurinn var með meðvitund og náði sam-



**FRÁ SLYSSTAÐ** Aðgerðin tók tæplega fimm klukkustundir.

MYND/LANDHELGISGÆSLAN

bandi við björgunarmenn, sem Ásgeir segir hafa hjálpað til.

Konan var úrskurðuð látin þegar tekist hafði að flytja hana upp úr sprungunni. Alls tók aðgerðin tæplega fimm klukkustundir og að henni komu rúmlega hundrad manns.

Að sögn Ásgeirs eru aðstæður

á íslenskum jöklum afar sérstakar þessa dagana. „Kannski er það ekki öllum ljóst, en það er mjög lítilill snjór og faldar sprungur. Það á ekki bara við slysstaðinn heldur eru aðstæður svona mjög víða.“

Ekki er unnt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöddu.

kjartan@frettabladid.is

## Læstu felgunum þínum!

Þú færð lása fyrir felgurnar þínar hjá Hjólbarðapjónustu N1

Bíldshöfða 2	Reykjavík	Langatanga 1a	Mosfellsbæ
Réttarhálsi 2	Reykjavík	Reykjavíkurvegi 56	Hafnarfirði
Fellsmúla 24	Reykjavík	Dalbraut 14	Akranesi
Ægisíðu 102	Reykjavík	Grænásbraut 552	Reykjanesbæ

N1

Verð frá 3.990 kr.



SÍMI 440 1000  
WWW.N1.IS

Meira í leiðinni



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR** Fjórir börðust um annað sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík og stóð Oddný uppi sem sigurvegari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lítil áhugi fyrir prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík:

## Oddný var örugg með annað sætið

**PRÓFKJÖR** Einungis 34 prósent þeirra sem voru á kjörskrá Samfylkingarinnar í prófkjöri flokksins í Reykjavík greiddu atkvæði, eða 2.656 af 7.874 manns. Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir þetta ekki koma á óvart, enda hafi lítil spenna verið fyrir prófkjörinu þar sem Dagur B. Eggertsson bauð sig einn fram í fyrsta sætið. Dagur hlaut 83 prósent atkvæða, eða 2.208.

Oddný Sturludóttir hafnaði í öðru sæti með 959 atkvæði í 1.-2. sæti en fjórir börðust um 2. sætið. Þar á meðal Björk Vilhelmsdóttir, sem hafnaði í þriðja sæti.

Hjálmar Sveinsson hafnaði í fjórða sæti og Bjarni Karlsson

í því fimmta en þeir voru báðir að bjóða sig fram í fyrsta sinn. „Þetta er góð kosning fyrir nýliðana. Þarna kemur endurnýjunin inn hjá Samfylkingunni,“ segir Gunnar Helgi. Hjálmar hafi lítið í sér heyrna um hvernig borgarumhverfi eigi að vera, í útvarpi og öðrum fjölmiðlum, sem gæti hafa haft áhrif á góða útkomu hans.

Dofri Hermannsson hafnaði í sjötta sæti en hann sóttist eftir 2.-3. sæti. Sigrún Elsa Smáradóttir kom verst út úr prófkjörinu en hún sóttist eftir 2. sætinu og hafnaði í 7. sæti.

Margrét K. Sverrisdóttir hafnaði í áttunda sæti.

- hhs



**RISA**

**SÍÐUSTU  
DAGAR!**

# UTSALA BEKKJUNNAR

**30 TIL  
70%  
AFSLÁTTUR**



**KING KOIL HEILSURÚM**  
(Queen Size 153x203)  
**35%  
AFSLÁTTUR**  
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.  
NÚ FRÁ 99.712 kr.



**SVEFNSÓFAR**  
**30%  
AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá  
104.860 kr.

**HEILSUKODDAR**  
**30%  
AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá  
5.915 kr.



**SÆNGURFÖT**  
**30%  
AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá  
4.830 kr.

ATH! Myndirnar eru aðeins til hlýðsýningar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.



**rekkjan**





**LISTAVERK Á SÝNINGU** Sýningargestur virðir fyrir sér stóra stytta af nokkum manni eftir ástralska listamanninn Ron Mueck á sýningu í Melbourne.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upplýsingar um hluthafa 365 miðla verða gefnar upp eftir hlutafjárukningu:

## Ekki rætt um skráningu á markað

**VIÐSKIPTI** Eiginfjárlutfall 365 miðla mun riflega tvöfaldast gangi hlutafjárukning fyrirtækisins upp á einn milljarð króna eftir. Málið verður tekið fyrir á hluthafafundi fyrirtækisins í fyrramálið.

Fyrir liggja hugmyndir um að skipta hlutafé 365 miðla í A-hluta, sem ber atkvæðarétt, og B-hluta, sem er án atkvæðaréttar en nýtur forgangs 25 prósent nafnverði arðgreiðslna. Hlutaféð skiptist í áður nefnd hlutföll.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið, segir féð tryggt. Eignarhald og skipting á eignahlutum verði að vera gefin upp eftir hluta-

fjárukninguna fyrir 1. apríl næstkomandi.

Hann segir núverandi eigendur og aðila þeim tengdum á meðal þeirra sem leggi til hlutafé í A-hluta. Stærsti hluthafi fyrirtækisins er Jón Ásgeir Jóhannesson. Utanaðkomandi fjárfestar muni líklega tryggja sér forgangsbréfin í B-hluta. „Þetta er algengt fyrirkomulag hjá erlendum fjölmiðlafélögum,“ segir hann og vísar til bandaríska stórblaðsins Wall Street Journal, sem skiptir hlutafé sínu með sambærilegum hætti.

Ekki hefur verið rætt um skráningu félagsins á markað á ný, að sögn Ara.

- job



**ARI EDWALD** Rætt verður um skiptingu á hlutafé 365 miðla og aukningu hlutafjár í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samfylkingin í Hafnarfirði:

## Kjörnefnd telur atkvæðin aftur

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Rúnar Árnason varð í fyrsta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Hafnarfirði sem fram fór á laugardag. Guðmundur Rúnar hlaut 519 atkvæði í fyrsta sæti. Í öðru sæti varð Magrét Gauja Magnúsdóttir bæjarfulltrúi, Gunnar Axel Axelsson í þriðja og Eyjólfur Þór Sæmundsson í því fjórða. Lúdvík Geirsson bæjarstjóri hlaut 905 atkvæði í fyrsta til sjötta sæti. Hann bauð sig fram í sjötta sæti.

Alls greiddu 1.127 atkvæði í prófkjöri en 2.150 voru á kjörskrá. Kjörnefnd ætlar að telja atkvæðin aftur til staðfestingar.

- kh

Prófkjör D-lista í Hafnarfirði:

## Valdimar náði efsta sætinu

**PRÓFKJÖR** Valdimar Svavarsson hagfræðingur sigraði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði sem fór fram á laugardag. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi og fyrrverandi fréttamaður, hafnaði í öðru sæti.

Valdimar hlaut 460 atkvæði í fyrsta sætið en Rósa 458 og því munaði einungis tveimur atkvæðum á þeim. Rósa fékk 141 atkvæði í annað sætið en Valdimar 86. Í heildina hlaut Rósa 869 atkvæði og Valdimar 795. Á kjörskrá voru 3.593 manns. Atkvæði greiddu 1.224.

Samfylkingin í Kópavogi:

## Guðríður hlaut afgerandi kosningu í Kópavogi

**PRÓFKJÖR** Guðríður Arnardóttir náði efsta sætinu í forvali Samfylkingarinnar í Kópavogi sem fram fór á laugardaginn. Guðríður var ein í frambóði í fyrsta sætið og hlaut 87,4 prósent atkvæða.

Í öðru sæti hafnaði Hafsteinn Karlsson, Pétur Ólafsson í þriðja sæti, Elfur Logadóttir í fjórða og Margrét Júlía Rafnsdóttir í fimmta sæti. Kosnið var um sex efstu sæti listans.

# Mikill skortur á dagforeldrum

Dagforeldrum hefur fækkað síðustu mánuði. Leikskólasvið leitar að fólki til starfa í miðbænum. Alls eru 164 dagforeldrar að störfum en voru 188 árið 2007. Talsmaður segir dagforeldra vanta um alla borg.

**MENNTUN** Leikskólasvið hefur beint tilmælum til þjónustumiðstöðva í 101, 105 og 107 Reykjavík, það er Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum, um að finna dagforeldra til starfa.

Samkvæmt upplýsingum frá sviðinu eru alls sjötíu laus pláss í borginni, sem fækkar dag frá degi, en ekkert þeirra er í miðbænum.

„Ég skil vel að það sé erfitt fyrir foreldra í Vesturbæ að fara upp í Breiðholt eftir dagforeldrum og við höfum brugðist við þessari aukningu með því að biðja um að það sé haft samband við fyrrverandi dagforeldra og auglýst eftir þeim, til dæmis í hverfablöðum,“ segir Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri leik-

skólasviðs. Nokkur pláss séu laus í Laugardal, en þar þurfi líklega að auglýsa líka.

Engin miðlæg skrá heldur utan um hversu margir hafa sótt um dagvistun í þessum hverfum, og þar með hversu margir eru á biðlista, enda halda dagforeldrar sínar eigin skrár.

Síðastliðið haust var lítil spurn eftir lausum plássum hjá dagforeldrum í Reykjavík. Fullmannað var á leikskólum og metfjöldi barna komst inn á þá. Við þessar aðstæður fækkaði dagforeldrum. Ofan á bætist að um áramótin lækkuðu borgaryfirvöld svokallaða þjónustutryggingu, eða heimgreiðslur; fé til foreldra sem ekki fara með börn sín á leikskóla eða til dagforeldra.

„Og það hefur aldrei verið hringt jafn rosalega mikið og núna um áramótin, ekki síðan ég byrjaði fyrir níu árum,“ segir Ólöf Lilja Sigurðardóttir, stjórnarmaður í Barnavistun, félagi dagforeldra.

Í áruna rás hafi ástandið alltaf verið erfiðara í miðbænum en í úthverfum: „En núna vantar alls staðar.“

Ólöf kveður heimgreiðslur hafa spilt mikið fyrir og verið lækkadar of seint: „Ef þær hefðu ekki verið væru sennilega mun fleiri dagforeldrar að störfum í dag,“

segir Ólöf, sem efast um að dagforeldrarinn snúi aftur „þótt það sé allt vitlaust að gera“.

Ragnhildur Erla efast um að þessar greiðslur séu rót vandans.

Á þenslutímum sé einfaldlega erfiðara að fá fólk á leikskólana. Þá sé eftirspurnin meiri hjá dagforeldrum, sem fjölgi.

klemens@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÓLÖF LILJA SIGURÐARDÓTTIR** ÁSAMT BÖRNUNUM í nóvember og fram til áramóta var lítið sem ekkert að gera hjá dagforeldrum og margir þeirra hættu störfum. Nú er „allt vitlaust“ segir Ólöf en leikskólasvið segir eftirspurnina bundna við miðbæinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**THULE**  
SWEDEN

Stilling  
50 ára

# Skíðabox



Stilling hf. • Sími 520 8000  
www.stilling.is • stilling@stilling.is

**Stilling**

Ísraelar játa hvorki né neita morði í Abú Dabí:

## Háttsettur Hamas-liði sakaður um vopnasmygl

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld hafa hvorki játað því né neitað að hafa látið myrða Mahmoud al-Mabhouh á hótélherbergi í Abú Dabí 20. janúar síðastliðinn.

Þau héldu því þó fram í gær að al-Mabhouh hafi verið lykilmáður í vopnasmygli frá Íran til herskárra Palestínumanna á Gasaströnd. Ísraelar hafa allnokkrum sinnum verið sakaðir um að taka andstæðinga sína af lífi án dóms og laga hvar sem til þeirra næst.

Al-Mabhouh var einn af stofnendum hernaðararms Hamas-samtakanna, sem fara með völd á Gasasvæðinu sem Ísraelar halda í nánast algerrri einangrun.

Hann var eftirlýstur í Ísrael

fyrir aðild sína að ráni og morði á tveimur ísraelskum hermönnum árið 1989.

Hamas-samtökin hafa fullrytt að Ísraelar beri ábyrgð á morðinu, en stjórnvöld í Abú Dabí segja að „klíka atvinnuglæpamanna“ með evrópsk vegabréf hafi líklega staðið að morðinu.

Misvísandi frásagnir hafa borist af því hvernig hann var myrtur. Tatal Nassar, fjölmiðlafulltrúi Hamas í Damaskus, sagði að honum hafi verið byrjað eitru og síðan hafi hann hlotið raflost, en Hussein, bróðir al-Mabhoubs, segir að hann hafi látist af völdum bæði raflosts og köfnunar þegar klæði var haldið að vitum hans.

- gb



SÍÐUSTU DAGAR – ENN MEIRI AFSLÁTTUR

# ÚTSALA

Allt að  
**70%**  
afsláttur  
af völdum  
vörum



10.000 kr. vöruúttekt  
fylgir hverju heilsurúmi

Gaflar og náttborð  
Skipti dýnur  
Gólfmottur  
Útlitsgallaðar dýnur  
Lampar og loftljós  
og margt fleira



Gallaðar dýnur  
Freyja 160x200 cm  
með leðurbotni  
nú kr. 89.900  
áður kr. 119.880  
Takmarkað magn



## IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

ÍSLENSK HÖNNUN



Íslenskir botnar  
og höfuðgaflar  
Íslensk framleiðsla



Baldursnesi 6

AKUREYRI

## Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

3 mán.  
vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opíð virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)



Undirritun rammisamnings um byggingu koltrefjaverksmiðju á Akureyri:

## 10 milljarðar í þróun og framkvæmd

**ÍDNADUR** Rammisamningur milli Akureyrarbæjar og Stroks Energy ehf. var undirritaður á Akureyri í síðustu viku. Samningurinn kveður á um að koma á fót koltrefjaverksmiðju á Akureyri, fyrstu sinnar tegundar á landinu. Akureyrarbær leggur til lóð á Rangárvöllum við rætur Hlíðarfjalls, nálægt höfuðstöðvum Norðurorku.

Staðsetning verksmiðjunnar býður upp á endurnýtingu metangass sem unnið verður úr sorphaugum Akureyrar á Glerárdal og sýna mælingar fram á að þaðan sé hægt að vinna nægilegt magn gass til verksmiðjunnar næstu tuttugu árin. „Þetta er besta staðsetning

til stóriðju af þessu tagi á landinu,“ segir Eyþór Arnalds, framkvæmdastjóri Stroks. „Þetta er vissulega stórt og mikið verkefni, en það er mikilvægt að gera Ísland að áhuga-verðum fjárfestingarkosti að nýju fyrir erlenda aðila.“

Enn er ekki komin kostnaðaráætlun fyrir verkefnið, en gróflega er reiknað með 10 milljörðum króna í þróunavinnu og framkvæmd verksmiðjunnar. „Þetta er spennandi verkefni og mikilvægt fyrir Akureyrarbæ að auka fjölbreytni og framboð á vinnumarkaðnum,“ segir Hermann J. Tómasson, bæjarstjóri Akureyrar, en verksmiðjan gæti skapað hátt í 100 störf. -sv



**SAMIÐ UM VERKSMIÐJUNA** Hermann J. Tómasson bæjarstjóri og Eyþór Arnalds, framkvæmdastjóri Stroks Energy, undirrita rammisamning um byggingu koltrefjaverksmiðju á Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ/SUNNA

## Reykjavík verði gerð að alvöru hjólaborg

Samkvæmt hjólréiðaráætlun sem samþykkt hefur verið í borgarstjórn á að fimmfalda hjólaleiðir í Reykjavík á næstu fimm árum. Milljarðar sparast ef hjólið verður fyrir valinu í stað bílsins, segir í áætlun starfshóps borgarinnar.

**SAMGÖNGUR** „Heildarmarkmið áætlunarinnar er að gera Reykjavík að framúrskarandi góðri hjólaborg,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks og formaður starfshóps um hjólréiðaráætlun sem samþykkt hefur verið í borgarstjórn. „Reykjavík hefur mjög margt til þess að bera að verða góð hjólaborg,“ segir Gísli



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

sem bendir á til dæmis að borgin sé ekki mjög hæðótt, auðvelt sé að ferðast meðfram strönd hennar, götur séu tiltölulega breiðar sem gefi svigrúm til að bæta við hjólastígum og veðurfar sé gott fyrir hjólréiðafólk meirihluta ársins.

Hjólréiðaráætlunin er ekki komin í formlegt ferli þannig að ekki hefur verið lagt mat á kostnað við gerð hjólastíga. Gísli Marteinn bendir hins vegar á að kostnaður við að leggja hjólastíg sé brotabrot af lagningu vega og takist það markmið að fá fleiri Reykvikinga á hjólhestinn í stað bifreiða þá verði minna slit á vegum borgarinnar.

Ýmsar athyglisverðar upplýsingar og tölur er að finna í áætluninni. Til að mynda kemur þar fram að heildarkostnaður vegna reksturs hjóls á ári hverju teljast vera 9.000 krónur. Heildarkostnaður vegna reksturs bíls er 900.000 þúsund, munurinn eru 891.000 krónur. Bent er á að ef að tíu prósent aukning verði á hjólréiðum á kostnað ökuferða sparist níu milljarðar í rekstrarkostnaði reykvikra heimila.

Gísli Marteinn segir kannanir hafa leitt í ljós að Reykvikingar hafi áhuga á að bæta aðstöðu til hjólréiða í borginni. „Af því yrði heilbrigðislegur ávinningur, því hjóla-

túr á hverjum degi skilar sér í betri heilsu. Auk þess sparast peningar, bæði í rekstri heimila og borgarinnar vegna minna slits á vegum. Mengun verður einnig umtalsvert minni.“

Í áætluninni eru settar fram hugmyndir um nýjar hjólaleiðir í Reykjavík. Markmiðið er að tengja úthverfin betur kjarna borgarinnar, til dæmis með brú yfir Elliðaárósa svo dæmi séu tekin auk þess sem þetta á net hjólastíga innan kjarna Reykjavíkur. Sem dæmi um það er hjólréiðastígur frá Laugardalnum, um Sundlaugarveg, Borgartún og Skúlagötu, niður í miðbæ Reykjavíkur.

„Þessi leið er þægileg og myndi tengja saman útivistarsvæðið í Laugardal við miðbæinn,“ segir Gísli Marteinn sem segir að þessi stígur sé ekki flókin í framkvæmd og því raunhæfur möguleiki á næstunni. sigridur@frettabladid.is

**FRAMTÍÐARSÝN** Á myndinni má sjá Borgartúnið eftir að sérstakur hjólastígur hefur verið lagður við hlið akbrautar. Þannig stígur myndi til dæmis gera hjólið álitlegan valkost í hádegishléi starfsmanna sem vinna í Borgartúninu og ætla að skreppa í bæinn í hádeginu, bendir Gísli Marteinn á.



### MILLJARÐA SPARNADUR\*

- Eknar ferðir Reykvikinga eru um það bil 500.000 á dag.
- Meðallengd allra ferða er 3,23 km og eru 76 prósent þessara ferða farnar akandi.
- Flytjist 10 prósent ökuferða yfir á hjól fækkar eknur ferðum í borginni um 50.000 km á dag.
- Miðað við að meðallengd hjólaferða sé 2 km (eknar vegalengdir eru að jafnaði lengri) sparast um

- 100.000 eknir km á dag á götum borgarinnar.
- Samfélagið myndi hagnast um 4,7 milljónir króna á dag eða 1.700 milljónir á ári við þessa breytingu á ferðamáta. Sparnaður í útblæstri koltvísyrings væri að sama skapi 20 tonn á dag eða 730 tonn á ári.

\*ÚR HJÓLABORGINN REYKJAVÍK, HJÓLRÉIÐÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR.

Eldri borgarar í Kópavogi gagnrýna bæjarstjórn fyrir að rýra kjör þeirra:

## Mótmæla afnámi gjaldfrelsis

**KJARAMÁL** Eldri borgarar í Kópavogi mótmæla harðlega þeirri ákvörðun sveitarfélagsins að afnema gjaldfrelsi eldri borgara í sundlaugar bæjarins. Hefur félag þeirra sent bæjarstjórn Kópavogs bréf þessa efnis.

Félagið telur að um aðför að kjörum þeirra sé að ræða og er þess krafist að gjaldskyldan verði felld niður. Kemur fram að Kópavogur verður eina bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu þar sem eldri borgarar þurfa að greiða fyrir sundferðir.

Í bréfinu er bent á mikilvægi þess fyrir eldri borgara að geta



**HERRAMENN** Íslendingar á öllum aldri sækja sundlaugar um allt land. Myndin tengist ekki fréttinni beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

stundað sund sér til heilsubóta. Gjaldfrelsi sé sameiginlegt hagsmunamál allra þegar horft er í að

umönnunarkostnaður bæjarins sé líklegur til að hækka.

Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarstjóri Kópavogs, segir að ákvörðun bæjarstjórnar um gjaldtökuna verði ekki breytt. Sveitarfélagið hafi þurft að taka margar erfiðar ákvarðanir við gerð fjárhagsáætlunar og þetta sé ein þeirra. Fulltrúar allra flokka standa að henni en við þær aðstæður sem nú ríkja verði að taka strangara tillit til forgangsroðunar en í góðari. Niðurgreiðsla til 67 ára og eldri, sem hefur lengi tíðkast í Kópavogi, hefur numið um sjö milljónum króna á ári. -shá



**50% afsláttur fyrir Ringjara.**  
Við sendum tilboð beint í símann.

Ringjarar fara inn á ring.is og óska eftir að fá MMS með tilboðum send í símann.

### Tilboð dagsins:

Gott 1

**50% afsláttur**

Lítill pizza m. 2 áleggsteg.

Gildir í dag mánudag

Domino's



50% afsláttur af lítilli pizzu með 2 áleggstegundum.

MMS tilboð hjá Ring – ekki klippa þennan miða út

Ringjarar geta sent SMS með textanum dominos í 1905 til að fá MMS miða

### Tilboð dagsins:

Gott 2

**50% afsláttur**

af máltíð fyrir einn

Gildir í dag mánudag

Serrano



50% afsláttur af matseðli. Gos er ekki innifalið í tilboði.

MMS tilboð hjá Ring – ekki klippa þennan miða út

Ringjarar geta sent SMS með textanum serrano í 1905 til að fá MMS miða

Stærsti vinnuhópur á Íslandi





Rúmlega þrítugur maður:

## Hótaði lög-reglumanni

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært rúmlega þrítugan karlmann fyrir brot gegn valdstjórninni og vopnalagabrot.

Manninum er gefið að sök að hafa í byrjun síðasta árs haft í eigu sinni táragsbrúsa og haft í vörslum sínum veiðihníf með löngu blaði. Í lögreglubifreið á leið frá Nönnugötu að lögreglustöðinni við Hverfisgötu hótaði hann lögreglumanni ofbeldi með því að segja að hann ætlaði að láta bróður sinn vita af lögreglumanninum og það myndi kvarnast upp úr tönn á honum auk þess sem hann myndi hljóta ýmsa aðra áverka, skrámur og marbletti.

- jss

Rúmlega tvítugur maður ákærður fyrir rán, fjölmörg innbrot og þjófnaði:

## Stórþjófur rændi verslanir

**DÓMSMÁL** Ríflega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir rán, fjölmörg innbrot, þjófnaði og fleiri brot.

Ríkissaksóknari ákærir manninn meðal annars fyrir tvö rán. Í september síðastliðnum öskraði hann á starfsmann verslunar á Laugavegi og neyddi hann til að opna peningakassa. Þar stal maðurinn rúmum 109 þúsund krónum. Síðara ránið framdi hann í verslun í Engihjalla. Þar ógnaði hann starfsmanni með hnífi og stal 56 þúsundum úr peningakassanum.

Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu ákærir manninn fyrir fimmtán brot. Hann reif seðlaskipti-

kassa af vegg Landspítalans í Fossvogi og henti honum út um glugga. Þrisvar braust hann inn í Gamla bókasafnið, forvarnar- og fræðslusetur Hafnarfjarðar og stal þar meðal annars tölvum og flatskjá. Í afgreiðslu Hótel Hafnarfjarðar lét hann greipar sópa og stal fartölvu og farsíma, ásamt fleiru. Þá er maðurinn ákærður fyrir tvö innbrot, í íbúð og bílskúr þar sem hann stal rándýrum tölvu- og tækjabúnaði.

Að auki stal hann fjórum bílum og er jafnframt ákærður fyrir fíkniefnaakstur og fleiri brot.

Loks stal hann áttafu sigarettuþökkum úr afgreiðslu bensinstöðvar.

- jss



**GAMLA BÓKASAFNIÐ** Maðurinn braust meðal annars í þriggja inn í Gamla bókasafnið.

Eftirlitsnefnd sveitarfélaganna:

## Fundar áfram um Álftanes

**ÁLFTANES** Tillögur Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) um úrbætur í málefnum Álftaness liggja ekki fyrir.

Sveitarfélagið á í miklum fjárhagsvanda og skilaði á miðvikudag skýrslu til EFS. Nefndin fundaði á fimmtudag en mun fjalla á ný um málefni Álftaness í dag eða á morgun.

EFS mun síðan gera tillögur til Kristjáns L. Möller sveitarstjórnarráðherra um aðgerðir vegna vanda Álftnesinga. Kristján hefur að auki kallað eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á stjórn-sýslu og rekstri Álftaness undanfarin ár.

- pg



**ÞÓRÐUR SVÆRISÓN** Forstjóri Nýherja segir endurreisn fyrirtækja sem bankarnir hafi tekið yfir skekkja samkeppnisáðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Dregur út tapi Nýherja:

## Segir bankana skekkja stöðuna

**VIÐSKIPTI** Nýherji tapaði 686 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 771,5 milljóna tap í hittifyrri. Tapið féll að mestu til á fjórða ársfjórðungi í fyrri. Það nam 506 milljónum króna á fjórðungnum, sem var tæplega tvöfalt meira en árið á undan.

Haft er eftir Þórði Sværissyni, forstjóra Nýherja, að árið hafi verið fyrirtækinu afar erfitt og skrifist það á mikinn samdrátt í eftirspurn á tæknibúnaði og uppsetningu á hugbúnaði. Hann segir endurreisn bankanna á fyrirtækjum sem þeir hafi tekið yfir óeðlega og raskað samkeppnisáðstæðum.

- jab

Tveir stjórnarþingmenn:

## Vilja rannsókn á stuðningi við innrásina í Írak

**ALÞINGI** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, varaformaður þingflokks Samfylkingarinnar, og Ögmundur Jónasson, þingmaður VG og fyrrverandi ráðherra, vilja að rannsóknarnefnd verði skipuð um aðdraganda þess að Ísland lýsti yfir stuðningi við innrásina í Írak árið 2003. Munu þau leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis á Alþingi í vikunni.

Ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar Íslands Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks um stuðning við stríðið hefur verið mjög umdeild síðan hún var tekin. Skoðanakannanir á sínum tíma sýndu mikla andstöðu við ákvörðunina. Þingmenn VG og Samfylkingar gagnrýndu harðlega stuðning Íslands við aðgerðir Bandaríkjanna og bandaþjóða.

### LANDHELGISGÆSLAN

#### Hvarf úr eftirlitskerfi

Tólf tonna línubátur, sem hvarf úr fjareftirlitskerfi Landhelgisgæslunnar, fannst rétt eftir hádegi í gær. Ekkert amaði að skipverjum. Rafmagnsbíllun olli því að sendingar hættu að berast Landhelgisgæslunni. Báturinn var þá staddur um átján sjómílar norðvestan af Garðskaga.

# ÞAÐ VEIT ENGINN HVAÐ GERIST Í FRAMTÍÐINNI

## Vertu líf- og sjúkdómatryggður og spáðu í mikilvægari hluti

<h3 style="margin: 0;">EINFALT</h3> <p style="font-size: small;">Það er einfalt að líf- og sjúkdómatryggja sig hjá Lífis. Þú klárar málið á lifis.is.</p>	<h3 style="margin: 0;">ÓDÝRT</h3> <p style="font-size: small;">Það kostar ekki nema 479 krónur á mánuði að líf- og sjúkdómatryggja sig hjá Lífis.*</p>	<h3 style="margin: 0;">RÉTTI TÍMINN</h3> <p style="font-size: small;">Það borgar sig að byrja ungur og hraustur.</p>
---	--	--

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá Lífis býrðu þér og þínum nánustu öruggeri og áhyggjulausari framtíð. Mikilvægt er að upphæð tryggingarinnar endurspeglar ólíkar þarfir þínar á hverjum tíma hvað varðar fjölskyldustærð og fjárhagslegar skuldbindingar.

Kíktu á [lifis.is](http://lifis.is) eða hafðu samband í síma 560 5000 og kláraðu málið núna.

\*Samkvæmt verðskrá Lífis miðað við tvítuga reyklausa konu og að váttryggingarfjárhæðin sé 2 milljónir kr. fyrir líffryggingu og 2 milljónir kr. fyrir sjúkdómatryggingu.



Bjór og léttvín í búðirnar:

## Summa lastanna

JÓN KALDAL SKRIFAR

Í fjármálaráðuneytinu er að störfum starfshópur um heildarendurskoðun á áfengisöggjöfinni. Frumvarp byggt á vinnu hópsins verður að öllum líkindum lagt fyrir haustþingið. Meðal þess sem mun vera í skoðun er að lækka áfengiskaupaaldurinn um tvö ár og að heimila takmarkaðar áfengisauglýsingar.

Hvort tveggja er framfaraskref frá núverandi lögum. Öllu síðra að starfshópurinn mun ekki vera með í skoðun að leggja til að einkaréttur ríkisins á sölu bjórs og léttvíns verði afnuminn, eins og hefur þó verið vilji meirihluta þjóðarinnar samkvæmt skoðanakönnunum um töluvert skeið.

Ástæðan fyrir að fólk getur ekki gripið með sér bjórkippu eða rauðvínsflösku um leið og það gerir helgarinnkaupin í matvöruverslunum eru meintir hagsmunir heildarinnar. Áfengir drykkir þykja slík heilsuvá að takmarka þarf að þeim aðgengi og verðleggja hátt. Sérstaklega þarf að gæta þess að halda ungmennum frá því að komast í nálægð við áfengið, og telja fulltrúar ríkisins það betur til þess fallið en aðrir.

Engin ástæða er til að deila um að vín getur verið mikill skaðvaldur, þó að auðvitað séu það fyrst og fremst fyllibytturnar sem koma óorði á brennivínið, svo einn sígildur frasi sé settur á flot.

Hitt er allt annað mál hvort það að refsa öllum fjöldanum fyrir misnotkun fáttra, með því að selja allt áfengi aðeins í sérstökum verslunum ríkisins, hafi áhrif til hins betra á drykkju-síði þjóðarinnar. Ýmislegt bendir til þess að sú aðferðafræði þjóni engum tilgangi.

Í því sambandi er mjög athyglisvert að bera saman reynslu Pennsylvaníu við önnur ríki Bandaríkjanna. Í þessu gamla kvekararíki er svo til nákvæmlega sama fyrirkomulag á sölu áfengis og á Íslandi. Ríkið rekur allar vínbúðir og aðgengið er takmarkað. Lögin eru meira að segja svo ströng að þeir sem koma með áfengi með sér frá nærliggjandi ríkjum eiga yfir höfði sér allt að 90 daga í fangelsi.

Hvergi í Bandaríkjunum, að Utah meðtöldu, eru jafnströng áfengisöggjöf og aðgengið að víni jafn takmarkað og í Pennsylvaníu. Þrátt fyrir þetta drekka íbúar þar svo til jafnmarga lítra að meðaltali á ári og aðrir Bandaríkjamenn. Og þeir eiga í sömu vandræðum vegna áfengisneyslu og íbúar annarra ríkja Bandaríkjanna. Öllu verri ef eitthvað er. Unglingadrykkjan er þannig yfir landsmeðaltalinu og sama gildir um dauðsföll í umferðinni af völdum ökumanna undir áhrifum. Þar eru Pennsylvaníuíbúar í 15. sæti af 51 ríki á meðan íbúar Illinois eru í 32. sæti, en þeir síðarnefndu geta keypt ótakmarkað af sterku, bjór og léttvíni í sínum matvöruverslunum.

Þessi tölfræði segir okkur ekki að íbúar Pennsylvaníu séu sérstaklega forhertir og að í Illinois búi betra fólk. Hún bendir einfaldlega til þess að summa lastanna leitar alltaf jafnvægis.

Ákveðið hlutfall fólks mun alltaf eiga erfitt með að umfangast vín og aðra vímugjafa sama hvort söluaðilinn er ríkisstærsmáður eða kaupmaðurinn á horninu.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Vanur

Fréttir voru sagðar af því fyrir helgi að Samkeppnisefirlitið hefði gert húsléit í höfuðstöðvum Íslandspósts. Grunur eftirlitið fyrirtækið – sem er í eigu ríkisins – um brot á samkeppnislögum. Pósthúsið, sem er í eigu 365 (sem á Fréttablaðið), kvartaði undan Íslandspósti og telur Samkeppnisefirlitið samsé þær umkvartanir eðlilegar og eiga við rök að styðjast. Forstjóri Íslandspósts heitir Ingimundur Sigurpálsson. Hann var áður forstjóri Eimskipafélagsins. Þegar hann hélt þar um stýrið var félaginu gert að greiða 230 milljóna króna stjórnvaldssekt vegna brota á samkeppnislögum.

#### Hví ekki?

Athygli vakti að Framsóknarflokkurinn kaus á föstudag að gera Magnús Stefánsson, fyrrverandi þingmann og ráðherra flokksins, að sínum fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins. Flokkurinn hefur að undanfögnu gætt sín á að setja ekki gamlar kempur úr pólitíkinni í nefndir, stjórnir og ráð. Sást það til dæmis á valinu á Daniel Gros í bankaráð Seðlabankans. Nú er spurt hvers vegna framsókn leitaði ekki til útlanda eftir manni til að sitja í RÚV-stjórninni.

**Kvennalistinn**  
Stundum er sagt að konur eigi erfiðara

uppdráttar í Sjálfstæðisflokknum en í öðrum flokkum. Það átti þó ekki við um prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík á dögum. Af tíu efstu frambjóðendum skipa konur sex sæti, rétt eins og hjá Samfylkingunni. Hjá bæði Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu eru tvær konur í efstu fjórum sætum, 1. og 4. hjá Sjálfstæðisflokki en 2. og 3. hjá Samfylkingunni. Enn eiga Vinstrigræn eftir að velja sér oddvita í borginni en þar bitast karl og kona um efsta sætið. Það gæti því farið svo að Sjálfstæðisflokkurinn verði eini flokkurinn í borginni þar sem kona leiðir listann.

bergsteinn@frettabladid.is

## Lóð á vogarskálarnar

Innflytjendauræðan á Íslandi snýst gjarnan um það hvað útlendingar eiga að gera til þess að falla sem best að íslensku samfélagi og hvernig við getum komið í veg fyrir að útlensk áhrif mengi íslenska menningu. En við gleymum að spyrja sjálf okkur hvaða tækifæri útlendingar gefa okkur. Hvað græða Íslendingar á því að reka opna innflytjendastefnu og taka tillit til þarfa innflytjenda sem hingað koma til þess að taka þátt í íslensku samfélagi? Hér á eftir er fjallað um tvö atriði sem gera slíkt góðan kost fyrir Ísland.

Eitt af því sem fólksflutningar hafa haft í för með sér er breytt og aukin samvinna landa sem tengjast í gegnum dvöl hóps fólks af tilteknu þjóðerni í öðru landi. Nærtækast er að skoða samskipti Íslands og Póllands í okkar tilvik, þar sem yfirgnæfandi meirihluti innflytjenda á Íslandi er þaðan. Síðasta áratuginn hefur samvinna Íslendinga við Pólland eflst í takt við fjölgun pólskra ríkisborgara í landinu. Sem dæmi má nefna að árið 2006 tók pólskur ræðismaður til starfa, en áður höfðu Pólverjar á Íslandi þurft að sækja þjónustu í sendiráð Póllands í Noregi. Með tilkomu embættisins hafa menningartengsl landanna aukist og þjónusta við pólska íbúa á Íslandi sömuleiðis.

Um leið og samskiptin aukast skapast ný sóknarfæri fyrir Íslendinga. Ný viðskiptasambönd verða til og spennandi verkefnum er hrint í framkvæmd. Í kjölfarið eykst skilningur á aðstæðum, stjórnmálum, efnahagskerfi og mörkuðum Póllands, sem aftur nýtist Íslendingum í utanríkisþjónustu og ferðaþjónustu svo eitt-hvað sé nefnt. Það má til dæmis velja því fyrir sér hvort Pólverjar hefðu boðið Íslendingum lán í kjölfar bankahrunsins, ef ekki væri fyrir þessi nýju og efldu samskipti landanna í gegnum



ANNA LÁRA STEINDAL

**Í DAG** | Opin innflytjendastefna

pólska innflytjendur og verkamenn á Íslandi. Einnig má benda á að ásókn Íslendinga í að eyða sumarleyfum og sólríkum dögum á ströndum og í bæjum Austur-Evrópu hefur aukist í samræmi við frjálsari för íbúa þaðan til vestari og norðari hluta álfunnar.

John Stuart Mill fjallaði um það í verki sínu *Principles of Political Economy* árið 1848, að til þess að viðhalda vexti og þróun væri hverju samfélagi nýðsýnlegt að spegla sig í öðrum, engin þjóð gæti þrífist eða þróast án þess að fá hugmyndir og þekkingu að láni frá öðrum samfélögum. Íslendingar geta til dæmis velt því fyrir sér hver staðan væri hér á landi nú ef ekki hefði komið til dvöl Bandaríkjahers og uppbygging hans í landinu. Það var af erlendu vinnuafli, þ.e. bandarískum hermönnum, sem við lærðum að byggja vegi og reka alþjóðlegan flugvöll. Það vill oft gleymast að innflytjendur flytja með sér dýrmæta þekkingu sem getur verið þungt lóð á vogarskálarnar framfara í nýja samfélaginu.

Á Íslandi hafa innflytjendur haft gríðarlega mikil (og ég leyfi mér að segja jákvæð) áhrif á menningu, listir og matarvenjur. Ekki bara á veitingahúsum heldur einnig í matargerð á heimilum. Með tilkomu verslana eins og Pólsku búðarinnar í Breiðholti, Sælkeraverslunar Nings við Suðurlandsbraut og Filippseyja

við Hverfisgötu hafa möguleikar almennings til þess að tileinka sér nýjar leiðir í matargerð aukist. Þá hefur klassísk íslensk tónlist notið krafta stjórnenda og hljóðfæraleikara af erlendum uppruna með frábærum árangri. Mér detta í hug Szymon Kuran fiðluleikari, Vladimir Ashkenazy píanosníllingur og Rumon Gamba, stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hið sama má segja um aðrar listgreinar. Flestir þekkinga nöfn fólks eins og Dieter Roth, myndlistarmanns, Bernd Ogdrönik brúðumeistara og Eivarar Pálsdóttur söngkonu.

Innflytjendur hafa einnig látið til sín taka við stefnumótun og upplýsingagjöf um málefni sem tengjast fólki af erlendum uppruna og þannig tryggt að sjónarmið sem innfæddir geta aldrei haft komi fram. Dæmi um slíkt er Jafnréttishús sem Amal Tamimi rekur í Hafnarfirði, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Tatjana Latinovic, fulltrúi í Innflytjendaráði, og starfsfólk af erlendum uppruna í Alþjóðahúsi. Einnig starfa ýmsir hagsmunahópar aðrir að málefnum innflytjenda, ýmis á eigin vegum eða í tengslum við stofnanir á borði við Alþjóðahús, Rauða krossinn og Fjölmenningarsetur.

Það er harla ólíklegt að hægt sé að sporna við þeirri þróun sem hafin er og felur í sér hreyfanleika fólks um álfur og lönd. Hins vegar getum við nýtt reynslu og krafta þessa sama fólks til þess að geta sem best tekið á við þær áskoranir sem fylgja. Áhrifaríkasta leiðin til þess er að rétta fram vinarhönd og mæta innflytjendum á jafningjagrunni í samræðu um hvernig við getum best þróað samfélag okkar áfram með hag allra að leiðarljósi.

Höfundur er framkvæmdastjóri Rauða krossins á Akranesi.

## Handritaforðinn góði

#### UMRÆÐAN

Guðrún S. Guðlaugsdóttir skrifar um Icesave

Mikið er ég fegin að handritin eru komin heim. Það var fallett af Dönum að skila okkur þeim aftur.

Ekki er að vita hvað gerist þegar hinn pelsklæddi hluti þjóðarinnar er búinn að fella Icesavesamning nr. 2 í þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars. Líklega fer eftir það hver eyrir í að greiða hinar geigvænlegu skuldir þjóðarbúsins og ekki lengur hægt að kaupa matvörur til landsins vegna gjaldeyrishafta. Ekki einu sinni maðkað mjól, sem dönsku einokunarkaupmennirnir fluttu þó hingað af náð sinni þegar illa áraði á Íslandi í „den tid“. Matvörubúðirnar munu standa tómar, uppetið verður kindakjötið og kartöflurnar. Fiskmetið ekkert, útvegsmenn búnir að binda skipaflotann í höfn.

En hinir pelsklæddu hafa spil uppi í erminni, – þá hefð á Íslandi að eta gömul handrit í harðindum. Þeir ganga því keikir til atkvæðagreiðslu, handritaforðinn vel geymdur. Sumir landar vilja kanski eta



GUÐRÚN GUÐLAUGSDÓTTIR

fyrst innflutt góðærisleður af sófum, veski, skó og hanska. En skv. reynslunni þyrfti þjóðaratkvæðagreiðslu um forgangsróðina. Þar tækjust á þeir sem fjárfestu í góðærisleðurskartinu og menningarlegir unendur handritararfsins. Hvernig sem sú þjóðaratkvæðagreiðsla færri kæmu á endanum ný „móðuharðindi“ yfir okkur. Einn af öðrum myndu hinir harðgeru Íslendingar leggja til hinstu hvílu á landslutaráfi í leit að fæðu. Uppgrafnar yrðu þá rætur allra jurtategunda, meira að segja hinnar marghótuðu lúpínu. Loks myndi landið leggjast í eyði. En það

á tímum fyrir sér, öfugt við mannskepnuna. Það mun gróa upp og bíða þess í rólegheitum að nýir sundurlyndisseggir frá meginlandinu komi siglandi.

En eitt getum við hugað okkur við – Íslendingar falla með sæmd – án þess að hafa látið þann blett falla á mannorð sitt að borga umsamdar Icesaveskuldir í útlöndum. Á hörðum diskum framtíðarinnar verður í minnum haft að Ísland byggði eitt sinn þjóð sem taldi mikilvægast að muna að „orðstír deyr aldregi, hveim er sér góðan getur“.

Höfundur er blaðamaður og rithöfundur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efniblaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**LAGERSALA**  
... FRÁBÆRT VÖRUÚRVAL

**395**  
Áður kr. 1.115

**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**

maxell DV CASSETTE

Upptökuspóla  
Maxell  
DVM-60  
MXL275040

ALLTAF ÖDYRARI

GRIFILL



# Ávísun á stórslys

## UMRÆÐAN

Eypór Harðarson skrifar um fyrningarleiðina

Um það leyti sem kvótakerfinu var komið á var sjávarútvegur á Íslandi í sjálfhæð. Flotinn var all of stór fyrir þær veiðheimildir sem voru í boði og rekstur flestra fyrirtækja í atvinnugreininni var á brauðfótum. Margir leituðu eftir því að selja fyrirtækin eða hætta rekstri en fundu enga útgöngu. Áhugi á að kaupa sjávarútvegsfyrirtæki var í lágmarki. Slíkt var ástandið að ríkissjóður þurfti ítrekað að grípa til viðeigandi björgunaraðgerða.

Straumhvörf urðu hins vegar í sjávarútvegi þegar opnað var fyrir framsal aflaheimilda um 1990. Þar skapaðist loksins hvati til hagræðingar með arðsemi í rekstri að leiðarljósi. Hagráðinginn hefur hins vegar ekki verið án fórnar og hún hefur kostað sitt. Árangurinn er aftur á móti sá að á 20 árum hafa yfir 90% aflaheimilda skipt um hendur. Sjávarútvegsfyrirtækjum hefur fækkað en rekstrargrundvöllur þeirra styrkst um leið. Atvinnuöryggi hefur aukist og afkoma starfsfólks batnað. Þrátt fyrir skuldsetningu samfara hagræðingunni er arðsemi í sjávarútvegi líkast til hvergi meiri en einmitt á Íslandi og leitun er að betri kjörum sjómanna.

Það mikilvægasta er að sjávarútvegsfyrirtækin eru í dag grunnstoðir í atvinnulífi landsmanna sem skila miklum tekjum í þjóðarþúið. Því er ekkert annað en stórunderlegt að standa frammi fyrir þeim áformum stjórnvalda að hefja innköllun aflaheimilda í haust. Eftir allt sem á undan er gengið síðustu 25 árin á nú samkvæmt tillögum stjórnvalda að taka 5%



EYÞÓR HARÐARSON

aflaheimildanna af handhöfum þeirra á hverju fiskveiðiári og bjóða upp.

Margt hefur áunnist í sjávarútvegi á undanförmum árum. Sú staðreynd stendur eftir sem áður óhögguð að fiskurinn í sjónum er takmörkuð auðlind. Þetta vill gleymast í umræðunni um sjávarútveg, sem oftast er ekki er á villigötum. Aflamarkskerfið er ekki gallalaust fremur en önnur mannanna verk og við getum örugglega verið sammála um að mörg vixlspör hafa verið stigin á vegferð kerfisins. Fyrning aflaheimilda er ekki leiðin til að lagfæra það sem aflaga hefur farið. Síðustu misserin hefur keyrt um þverbak í umræðunni, þar sem markvisst hefur verið haldið á lofti innantómum staðhæfingum og rangfærslum. Erfitt er að sjá hvað því fólki gengur til sem heldur því blygðunarlaust fram að byggðir landsins líði fyrir fiskveiðistjórnunina. Varla er það af sannsleikisást. Staðreyndin er sú að í mörgum þeirra byggðarlaga, sem hefur hvað best tekist að mæta því efnahagsástandi sem nú ríkir, standa sjávarútvegsfyrirtæki traustum fótum.

Enn er hægt að afstýra því stórslysi sem fyrningarhugmyndir stjórnvalda hefðu í för með sér fyrir sjávarútveginn og efnahag þjóðarinnar. Vilji til að kynna sér raunverulegar afleiðingar þessara hugmynda og horfast í augu við staðreyndir er allt sem þarf.

Höfundur er útgerðarstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja hf.

# Að fífla heila þjóð

## UMRÆÐAN

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir skrifar um efnahagsmál

Er ekki eitthvað athugað við kennsluefnið ef duglegu nemendurnir fá lélegu einkunnirnar en lélegu nemendurnir fá góðu einkunnirnar?

Skoðum dæmi um tvö lönd, land A og land B.

Land A er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Það innleiddi fullt viðskiptafrelsi árin 1994-1995 með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta og fór þar í öllu eftir bókinni frá Alþjóðabankanum í Washington. Það innleiddi víótækur breytingar á hagkerfinu í átt til frjálsræðis, þ.m.t. einkavæðingu, heimilaði erlent eignarhald á innlendum fyrirtækjum, heimilaði flutning á hagnaði úr landi og þar fram eftir götunum. Það lagði sig fram um að vera fyrirmyndarnemandi Washington-samkomulagsins (the Washington Consensus) og er staðsett aðeins nokkur hundruð mílur frá stærstu mörkuðum heims.

Land B er ekki aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og það hefur viðhaldið innflutningshömlum og tollum allt að 30-50%. Við-



SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR

skipti eru að mestu í höndum ríkisfyrirtækja. Það takmarkar erlent eignarhald á innlendum fyrirtækjum, og er staðsett um 4000 mílur frá stærstu mörkuðum heims.

Kenningar frjálslyggjunnar myndu spá landi A mjög góðum árangri. Staðreyndin er hins vegar sú að land A er Haítí, eitt fátækasta land vesturheims með dapurlega frammistöðu í efnahagslegu tilfelli svo ekki sé meira sagt. Land B er Víetnam með um 8% hagvöxt á ári síðan um miðjan niunda áratuginn. Þar hefur stórlega dregið úr fátækni og Víetnam hefur þróað fyrir víðskiptahindranir og bann við erlendu eignarhaldi á innlendum fyrirtækjum, samlagast hratt hinu alþjóðlega hagkerfi.

Þessi samanburður er tekinn úr bók eftir tyrkneska hagfræðinginn Dani Rodrik, „One Economics, Many Recipes“ (2007), og kom upp í huga minn þegar ég las grein Þorvaldar Gylfasonar í Fréttablaðinu hinn 28. janúar sl.

undir yfirskriftinni, „Að keyra land í kaf“. Þar lýsir Þorvaldur því hvernig nýlenduherþjóðin Frakkland keyrði fyrrum nýlendu sína, Haítí, á kaf í skuldaklafa vegna skaðabóta sem þeir kröfust af Haítíbúum fyrir að hafa rekið frönsku þrælshaldarana af höndum sér og stofnað sjálfstætt ríki árið 1804.

Í upphafi spurði ég hvort ekki kynni að vera eitthvað athugað við kennsluefnið ef duglegu nemendurnir fengju lélegu einkunnirnar en lélegu nemendurnir fengju góðu einkunnirnar. Kennslufræðingar myndu ef til vill spyrja hér að hve miklu leyti kennsluefnið hefði verið lagað að þörfum og getu nemendanna og þar með tekið tillit til aðstæðna í hverju tilviki. Þeir vita vel að „One size does NOT fit all“.

Aftur á móti er nokkuð til í því að með kenningum sem eiga meira skylt við trúarkenningar en fræðikenningar byggðar á viðurkenndum rannsóknum má fífla heila þjóð. Við Íslendingar ættum nú að vita að það þarf ekki alltaf nýlenduhera til þess að keyra land í kaf.


Höfundur er stjórnsýslufræðingur.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Askilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## LEIÐIR TIL AÐ LÆKKA GREIÐSLUBYRÐI

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður viðskiptavinum í fjárhagsvanda fjölda leiða til að létta á aukinni greiðslubyrði.



## GREIÐSLU SKJÓL 3+1

Greiðsluskjól 3+1 er úrræði sem tekur bæði á vanda vegna hækkunar höfuðstóls erlendra lána og aukins greiðslubunga.

- Lækkun á höfuðstól erlendra lána er um **26%** að meðaltali við skuldbreytingu yfir í íslenskar krónur.
- Greiðslubyrði getur lækkað um allt að **41%**.
- 3+1**. Greiðsluskjólsvextir í 3 ár með möguleika á aukaári fyrir skilvísa greiðendur.

Fastir verðtryggðir **3,95%** vextir í 3+1 ár.\*

Fastir óverðtryggðir **6,00%** vextir í 3+1 ár.\*\*

\*Verða eftir tilboðstímann 5,25%. \*\* Verða jafnir eins mánaðar Reibor-vöxtum + 1,5%.

## SÉRTÆK ÚRRÆÐI

Viðskiptavinum, sem glíma við sérlega erfiða fjárhagsstöðu, bjóðum við sértæk úrræði til lausnar á greiðsluvanda þeirra. Í boði er 110% veðsetningarþak á fasteignalán, sértæk skuldaaðlögun auk fjölda sérsniðinna úrræða.

## GREIÐSLU JÖFNUN ÍBÚÐALÁNA

Greiðslujöfnun erlendra lána léttir greiðslubyrði auk þess að jafna sveiflur vegna gengisbreytinga. Höfuðstóllinn er áfram í erlendri mynt og hækkar því eða lækkar miðað við gengi íslensku krónunnar. Verðtryggð íslensk lán í skilum fóru sjálfkrafa í greiðslujöfnun í desember 2009.

Pantaðu viðtal í síma 540-5000 eða í gegnum vefsíðuna okkar, www.frjalsi.is. Opið í afgreiðslu Lág múla 6, 108 Reykjavík, 12.00-15.00 virka daga. Skiptiborð opið kl. 10-12 og 13-15.

Hafðu samband – við finnum leið!

**FRJÁLSI**  
FJÁRFESTINGARBANKINN



# Opinber hlutafélög og hlutur kvenna í stjórnnum

## UMRÆÐAN

Jónína Bjartmarz skrifar um hlut kvenna í stjórnnum hlutafélaga

Með breytingu á lögum um hlutafélög vorið 2006 samþykkti Alþingi nokkur sérákvæði um opinber hlutafélög, ohf., sem ætlað var að skapa auknið gagnsæi og aðhald um rekstur og starfsemi þeirra (lög nr. 90/2006). Meðal annars var lögleidd skilgreining á opinberum hlutafélögum, þ.e. til hverra hlutafélaga sérreglurnar tækju, settar voru sérreglur um upplýsingagjöf stjórnarmanna og framkvæmdastjóra um eign í félögum, ákvæði um vissa upplýsingaskyldu þessarar tegundar hlutafélaga, sem eru undanþegin bæði ákvæðum stjórnsýslu- og upplýsingalaga, um rétt kjörinna fulltrúa, alþingismanna eða sveitarstjórnarmanna eftir atvikum, til setu á aðalfundum og rétt sömu til að bera fram fyrirspurnir og um aðgang fjölmiðla og skyldu til að búa þá á aðalfundi. Þegar frumvarpið að lögum var lagt fram var sérstakt ákvæði um kynstjórnarmanna sem hljóðaði svo:

JÓNÍNA BJARTMARZ

„Við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skal gæta sérstaklega að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.“

## „Einungis að teknu tilliti til oddatölu stjórnarmanna“

Í meðförum þingsins kom í ljós allvíðtækur vilji til að kveða sterkar að orði um jafnan hlut kynjanna í stjórnnum þessarar tegundar hlutafélaga og var meðal annars vísað til þess að ríkinu bæri að skapa fyrirtækjum í einkaeigu fordæmi að þessu leyti auk þess að vera sjálfu sér samkvæmt og þeim stefnumiðum sem Alþingi hafði ítrekað sett með jafnréttislögum. Við lokaatkvæðagreiðslu reyndist meirihlutavilji á Alþingi fyrir þeirri breytingatillögu af tveimur sem lengra gekk og kvað á um að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggð „að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar“. Í þessu felst að hlutur kynjanna skal vera eins jafn og oddatala stjórnarmanna leyfir, þ.e. að stjórnir ohf. skuli skipa sem næst jafnmargar konur og karlar einungis að teknu tilliti til oddatölu stjórnarmanna, eins og skýrt kom fram í umræðum á Alþingi og í atkvæðaskýringu undirritaðrar, flutningsmanns breytingartillögunnar.

## Hvaða hlutafélög eru opinber?

Á þessum tíma, rétt fyrir þingfrestun vorið 2006, reyndist undir meðferð málsins ekki hægt að fá

upplýsingar um hvaða hlutafélög væru opinber skv. þeirri skilgreiningu sem Alþingi lögleiddi og enn þann dag í dag er margt á huldu í því efni, a.m.k. er hvergi að finna yfirlit eða tæmandi talningu á ohf. Þannig eru skv. nefndarliti 1. minnihluta viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. des. 2009, (Þskj. 426-71. mál) - um frumvarp til laga um breytingu á hlutafélagalögum - opinber hlutafélög 5 talsins, en skv. upplýsingum sem ég hef aflað og finnst m.a. í ríkisreikningi eru þau 9 eftirgreind; Flugstoðir ohf., Keflavíkurflugvöllur ohf., Matís ohf., Neyðarlínan ohf., Orkubú Vestfjarða ohf., Rarik ohf., Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Suðurlindir ohf. og Ríkisútvarpið ohf. Samsetning stjórnna þessara félaga sýnir að vel hefur tekist til að framfylgja ákvæðunum um jafnan hlut kynjanna, ef frá er talið Suðurlindir ohf. með aðeins eina konu í 5 manna stjórn.

Skv. 2. málsgrein 1. gr. laga um hlutafélög merkir opinbert hlutafélag „... félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Slíkum félögum einum er rétt og skylt að hafa orðin opinbert hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina ohf. og má tengja orðin eða skammstöfunina heiti eða skammstöfun á hlutafélagi.“ Af þessari skilgreiningu er ljóst að hvorki ríki né sveitarfélög eiga val um hvort félög í þeirra eigu beri ohf. í nafni sínu, svo framarlega sem eignarhald þeirra er eins og ákvæðið lýsir.

## Hvað með öll hin félög í „opinberri eigu“?

Hvað með önnur félög, sem líka

er að finna í ríkisreikningi og hvað með öll nýju félögin sem hið opinbera, ríki og/eða sveitarfélög, eiga að öllu leyti, beint eða óbeint? Hvað t.d. með nýju bankana og dótturfélög þeirra á meðan íslenska ríkið var eini hluthafinn? Nú á þetta kannski aðeins við um nýja Landsbankann, sem heitir að ég held NBI hf. Er það með vilja eða fyrir vankunnáttu og hyskni að skyldubundna ákvæðinu skv. skilgreiningunni í hlutafélagalögum er ekki fylgt um þau félög. – Eins og ég gat um í upphafi þá ná sérákvæði laganna til annars og fleira en kynjahlutfalls í stjórnnum og því tel ég það forgangsmál á þessum síðustu og verstu tímum fyrir ríkisstjórn sem kvaðst vilja kenna sig við gagnsæa stjórnarhætti og opna og lýðræðislega stjórnsýslu að tryggja að þessum lögum sé fylgt.

Sá réttur sem löginn veita kjörnum fulltrúum felur jafnframt í sér a.m.k. síðferðilega skyldu til eftirlits og aðhalds með opinberum hlutafélögum. Því er það eðlileg og sjálfsgöð krafa til alþingismanna og sveitarstjórnarmanna, þeir gangi á eftir réttir framkvæmd laganna og byrji á því að tryggja að öll félög sem skilgreining þeirra tekur til beri ohf. í heiti sínu.

## Hver ber ábyrgðina á framkvæmdinni?

Engan veginn liggur í augum uppi hvar ábyrgðin á þessari lagaframkvæmd liggur. Er framkvæmdin alfarið á ábyrgð viðskiptaráðherra eða fjármálaráðherra, sem að því ég best veit fer með hlutabréf ríkisins í þeim félögum sem ríkið á, eða jafnvel félagsmálaráðherra,

a.m.k. hvað varðar ákvæðið sem lýtur að jöfnum hlut kynjanna? Ber sá síðastnefndi, sem ráðherra sveitarstjórnarmála ábyrgð á lagaframkvæmd sveitarfélaga að þessu leyti, hvað varðar hlutafélög í þeirra eigu?

Það voru upp til hópa karlar sem komu okkur á þann efnahagslega kalda klaka sem þjóðin nú finnur sig á. Sú staðreynd ein og sér, að viðbættum ýmsum rannsókn-um, sem meðal annars sýna meiri arðsemi fyrirtækja með stjórnnum skipuðum jafnt konum og körlum, ætti að duga stjórnvöldum til að gripa í taumana, jafnvel þó laga-skyldan um jafnan hlut kynjanna væri ekki fyrir hendi.

## Ímynd Íslands

Ástæða þess að ég fór að skoða þessi mál, eftir nokkurt hlé, var fyrirspurn sem mér var send, af alþjóðlegum samtökum fyrir auknum efnahagslegum áhrifum og völdum kvenna, um hlut kvenna í stjórnnum íslenskra fyrirtækja, með sérstaka áherslu á opinberu hlutafélögin og reynsluna af sérákvæði þeirra, sem ekki hafði tekið að afla trúverðugra upplýsinga um úr stjórnsýslunni. Þar til fyrir liggur hver þau eru í raun, opinberu hlutafélögin skv. skilgreiningu hlutafélagalaga, er engu hægt að svara sannleikanum samkvæmt um hlut kvenna í stjórnnum íslenskra ohf. – sem auk annars er afleitt fyrir ímynd Íslands á margvíslegum vettvangi erlendis.

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.



Úrvals súpukjöt, eða kjöt í karrý Merkt verð 644.-pr/kg.

644 PR. KG.



Bestu bitarnir. Sprautusaltaðir þosksporðar Merkt verð 699.-pr./kg.

699 PR. KG.



Sviðakjambur, fullhreinsoðir Merkt verð 269.-pr./kg.

269 PR. KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

## Virkjum ódýrt – lokum Straumsvík

### UMRÆÐAN

Gísli Hjálmtýsson skrifar um orkumál

Mikið er rætt um nauðsyn þess að fara í stóriðjuframkvæmdir sem undirstöðu til endurreisnar íslensks efnahagslífs. Þrýst er á að hnekkja lýðræðislegri ákvörðun Hafnfirðinga um að hefta frekari útbreiðslu álversins í Straumsvík. Á sama tíma er talað um að fjárfesta stórfé í Helguvík, virkjunum, háspennulínunum og öðrum nauðsynjum fyrir orkufrekan iðnað.

Erfitt er að sjá hvernig á að fjármagna allar þessar framkvæmdir. Með skuldabréf ríkisins metin sem rusl verður nær ógerlegt fyrir sveitarfélög og fyrirtæki – og þar með talin orkufyrirtækin – að fjármagna sig á erlendum mörkuðum á viðskiptaforsendum. Eftir að hafa pissað yfir helstu vinnuþjóðir okkar verður fjármögnun á pólitískum forsendum torsótt.

Jafnvel ef lánsfé væri að fá, er staða þjóðarþúsins þannig að mjög vafasamt er að stofna til nýrra stórskulda. Hugmyndir þess efnis benda til að forystumenn þjóðarinnar átti sig ekki á þeim skuldavanda (eða endurfjármögnunarfanda) sem er fram undan og einkennist umræðan af sama óraunsæi og einkenni orðafar og athafnir útrásarvikinga jafnt sem stjórnmalamanna síðustu ár.

En hvað annað kemur til greina?

Virkjanir fyrir álver í Helguvík kosta í kringum 300 milljarða króna. Þetta fjármagn yrði að taka að láni erlendis með ábyrgð þjóðarinnar. Allt umstangið veldur þensluáhrifum á framkvæmdatímanum, þ.e. í 3-5 ár, þar með talið verða til allmörg ný störf á framkvæmdatímanum og síðan um 400 störf til framtíðar. Vaxtakostnaður af þessum framkvæmdum er varlega áætlaður um 16,5 milljarðar á ári í 25-40 ár.

Í stað þess að reisa nýtt álver ættum við að loka álverinu í Straumsvík og breyta því í miðstöð nýsköpunar fyrir orkutengda starfsemi. Til að nýta hafnaraðstöðuna mætti nýta einn kerskálann fyrir sérhæfðan þunga- eða efnaiðnað. Í annan kerskálann mætti setja netþjónabú. Hvort tveggja er starfsemi sem getur greitt 6-7 sent á kwh í stað þeirra tveggja senta sem Alcan greiðir. Í þriðja skálann mætti síðan setja upp nýsköpunarmiðstöð fyrir grænan orkutengdan iðnað.

Sérhæfður þunga- eða efnaiðnaður sem myndi nýta um 120 MW og greiða 6-7 sent á kwh myndi tryggja óbreyttar tekjur af orkusölu miðað við tekjur af núverandi starfsemi. Höfnin, ferskvatn og stoðmannvirki myndu nýttast án mikils kostnaðar. Verkefnistengdur kostnaður yrði greiddur og fjármagnaður af erlendum eigendum verkefnisins. Gámavætt netþjónabú þarf stöðugar undirstöður, kælivatn og spennistöð fyrir lágspennu. Allt þetta er til staðar í Straumsvík. Umbreyting eins kerskál-



GÍSLI HJÁLMTÝSSON

ans fyrir slíkt netþjónabú krefst umtalsverðrar vinnu iðnaðarmanna sem myndi að mestu vera fjármögnuð af leigjendum, sem jafnframt ættu og fjármögnuðu gámana og tækjabúnað þeirra. Slíkt netþjónabú gæti keypt allt að 120 MW á verði sem gæti verið stighækkandi t.d. frá fjórum sentum í sjö sent á þremur árum. Nýsköpunarmiðstöð fyrir grænan orkutengdan iðnað er löngu tímabær á Íslandi, og jákvæð endurnýting á aðstöðunni í Straumsvík.

Gera má ráð fyrir að hin nýja Straumsvík myndi ráða sem flesta núverandi starfsmanna til hinnar nýju starfsemi. Jafnvel þótt ríkið ábyrgðist óbreytt laun fyrir alla þá sem misstu vinnuna væri sá kostnaður væntanlega vel innan við tveir milljarðar á ári. Önnur störf og afleidd störf yrðu fleiri en vegna álversins.

Kostir þessa umfram nýtt álver í Helguvík með öllu tilheyra umtalsverðir og jákvæð áhrif á hagvöxt veruleg og varanlegri. Svæðið er tilbúið og því engin þörf fyrir skuldbindingu landsins vegna stoðvirkja; engin fjárfesting í virkjun, engin fjárfesting í háspennulínunum, engin fjárfesting í höfn eða öðrum stoðvirkjum. Fjármögnun umbreytingar svæðisins kæmi frá erlendum leigjendum/eigendum tveggja verkefnanna og myndi fela í sér umtalsverðar framkvæmdir og vinnu, sem að langmestum hluta yrði unnin af Íslendingum. Breytingu þriðja kerskálans í nýsköpunarmiðstöð fyrir grænan orkutengdan iðnað mætti auðveldlega fjármagna með innlendu fjármagni.

Orkusölutekjur af hinni nýju Straumsvík yrðu tvöfalt meiri heldur en af núverandi starfsemi. Tekjuaukningin kæmi án viðbótarskuldbindingar þjóðarinnar og vaxtagreiðslna. Ofan á það bættist svo ávinningur af Nýsköpunarmiðstöð fyrir grænan orkutengdan iðnað. Að auki yrði nýja starfsemi umtalsvert umhverfisvænni en starfsemi álversins. Ef gert er ráð fyrir tveimur milljörðum ár ári sem framlagi til reksturs nýsköpunarmiðstöðvarinnar, yrði heildarkostnaður þjóðarinnar vegna sólarlags álversins og reksturs nýsköpunarmiðstöðvarinnar innan við fjórðungur vaxtakostnaður virkjana fyrir álver í Helguvík.

Við Íslendingar erum yfirskuldsett þjóð og horfum fram á gríðarlegan fjármögnunarfanda næstu árin. Við megum ekki skuldbetta okkur enn frekar. Ég skora á Hafnfirðinga, stjórnvöld og nýjan forstjóra Landsvirkjunar að hafna frekari virkjunum í bráð, hafna frekari lántökum þjóðarinnar í þágu stóriðju og hafna stækkun álversins í Straumsvík. Þess í stað skora ég á hlutaðeigandi að loka álverinu í Straumsvík, og endurnýta svæðið fyrir orkutengda nýsköpun, og selja orkuna á þreföldu því verði sem nú er gert.

Höfundur er stjórnarformaður Thule Investments.



**DANIEL HESS** frá West Union, Iowa fann upp fyrstu ryksuguna árið 1860. Hann kallaði tækið reyndar teppasóp. Fyrstu handstýrðu vélina fann lves W. McGaffey árið 1868 sem kallaðist „Whirlwind“.



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



## Spennandi námskeið

### Tölvunámskeið

Fingrasetning  
Tölvugrunnur  
Netið og samskipti  
Heimasíðugerð

### Matreiðslunámskeið

Gómsættir bauna – pasta –  
og grænmetisréttir  
Gómsættir hollir suðrænir réttir  
frá Miðjarðarhafsiöndunum  
Hráfæði  
Ítölsk matargerð  
Matarmiklar súpur  
og heimabakað brauð  
Matargerð fyrir karlmenn

### Hekla

Grunnnámskeið í að hekla

### Garðyrkjunámskeið

Garðurinn allt árið  
Trjáklippingar  
Trjárækt í sumarbústaðalandinu

### Förðunarnámskeið

Förðunarnámskeið  
Að farða sig og aðra

### Prjónanámskeið

Grunnnámskeið í að prjóna  
Peysuprjón

### Kökur og konfekt

Kransakaka - bökuð  
Konfektgerð  
Kökuskreytingar

Auk fjölda annarra námskeiða í boði

Innritun og upplýsingar:

<http://kvoldskoli.kopavogur.is>

eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla við  
Furugrund í síma 564 1507



„Myndin varð mér ákveðinn innblástur,“ segir Kristján Þórður um teikningu Picasso af Don Kíkóta og Sansjó Pansa.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Efnislegur og traustur

Þegar Kristján Þórður Hrafnsson rithöfundur sat við að skrifa leikritið Fyrir framan annað fólk, sem fer á svið í Iðnó bráðlega, komst hann í ákveðið samband við mjög svo bókmenntalegan kaffibolla.

„Þótt sumum finnst það kannski hálfgerður barbarismi þá drekk ég mikið Neskafla þegar ég sit við skriftil,“ byrjar Kristján Þórður á að játa og sýnir bolla sem hefur visst tilfinningagildi fyrir hann. Sá er með mynd eftir Picasso af Don Kíkóta og Sansjó Pansa, þessum tveimur aðalpersónum úr hinni frægu skáldsögu Cervantes. Kristján kveðst hafa keypt hann á Spáni þegar hann var þar á ferð 2003. „Þetta er eini kaffibollinn minn sem hefur bókmenntalega skírskotun,“ segir hann brosandí. „Allir aðrir eru mjög venjulegir.“ Þegar Kristján vann að nýj-

asta leikritinu sínu, Fyrir framan annað fólk, sem var á fjöllum Hafnarfjarðarleikhússins í haust og verður tekið upp í Iðnó um aðra helgi, segir hann bollann hafa haft sérstakt gildi fyrir sig með tvennum hætti. „Myndin varð mér ákveðinn innblástur,“ segir hann. „Ég sé samsvörum með Don Kíkóta sem er lokaður inni í eigin hugarheimi og hefur fjarlægst veruleikann og Höskuldí, aðalpersónu leikritsins, sem er á sinn hátt lokaður inni í eigin baráttu við undarlegt vandamál í sálarlífi sínu. Hlutskipti beggja eru tragískt og kómískt í senn.“ Fyrir utan að súpa

Neskafla úr bollanum þótti Kristján svo líka þægilegt að handleika hann þegar hann gekk um gólf og braut heilann um leikritið. „Það er svo gott að halda á einhverju efnislegu og traustu eins og gerðarlegu kaffibolla þegar maður er að vinna með eitthvað jafn óefnislegt og hugmyndir.“

Nú þegar Kristján Þórður er búinn að skrifa leikritið hefur hann gefið þessum bolla frí. „En,“ segir hann íbygginn. „Ég er búinn að ákveða að þegar verkið fer aftur á svið í Iðnó, 5. febrúar, ætla ég að drekka morgunkaffi mitt úr þessum bolla.“

gun@frettabladid.is

**ICE LOGIC**  
NÝJA LÍNAN frá **SNAIGÉ**

Gerð RF-32  
Hx BxD 176x60x62

Kælihluti  
233 ltr.

Frystir  
54 ltr.

Skápur sem margir hafa beðið eftir, stór 233 ltr. kæli að ofan og góður 54 ltr. frystir.

**EKKI SPILLIR VERÐIÐ**  
20% TÍMABUNDINN AFSLÁTTUR

Hvítur 119.900 Stál 159.900

Á þessum árið 1947 var litkvmynd Óskars Gíslasonar, ljósmyndara og kvikmyndargerðarmanns, frumsýnd. Myndin bar heitið Reykjavík vorra daga og var yfirgripsmikil heimildarmynd um Reykjavík, gerð í tilefni af 160 ára afmæli borgarinnar. Myndin var frumsýnd í tveimur hlutum, sá fyrri á þessum degi en ári síðar var seinni hlutinn sýndur. Tökur á kvikmyndinni og vinnsla hafði staðið í tvö ár og þótti verkið marka tímamót í íslenski kvikmyndagerð.

Alþýðublaðið segir frá kvikmyndinni hinn 4. febrúar árið 1947 og er þar skrifað að Reykjavík vorra daga verði eflaust „á komandi áratugum, fyrir margra hluta sakir, talin merkileg heimilid og að Reykvikingar munu oft skemmta sér við að sjá hana“.

Myndin var frumsýnd í Tjarnarbíói og sáu 350 Reykvikingar myndina.

Premur árum síðar, í mars 1950, var ein þekkt-



asta mynd Óskars, Síðasti bærin í dalnum, frumsýnd en hún var fyrsta leikna mynd Óskars í fullri lengd. Jafnframt samdi Jórunn Viðar tónlistina við myndina og var það í fyrsta skipti sem kvikmyndatónlist var samin á Íslandi við mynd í fullri lengd.

Óskar var brautrygjandi í íslenski kvikmyndagerð en hann lést árið 1990, 89 ára að aldri.

MERKISATBURÐIR

- 1864 Síðara Slésvíkurstrið-ið hefst þegar þýskir hermenn halda yfir landamærin inn í Slésvík sem þá tilheyrir Danmörku.
- 1904 Hannes Hafstein verður fyrsti ráðherra Íslands með búsetu á Íslandi.
- 1918 Rússland tekur upp gregoríska tímatalið.
- 1935 Áfengisbann er fellt úr gildi á Íslandi. Bannið hafði staðið í tuttugu ár og einn mánuð, eða frá 1. janúar 1915.
- 1948 Ríkisútvarpið hefur stutt-þýgjusendingar fyrir Ís-landinga erlendis.
- 1977 Síðasta mjólkurbúðin í Reykjavík er lögð niður.
- 2003 Þórólfur Arnason tekur við sem borgarstjóri Reykjavíkurborgar.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is

AFMÆLI



LISA MARIE PRESLEY leik- og söngkona er 42 ára.



MICHAEL C. HALL leikari er 39 ára.



BIG BOI tónlistarmaður er 35 ára.



ERLA HENDRIKSDÓTTIR fyrrum fyrirliði landsliðs kvenna í fótbolta er 33 ára.

## Bar litlum Guðmundi



VORBOÐI Huðnan Maðra og geithafurinn Guðmundur Guðmundsson.

Fyrsti vorboðinn í Fjölskyldu- og húsdýrargarðinum leit dagsins ljós síðastliðinn miðvikudag þegar gráflekkotta huðnan Maðra bar hvítum geithafri, en geitburður mun aldrei hafa hafist eins snemma og nú.

Maðra kom í garðinn ásamt huðnunum Mjöll og Bót frá Möðrudal á Fjöllum síðastlið-ið haust og fylgdi þessi laumufarþegi með.

Kiðlingurinn litli hefur fengið nafnið Guðmundur og er nafnið sótt til þjálfara íslenska karllandsliðsins í handknattleik.



HVETUR FÓLK TIL AÐ HALDA DAGINN HÁTÍÐLEGAN Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastýra Kvenfélagsambands Íslands, hvetur fólk til að mæta á Hallveigarstaði í dag og kynna sér starf kvenfélaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS: FAGNAR 80 ÁRA AFMÆLI

# Kvenfélög sinna samfélaginu

Kvenfélagsamband Ísland var stofnað hinn 1. febrúar árið 1930 en þá voru kvenfélög í landinu orðin fjölmörg og sambandið því hugsað sem samein- ingar- og samstarfsvettvangur þeirra. Í tilefni afmælisins hefur formanna- ráð Kvenfélagsambandsins einhliða lýst 1. febrúar ár hvert Dag kvenfé- lagskonunnar.

„Kvenfélagsambandið hvetur allar kvenfélagskonur til að halda daginn hátíðlegan og landsmenn alla til að heiðra kvenfélagskonur þennan dag,“ segir Hildur Helga Gísladóttir, fram- kvæmdastýri Kvenfélagsambands- ins, og bætir við að kvenfélög í land- inu séu sterkt afl og áhugi á þeim hafi aukist eftir efnahagshrunið.

„Hlutverk Kvenfélagsambandsins er að stuðla að aukinni samvinnu allra kvenfélaga í landinu með fundum, ráðstefnum, námskeiðum, útgáfu og ýmsum öðrum hætti og styðja við að- ildarfélög okkar. Einnig aðstoðum við konur sem langar að ganga í kvenfélag eða stofna slíkt,“ segir Hildur en að- ildarfélög eru í dag um 200 talsins.

Fyrsta kvenfélag landsins, Kvenfé- lag Rípurhrepps, var stofnað árið 1869, en kvenfélög sinna samfélagsmálum í sjálfboðastarfi og í dag skortir þau síður en svo verkefni að sögn Hildar vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

„Kvenfélög hafa alltaf verið sterk og áorðað miklu fyrir samfélagið. Hér áður fyrr þegar ekki voru veitinga- hús eða skemmtistaðir sáu kvenfélög- in nánast um alla menningarstarfsemi sem fór fram á landsbyggðinni og öf- luðu um leið fjár til þess að gefa samfé- laginu. Hlutverk kvenfélaganna hefur fyrst og fremst verið að sinna samfé- laginu og svo að veita konum félags- skap og efla kynni meðal kvenna. Stundum er sagt að ef þú gangir í kven- félag kynnist þú samfélaginu,“ segir Hildur.

Kvenfélagsambandið hefur sinnt mörgum verkefnum. Nú eru í gangi námskeið um aukna hreyfingu og bætt mataræði og félagsmálanám- skeið í samstarfi við Ungmennafélag Íslands og Bændasamtök Íslands. Þá gefur Kvenfélagsambandið út tíma-

ritið Húsfreyjuna og rekur einnig Leiðbeiningarstöð heimilanna. Kven- félagsamband Íslands er einnig í al- þjóðasamstarfi, til að mynda við Al- þjóðasamband dreifbýliskvenna.

Opið hús verður í Kvennaheimlinu Hallveigarstöðum á Túngötu 14 í dag milli klukkan 17-19 þar sem boðið verður upp á kaffi og kökur að gömlum ís- lenskum sið. Konur eru hvattar til að mæta og kynna sér störf kvenfélaga. „Aðalverkefni afmælisársins er svo húfuverkefni sem snýst um að kvenfé- lagskonur þrjóna húfur sem allir ný- burar sem fæðast á Íslandi á afmæl- isárinu fá að gjöf. Allar húfurnar eru með kveðju frá Kvenfélagsambandinu þannig að um leið eru mæður í landinu minntar á starf kvenfélaga og þann fé- lagskap sem hægt er að sækja þang- að.“

Hildur segir að gildin í landinu hafi breyst síðustu misserin. „Við finnum það vel hjá okkar samtökum. Það sem hefur virkað og virkar enn er meðal annars kvenfélögin.“

juliam@frettabladid.is

+

### Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum bladsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið tímamot@frettabladid.is

+

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Vilhjálmsson**  
prentari, Ægisíðu 78, Reykjavík,

andaðist á Borgarspítalanum sunnudaginn 24. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju, miðvikudaginn 3. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Ljósíð – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Margrét Ólafsdóttir

Vilhjálmur Svan Jóhannsson	Sesselja R. Henningsdóttir
Valgerður Jóhannsdóttir	Jakob H. Magnússon
Ólafur Jóhannsson	Helga Sigurðardóttir
Laufey Jóhannsdóttir	Jan B. Thomsen
Þráinn Jóhannsson	Erna Andreassen

barnabörn og barnabarnabörn.

## Vildu fanga þjóðarsálina

Ljósmyndasýningin Íslendingar verður opnuð í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu nú á miðvikudaginn, 3. febrúar. Á henni er úrval mynda úr samnefndri bók eftir þau Unni Jökulsdóttur rithöfund og Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndara sem kom út árið 2004. Bókin var gefin út á fjór- um tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og frönsku, og hefur hlotið góðar viðtökur, bæði hér á landi og erlendis.

Unnur og Sigurgeir einsettu sér

að fanga þjóðarsálina í myndum og texta. Þau ferðuðust vítt og breitt um landið í tvö ár, heimsóttu fólk sem umhverfið hafði mótað og meitlað og var fastengt landinu og náttúrunni. Þetta fólk fangaði hugi þeirra og varð þeirra viðfangsefni bæði í máli og myndum.

Sýningin stendur frá 3. febrúar til 16. janúar 2011 og verður opin alla daga frá klukkan 11 til 17. Hún var áður sýnd á frönsku hátíðinni Les Boréales – Un festival en Nord. - gun



ÞJÓÐARSÁLIN Í MÁLI OG MYNDUM Sýningin Íslendingar verður opin í ár.





ÖÐLINGAR Þórdís Elva Þorvaldsdóttir ásamt öðlingum. Frá vinstri eru Atli Fannar Bjarkason blaðamaður, Víðir Guðmundsson leikari, Karl Sigurðsson tölvunarfræðingur og Baggalútur, Höskuldur Sæmundsson leikari, Lárus R. Haraldsson verkefnisstjóri, Rúnar Kristinsson knattspyrnu- stjóri og Snorri Ásmundsson myndlistarmaður. Á myndina vantar Sturlu Sighvatsson framkvæmdastjóra, Björn Hlyn Haraldsson leikara og Sverri Þór Sverrisson leikara.

## Öðlingar vekja athygli á söfnun fyrir neyðarmóttöku

„Hugmyndin að öðlingunum kemur frá Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur sem skrifaði bókina Á mannamáli,“ segir Karl Sigurðsson, tölvunarfræðingur og Baggalútur, sem er einn af öðlingunum sem tekur þátt í samnefndu átaki til að vekja athygli á bágrri stöðu neyðarmóttöku Landspítala. Bók Þórdísar Elvu fjallar um kynbundið ofbeldi en að sögn Karls er henni það hugleikið málefni auk annarra málaflokka sem því tengjast. „Þegar hún var að skrifa bókina komst hún að því að mikið hefur verið skorið niður á neyðarmóttöku Landspítalans ár eftir ár og nú er svo komið að forstöðukonan heldur þessu uppi nánast með handafli,“ segir hann.

Í framhaldi af því datt Þórdísi Elvu í hug að setja af stað átak til að safna fyrir starfsemi neyðarmóttökunnar. „Í staðinn fyrir að gera það í eitt skipti fyrir þetta eina málefni ákvað hún að finna átak sem hægt væri að hafa árlega,“ segir Karl.

Öðlingarnir eru hópur manna af ólíkum sviðum þjóðfélagsins. Auk Karls eru í hópnum þeir Rúnar Kristinsson knattspyrnu- stjóri, Höskuldur Sæmundsson leikari, Atli Fannar Bjarkason blaðamaður, Snorri Ásmundsson myndlistarmaður, Sturla Sighvatsson framkvæmdastjóri, Lárus R. Haraldsson verkefnisstjóri, Víðir Guðmundsson leikari, Sverrir Þór Sverrisson leikari

og Björn Hlynur Haraldsson leikari. Þeir munu frá bóndadegi og til konudags hafa það að markmiði að kynna átakið sem víðast og vekja athygli á vefsíðunni odlingurinn.is.

Átakið gengur út á að selja bókina hennar Þórdísar sem sjálf hefur gefið allan sinn ágóða. Hjá Forlaginu er hægt að kaupa bókina á heildsöluverði á 1.990 krónur en mælt er til þess að fólk kaupi hana dýrara verði og sá peningur mun renna beint til neyðarmóttökunnar.

Á konudegi er ætlunin að við kyndlinum taki kvenkynsöðlingar sem munu halda merkjum átaksins áfram. -sg

## Höfundahádegi í Norræna húsinu

Nú í febrúar munu svokölluð höfundahádegi vera á dagskrá einu sinni í viku í Norræna húsinu. Óskar Guðmundsson og Einar Kárason ríða á vaðið í dag með spjalli um tilurð og ritun ævisögu Snorra Sturlusonar sem Óskar sendi frá sér nýverið. Bókin hlaut góðar viðtökur þegar hún kom út en í bókinni er saga Snorra sögð um leið og góð yfirsýn er gefin yfir þann tíma sem Snorri var uppi á. Næsta höfundahádegi verður á mánudaginn eftir viku þegar Pétur Gunnarsson og Haukur Ingvarsson spjalla um bækur Péturs um Þórberg Þórðarson. Höfundahádegin hefjast klukkan tólf og standa í klukkutíma.



SPJALL VIÐ RITHÖFUNDA Einar Kárason og Óskar Guðmundsson munu spjalla um ævisögu Snorra Sturlusonar í dag.



-jma

### Minning

## † Þorleifur Hannes Sigurbjörnsson

sjómaður



Þorleifur Hannes Sigurbjörnsson fæddist í Reykjavík 26. ágúst 1962. Hann lést 21. janúar síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Hann var ókvæntur og barnlaus en sambýliskona hans til tíu ára var Sumarrós Kristín Jóhannsdóttir fædd á Þórshöfn 2. september 1958, á hún þrjú börn. Slitu þau samvistum á síðasta ári. Eftirlifandi foreldrar Þorleifs eru Hanna Signý Georgsdóttir fædd í Reykjavík 5. október 1942, gift Úlfari Björnssyni, fæddur á Hvammstanga 7. mars 1938 og Sigurbjörn Finnbogason, fæddur að Hlíð í Strandasýslu 4. janúar 1941, kvæntur Sigurbjörgu Ísaksdóttur fædd að Hóli í Kelduhverfi 8. október 1940. Systkini Þorleifs sam- mæðra eru Ragnheiður Birna fædd 15. október 1963, Guðrún Alda fædd 5. október 1965 og Sigurður Viktor fæddur 18. apríl 1974. Systkini Þorleifs samfeðra eru Klara Guðbjörg fædd 27. október 1963, Ægir Rúnar fæddur 13. júlí 1965 og Finnþógr Grétar fæddur 2. júní 1971.

Þorleifur Hannes ólst upp í Reykjavík en síðustu 10 árin bjó hann á Þórshöfn og undi þar hag sínum vel í nánum tengslum við náttúruna. Þorleifur hneigðist snemma til vinnu og byrjaði ungur að bera út blöð og selja. Á unglingsárunum vann hann hjá Tímanum við sendlastörf með skóla en einnig fyrir Íslenska endurtryggingu. Strax um fermingu fór hann í saltfiskvinnslu hjá ömmubróður sínum í Þorlákshöfn og kom þar glöggt í ljós hvað hann undi sér betur á landsbyggðinni en á mölinni. Þorleifur stundaði ýmis störf á ferli sínum og má þar nefna afgreiðslustörf hjá Ræsi og Bílanausti og útkeyrslu hjá Ölgerðinni Aglí Skallagrímssyni. Þá ráku hann og Sumarrós sambýliskona hans, veitingastaðinn Hafnarbarinn á Þórshöfn um nokkurra ára skeið.

Sjómennskan var þó sú starfsgrein sem átti hug hans allan stóran hluta ávið hans og kom hann þar víða við. Krókurinn beygðist snemma. Vorið þegar hann var sjö ára gamall fékk hann að fara í róður með Birni grásleppubönda við Ægissíðuna að vitja um netin og þótti það mjög skemmtilegt. Hann fór mjög ungur með vini sínum Ella Hintze og föður hans í millilandasiglingu á Hofsjökli, réri á fiskibát frá Skagaströnd með frænda sínum Ómari og frá Þórshöfn í seinni tíð. Hann starfaði á varðskipum, skuttogurum, og undanfarin ár sem badermaður á frystitogurum.

Útför Þorleifs Hannesar verður gerð frá Frikirkjunni í Reykjavík í dag og hefst athöfnin kl. 13.00.

## † Hjónin Bolli og Björk

Sumir hugsað sér tímann sem línu sem ætti sér upphaf í óendanlegri fortíð og stefndi til óendanlegrar framtíðar. Steinn Steinarr orti um tímann:

Tíminn er eins og vatnið, og vatnið er kalt og djúpt eins og vitund mín sjálfs.

Og tíminn er eins og mynd, sem er máluð af vatninu og mér til hálf.

Og tíminn og vatnið renna veglaust til þurrðar inn í vitund mín sjálfs.

Þau Bolli og Björk voru ekki bundin við tímann á þann hátt sem flestir eru. Hjá þeim var hann ekki hin knappa mælieining sem hrjár svo marga í samfélagi nútímans. Þau áttu ævinlega nagan tíma, að minnsta kosti fyrir aðra, en hvernig fólk voru þau?

Því er ekki hægt að svara í einni stutttri setningu og víst er að sitt sýnist hverjum þar um eins og gengur, en fyrir um það bil 20 árum var ég kynntur fyrir þeim. Bolli var þá eins og svo oft að skipuleggja, og í þetta sinn var hann að vinna að hestaferð norður um Kjöl á fyrirhugað Landsmót hestamanna. Ferð sem varð undanfari að stofnun Hestaferðafélagsins sem Bolli varð síðar heiðursfélagi í.

Þegar ég kom sem gestur á heimili þeirra hjóna kynntist ég einstakri gestrisni eins og svo margir höfðu áður gert. Það var ekki eins og ókunnur maður væri kominn í heim- sókn heldur einhver sem margoft hefði til þeirra komið.

Þannig voru þau. Heimili þeirra var opið og þeir sem þar komu voru boðnir velkomnir frá fyrstu stundu. Eðlileg, notaleg og frjálst og ekki var spurt um stétt eða stöðu. Allir voru jafnir í þeirra augum. Enda var lífsskoð- unin sú að enginn væri öðrum æðri.

Bolli var maður sem ekkert aumt mátti sjá og það átti einnig við um Björk. Þau stóðu saman í því sem öðru, þó verkaskiptingin á heimilinu væri skýr.

Bolli var maðurinn sem taldi bæði sjálfsagt og eðlilegt að liðka fyrir því að undirritaður kæmist í fyrirhugaða hestaferð ásamt dóttur, þó seint væru kynnt til sögunnar. Hann var maðurinn sem skipulagði ferðina í þaula, skipti henni upp í áfanga, pantaði gististaði og sá til þess að allur nauðsynlegur búnaður yrði til staðar.

Hann taldi ekki eftir sér þegar hann vaknaði upp um miðja nótt í öðrum áfanga umræddrar ferðar, að læðast út þegar aðrir sváfu og aka 70 kílómetra til að sækja hlut sem hann mundi eftir að gleymst hafði daginn áður og var síðan mættur manna fyrstur í morgunkaffið.

Hann var maðurinn sem fann upp á því að senda hesta sína í aðra ferð átta árum seinna og fela þá í umsjá ungrar konu sem hann vissi að langaði til að fara, en hafði ekki hesta né fé til að geta farið. Það var nefnilega

### Minning



Bolli og Björk, sumarið 1998 ásamt vinafólki.

svo nauðsynlegt að hreyfa hestana, að það var sjálfsagt að hann greiddi kostnað hennar af ferðinni ef hún vildi vera svo góð að liðka fyrir hann hrossin og nota þau til ferðarinnar.

Seinna þegar bróðir fyrrnefndrar konu tók upp á því að brasa við að koma sér upp smíðju, þá linnti Bolli ekki látum fyrr en hann var búinn að finna í fórum sínum loftljós til að lýsa upp fyrirhugað smíðjuhús. Ljósín voru náttúrulega eitthvað sem Bolli þurfti alveg nauðsynlega að losna við og það væri bara greiði við hann, ef hinn ungi maður vildi vera svo góður að nýta sér þau!

Hér eru aðeins nefnd örfá dæmi um hvernig Bolli Sigurhansson brást við ef hann sá einhverja leið til að gera öðrum gott og hjálpa. Hann var einnig margfróður, vel lesinn og upplýstur maður sem gaman og fróðlegt var að ræða við. Þau Björk höfðu ferðast mikið um landið sitt og einnig höfðu þau farið til fjarlægra landa svo sem Japans og Indlands og margra fleiri.

„Hún Björk mín grét nú dálítið í Delhi,“ sagði Bolli við mig þegar ég sagði honum að við hjónin værum á leið þangað og ástæðan fyrir þeim tárur var vitanlega eynd hinna snauðu sem Björk fann svo mikið til með.

Þannig voru þau, manneskjur sem fundu til með öðrum og vildu láta gott af sér leiða. Manneskjur sem gott var að þekkja og gott að eiga að.

Ég er þakklátur fyrir að hafa átt þess kost að kynna þeim, það var bæði gott og ekki síður skemmtilegt. Með þeim eru horfnir af sviðinu fulltrúar kynslóðar sem óðum er að hverfa. Kynslóðar sem mörgu kom til leiðar og lagði mikið af mörkum til að gera íslenskt samfélag að því sem það er í dag, en vel að merkja, átti engan þátt í að koma því í þau vandræði sem það er í núna.

Bolli Sigurhansson var fæddur 21. desember 1928 og lést 3. janúar 2010.

Björk Dagnýsdóttir var fædd 8. júlí 1930 og lést 5. maí 2008.

Ég votta aðstandendum og vinum alla mína samúð, en eftir lifir minningin um gott fólk.

Ingimundur Bergmann.



**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★★  
MERYL STREEP STEVE MARTIN ALEC BALDWIN  
**It's Complicated**

3D  
ALVIN OG IKORNARNIR 2

George Clooney  
**UP IN THE AIR**

AVATAR 3D

**SÝNINGARTÍMAR**

IT'S COMPLICATED	kl. 5.40, 8 og 10.20	12
SKYJAD MED KJÖTBOLLUM... 3D	kl. 3.50 - ísl. tali	7
UP IN THE AIR	kl. 5.50, 8 og 10.10	7
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 4 - ísl. tali	L
MAMMA GÓ GÓ	kl. 4	10
AVATAR 3D	kl. 6 og 9	10

**FRÁBÆR MYND**  
Tveir helstuþáttir SPINE JUCE  
Dyggð í einni ástæðulegu sögu okkar tíma.

★★★★  
Höfundur: Elbert  
"Samhallað meistaraverk"  
Frán TV

Denzel Washington og Gary Oldman eru frábærir í þessari mögnuðu spennumynd (fandall) Am Legend og Mad Max

MERYL STREEP STEVE MARTIN ALEC BALDWIN  
Written and Directed by Nancy Meyers  
**It's Complicated**  
Divorced...with benefits.

WHERE THE WILD THINGS ARE

Planet 51

George Clooney  
**UP IN THE AIR**  
From the Director of "Lemony Snicket's A Series of Unfortunate Events"

SÁLUBÆTTI ALFABAKKA		SÁLUBÆTTI KRINGLUNNI			
THE BOOK OF ELI	kl. 8:00 - 10:30D	46	THE BOOK OF ELI	kl. 5:50D - 8:10D - 10:40D	46
WHERE THE WILD THINGS ARE	kl. 5:50 - 8 - 10:30	7	IT'S COMPLICATED	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
UP IN THE AIR	kl. 5:40 - 8 - 10:20	7	SHERLOCK HOLMES	kl. 8 - 10:40	12
PLANET 51 M/Ísl. Tali	kl. 5:50D	7	PLANET 51 M/Ísl. Tali	kl. 5:50D	7
SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12	<b>AKUREYRI</b>		
SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12	TOY STORY 1 - 3D	kl. 6	L
BJARNFREDARSON	kl. 5:50 - 8 - 10:30	7	THE BOOK OF ELI	kl. 8 - 10	46
jÁ NÚ GETUR ÞÚ FENGID SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118			BJARNFREDARSON	kl. 5:40	L
			UP IN THE AIR	kl. 8	L
			SHERLOCK HOLMES	kl. 10:10	12

**NÝTT Í BÍÓ!**

HAD RIGHIR MATI  
**SKYJAD MED KJÖTBOLLUM A KÖFLUM**

MERYL STREEP STEVE MARTIN ALEC BALDWIN  
Fráskilin...  
...með fríðindum.  
Frá höfund/leikstjóra  
SOMETHING 'S GOTTA GIVE

**LANGVINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI**

BESTA MYND  
BESTI LEIKSTJÓRI

AVATAR  
100.000 GESTIR!

MORGANS

THE ROAD

ALVIN OG IKORNARNIR 2

Nikulás litli

**SMARRA BÍÓ** Sími 564 0000

IT'S COMPLICATED	kl. 8 - 10:35	12
IT'S COMPLICATED LÚXUS	kl. 5:25 - 8 - 10:35	12
SKYJAD MED KJÖTBOLLUM... 3D	kl. 3:40 - 5:50	L
SKYJAD MED KJÖTBOLLUM 2D	kl. 3:40 - 5:50	L
DYHAT MORGANS	kl. 8 - 10:20	7
MAMMA GÓ GÓ	kl. 6 - 8 - 10	L
AVATAR 3D	kl. 4:40 - 8	10
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 3:50	L

**HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919

IT'S COMPLICATED	kl. 5:50	L
IT'S COMPLICATED	kl. 5:30 - 8 - 10:35	12
MAMMA GÓ GÓ	kl. 6 - 8 - 10	L
AVATAR 3D	kl. 8	10
NIKULÁS LITLI www.graenajodisid.is	kl. 6 - 8 - 10 íslenskt tali	L

facebook.com/smarabio  
AÐBÆNDUR GETA UNNIÐ BIÓKORT ÚT ARIÐ, BOÐSMÍÐA Á FÓRSÝNINGAR O.M.F.L.

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

CLOUDY WITH MEATBALLS 2D	kl. 5:50 - 8 - 10:10 enskt tali	L
SKYJAD MED KJÖTBOLLUM 2D	kl. 5:50 íslenskt tali	L
HARRY BROWN	kl. 8 - 10:20	16
THE ROAD	kl. 8 - 10:20	16
ALVIN & IKORNARNIR 2	kl. 6 íslenskt tali	L
JULIE & JULIA	kl. 5:30 - 8 - 10:35	L

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

SKYJAD MED KJÖTBOLLUM 2D	kl. 6	L
IT'S COMPLICATED	kl. 10:10	12
MAMMA GÓ GÓ	kl. 6	7
AVATAR 2D	kl. 8	10

# Opnar sushibar á Stjörnutorgi

„Ég er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og hef því verið í kringum fisk allt mitt líf. Ég fluttist sautján ára gamall til Reykjavíkur og fór að læra kokkinn. Stuttu eftir útskrift bauðst mér að læra að búa til sushi og ég fór til Kaupmannahafnar og var undir handleiðslu japansks meistara að nafni Isao Susuki í tvö ár,“ útskýrir Sigurður Karl Guðgeirsson sem opnar veitingastaðinn suZushii á Stjörnutorgi í lok næstu viku ásamt sambýliskonu sinni, Ástu Sveinsdóttur. Sigurður Karl segir hugmyndina að staðnum hafa kviknað fyrir níu árum en hann hafi beðið þar til nú með að láta drauminn rætast. Aðspurður segir hann það vissulega skrítið að opna sushibar mitt á milli skyndibitastaðanna en telur að suZushii verði góð viðbót

við þá flóru sem þar ríkir. „Þetta er kannski svolítið skrítið en Rikki Chan er þarna við hliðina á mér og hann selur kínverskan mat þannig að við Rikki verðum bara saman með asiaka hlutann,“ segir Sigurður sem mun leggja mikið upp úr að vera með samkeppnishæft verð og segir mottó sitt vera „nýlag-að, ferskt og ódýrt“, en maturinn verður handlagður á staðnum af Sigurði sjálfum.

Sigurður Karl segist hafa fengið jákvæð viðbrögð bæði frá starfsfólki í Kringlunni og nemendum við Háskóla Reykjavíkur og því sé hann nokkuð bjartsýnn á framtíðina. „Ég er bara mjög bjartsýnn og blæs á þessa kreppu,“ segir hann að lokum.

Áhugasamir geta nálgast frekari upplýsingar á www.suzushii.is.



**BJARTSÝNN SUSHIMEISTARI** Sigurður Karl Guðgeirsson opnar veitingastaðinn suZushii ásamt sambýliskonu sinni, Ástu Sveinsdóttur. MYND/ASLAUG SNORRADÓTTIR



**SINDRI MÁR SIGFÚSSON** Nýjstu plötu hljómsveitarinnar Seabear, We Built a Fire, hefur verið lekið á netið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Plötu Seabear lekið á netið

Nýjstu plötu hljómsveitarinnar Seabear, We Built a Fire, hefur verið lekið á netið, rúmum mánuði áður en hún kemur út.

„Svona er þetta bara. Það er ekki hægt að gera neitt í þessu,“ segir Sindri Már Sigfússon úr Seabear. „Ég sá þetta fyrir nokkrum dögum og lét plötufrirtækjandi vita. Þeir eru að reyna að gera tilraun til að láta loka á þessa síðu sem er komin með þetta. En ef ein er komin með þetta er þetta komið út um allt,“ segir Sindri og leiðir líkum að því að erlendir blaðamenn sem fengu kyn-

ingardiska í desember hafi sett plötuna á netið. „Svo veit maður ekkert hversu mikil áhrif þetta hefur á plötusölu. Ég veit að platan frá Grizzly Bear lak á netið þremur mánuðum áður en hún kom út. Þeir voru leiðir yfir því en svo þegar hún kom út fór hún á Billboard-listann.“

We Built a Fire átti upphaflega að koma út síðasta sumar en henni var frestað vegna þess að Sindri og félagar voru ekki nógu ánægðir með útkomuna. Engu síður er þó nokkuð liðið síðan platan kláraðist en að sögn Sindra eru vinnubrögðin þannig hjá útgáfufyrirtækinu Morr að oft liður hálf ár þangað til plata kemur út eftir að lokið

hefur verið við hana. „Þetta er aðallega út af kynningarmálum. Þeir senda plötuna á alla helstu fjölmiðla og gá hvort þeir fái góð viðbrögð,“ segir hann. Plötufrirtækjandi Borgin, sem gefur Seabear út á Íslandi, óskaði einmitt eftir því að gefa plötuna út fyrir jólin hérna heima en kom að lokuðum dyrum. Seabaer fer í tónleikaferð um Þýskaland til að fylgja plötunni eftir. Eftir það verður ferðinni heitið til Bandaríkjanna. „Við erum að gíra okkur andlega upp í þetta. Við erum öll spennat að spila nýju lögin og sjá hvernig fólk tekur í þau,“ segir Sindri.

freyr@frettabladid.is

## Oasis-bræður halda áfram í rokkinu



Liam Gallagher ásamt Gem Archer og Andy Bell, sem voru líka í Oasis, stefna á að gefa út plötu í sumar. Upp-tökur hefjast í apríl og flest lögin eru þegar tilbúin. Liam gæti allt eins haldið áfram að nota Oasis-nafnið, það er bara ekki komið á hreint enn þá. Hljómsveitin hætti með hvelli í ágúst á síðasta ári og hinn bróðirinn, Noel, er að bræða það með sér að leggja í sólóplötugerð. Hann flutti nýlega aftur á heimaslóðir í Manchester eftir að hafa búið um hríð í Lundúnum.

PLATA Í SUMAR Liam Gallagher.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Mánudagur 1. febrúar 2010

→ Tónleikar



**19.30 Kimono, Morðingjarnir og Me, The Slumbering Napoleon** verða með tónleika í félagsmiðstöðinni Tónabæ við Safamýri. Enginn aðgangseyrir.

**21.00 Blúsfélag Reykjavíkur** stendur fyrir söfnunartónleikum til styrktar björgunarstarfi á Háiti. Tónleikarnir fara fram á Rosenberg við Klappastíg.

→ Fyrirlestrar

**12.30 Gunnhildur Hauksdóttir** myndlistarkona verður með fyrirlestur í Opna Listaháskólanum í húsnæði myndlistardeildar LHÍ við Laugarnesveg 91 (st. 24). Allir velkomnir.

→ Bridge

**19.00 Bridge** verður spilað í félagsheimili Sjálfbjargar að Hátúni 12. Allir velkomnir.



# Litla stúlkan með áskriftirnar

**BAKPANKAR**  
**Gerðar**  
**Kristnýjar**

Á mánudagskvöldið sló sölukona á þráðinn til mín. „Halló!“ sagði ég í tólið og hafði varla sleppt orðinu þegar synir mínir þurftu báðir á mér að halda. Það er segin saga að í hvert sinn sem ég fer í símann vilja þeir að ég finni bangsa, bíla eða pleymsjóræningjahandjárn. „Halló!“ sagði röddin á hinum enda línunnar. „Má bjóða þér áskrift að tímaritinu Lifandi vísindum ... eða nei!“ Konan hugsaði sig um og bætti við: „Ég meina Nýju lífi.“

ins yfir „fyrirverandi áskrifendur“ og fæ þess vegna reglulega upphringingar frá sölufólki. Engu skiptir að litlu tákni hafi verið komið fyrir við nafnið mitt í síma-skránni til merkis um að ég vilji ekki að sölufólk hringi í mig. Ástandið var ósköp svipað þegar ég var ritstjóri því þá var stundum hringt í mig frá útgáfunni og mér boðin áskrift að tímaritinu sem ég ritstýrði. Þá kom stundum upp í mér púkinn: „Sérðu myndina af konunni þarna hjá ritstjórnarpistlinum? Þetta er ég.“



„NEI, takk,“ sagði ég. Á kvöldin finnst mér mig aldrei vanta neitt nema svefn en áður en að því kemur þarf samt að finna bangsann, bílinn og pleymsjóræningjahandjárnin. „Ókei, bless,“ svaraði konan snögg upp á lagið og þar með lauk samtalinu. Einu sinni var ég ritstjóri hjá tímaritaútgáfu sem síðan hefur skipt um kennitölu og heitir nú allt öðru nafni en þegar ég laut þar yfir ljósaborð og át prinspóló í öll mál. Þegar ég fór í barnsburðarleyfi þáði ég að nokkur tímaritanna yrðu send heim til mín.

**SÍÐAN** þá hef ég ekki með nokkru móti getað losnað af lista eftirhreytna fyrirtækis-

**EINHVERJU** sinni kom ég fram í auglýsingaherferð banka sem síðan hefur líka skipt nokkrum sinnum um nafn. Þá var hringt í mig nokkrum sinnum og reynt að fá mig til að kaupa það sem ég sjálf auglýsti á skiltum, í dagblöðum og sjónvarpi og hafði því fyrir margt löngu bæði kynnt mér og nýtt. Ekki fannst mér síður skemmtilegt þá að segja: „Sjáðu konuna í plöggunum fyrir framan þig. Þetta er ég.“ Kæra sölufólk, geymið þennan pistil. Þegar það hvarflar að ykkur að hringja í mig til að selja mér eitthvað – þótt ég óski eftir því að það sé látið ógert – getið þið að minnsta kosti látið mér eftir þá ánægju að segja: „Sérðu konuna á úrklippunni fyrir framan þig og skrifar um að hún vilji ekki að sölufólk hringi í sig? Það er ég!“

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Leiktu aðalhlutverkið í eigin lífi!  
[www.hlutverkasetur.is](http://www.hlutverkasetur.is)

SÁ YNGSTI BORDAR FRÍTT

AMERICAN STYLE

FJÖLSKYLDU DAGAR

ALLAN FEBRÚAR

Gildir fyrir alla hópa sem telja 4 eða fleiri – ekkert aldurstakmark

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki



## > Róbert bætti markamet Geirs

Róbert Gunnarsson bætti fimmtán ára markamet Geirs Sveinssonar þegar hann skoraði 6 mörk úr 6 skotum á móti Póllandi í leiknum um þriðja sætið á Evrópumótinu í Austurríki. Róbert skoraði þar með 33 mörk í 8 leikjum á mótinu og varð fyrsti íslenski línumaðurinn sem hefur skorað meira en fjögur mörk að meðaltali í leik á stórmóti. Róbert bætti með því met Geirs Sveinssonar frá HM á Íslandi 1995 en Geir komst þá í úrvalslið mótsins eftir að hann skoraði 28 mörk í 7 leikjum, eða 4 mörk að meðaltali í leik.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## Ólafur Stefánsson: Valinn í lið mótsins og ætlar að halda áfram með landsliðinu

# Örugglega besti varnarleikur sem við höfum sýnt

Ólafur Stefánsson sagði það æðislega tilfinningu að hafa unnið til bronsverðlauna á Evrópumeistaramótinu í handbolta. Hann, eins og allir aðrir leikmenn íslenska landsliðsins, tileinkaði Gunnari Magnússyni og hans fjölskyldu þennan árangur. „Það er sérstakt að helga þessu einum manni og fjölskyldu hans. Það gefur þessu enn meiri dýpt að hafa unnið þetta. Ég vona að hann sé glaður með það og geti notað þessa minningu til að halda áfram,” sagði Ólafur. „En það er auðvitað skrytið að enda mótið svona glaður með bronsið. Við erum í það minnsta ánægðari í dag en þegar við unnum silfrið í Peking þó svo að silfur sé alltaf betra til lengri tíma lítið. En það er gaman að enda vel.” Hann sagði frammistöðu íslenska landsliðsins í fyrri hálfleik hafa verið sögulega. „Ég held að þetta sé besti varnarleikur sem við höfum sýnt. Sóknarleikurinn var líka mjög góður.” Ólafur átti í vandræðum með Slawomir Szmal, markvörð Póllands, allan leikinn.

„Hann varði nánast allt sem er gott hjá honum. Við vorum ekki lélegri fyrir vikið en það sýndi bara hvað við áttum inni. Hefði allt dottið inn í dag hefðum við líklega unnið með tólf til fjórtán mörkum.” Hann hrósaði líka Hreiðari Guðmundssyni markverði fyrir að koma inn á í lokin og verja nokkur afar mikilvæg skot. „Það verður að hrósa honum fyrir að hafa setið á bekknum og komið svo inn og staðið sig svona vel. Það sýnir hvað breiddin í hópnum er góð og hún hefur verið okkar styrkur. Það voru allir að taka þátt.” Ólafur var valinn í lið mótsins og var eini leikmaður Íslands í því liði. „Ég hef oft verið betri þegar á heildina er lítið. Ég átti sex góða leiki en það voru þó tveir leikir þar sem var lítið um skotfæri og ég átti ekki að fá að skjóta. En ég er óánægður með þessa síðustu tvo leiki þar sem ég hef nú oftast haldið mér góðum út svona mót. En þeir sem velja í þetta lið hafa sínar ástæður og raun ekkert að segja við því.” Ólafur ætlar að halda áfram að spila með landsliðinu. „Á meðan ég er í atvinnumennsku og get hjálpað til þá verð ég áfram.”



BRONS Í HÖFN Guðjón Valur fagnar á móti Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Guðjón Valur Sigurðsson:

## Er algerlega búinn á því

**HANDBOLTI** Það var þreyttur en afar ánægður Guðjón Valur Sigurðsson sem kom í viðtal til blaðamanns Fréttablaðsins eftir leikinn gegn Póllandi í gær.

„Það var ekki auðvelt að rífa sig upp fyrir leikinn í dag, hvorki andlega né líkamlega. Ég var algerlega búinn á því í síðari hálfleik og gat varla skotið lengur,” sagði hann.

„En ég er glaður og ánægður með að vera hluti af þessu liði. Það er synd að þurfa að skilja við strákana. Ég væri til í að vera í þessu liði allt árið. Þetta er einstakur hópur og það er gaman að tilheyra honum.” - esá



Í LEIKSLOK Róbert Gunnarsson faðmar Alexander Petersson. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Róbert Gunnarsson:

## Vildi ekki enda mótið illa

**HANDBOLTI** Róbert Gunnarsson átti frábæran leik með Íslandi gegn Póllandi í gær og skoraði sex mörk úr sex skotum auk þess sem hann fiskaði eitt víti.

„Við náðum bronsi og náðum að vinna þennan leik. Það skiptir engu hvort það var með einu eða tíu mörkum,” sagði hann skælbrosandi eftir leikinn.

„Við vorum auðvitað hundfúlir eftir að hafa tapað fyrir Frökkum. Ég var mjög lélegur og það voru fleiri sem voru ekki að spila vel. Ég vildi ekki enda mótið þannig.” Hann sagði að menn hefðu fengið að blása aðeins eftir leikinn á laugardaginn en svo var hafist handa.

„Það var tekinn mjög ítarlegur myndbandsfundur enda sýndum við það í leiknum að við vorum með þá. Við vildum líka sanna bæði fyrir sjálfum okkur og öðrum að við getum fylgt á eftir góðu móti. Við náðum ekki gullinu en þó verðlaunapeningur sem er stórkostlegur árangur.” - esá

# Stórkostlegt að finna stuðninginn

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var stoltur og hrærður eftir að íslenska landsliðið vann til bronsverðlauna á Evrópumeistaramótinu í handbolta. „Við megum vera mjög stolt.”

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var afar stoltur af árangri landsliðsins í handbolta sem í gær vann til bronsverðlauna á Evrópumeistaramótinu í handbolta sem lauk í Austurríki í gær.

Ísland vann sigur á Póllandi, 29-26, í leik um bronsverðlaunin eftir stórbrotna frammistöðu í fyrri hálfleik.

Guðmundur hafði mörgum að þakka eftir leik og sagði stuðning íslensku þjóðarinnar hafa verið liðinu ómetanlegur.

„Við erum búnir að finna fyrir stuðningi íslensku þjóðarinnar sem er stórkostlegur. Það hefur verið einstakt að finna fyrir því og hvetur okkur áfram til að hjálpa þjóðinni á erfiðum tímum. Það dreif okkur áfram því við vildum gera allt sem við gátum til að koma með eitthvað jákvætt í lífið á Íslandi,” sagði Guðmundur við Fréttablaðið eftir leik.

„Svo vil ég taka það sérstaklega vel fram að þessi hópur sem hefur starfað í kringum liðið og á bak við tjöldin er einstakur hópur manna sem á ríkan þátt í þessum árangri,” sagði hann. „Þau hafa unnið dag og nótt og það hefur verið einstök reynsla að vinna með þessu góða fólki.”

Einn úr þjálfarahópnum, Gunnar Magnússon, þurfti að fara aftur til Íslands á miðju móti vegna sviplegs fráfalls nákomins ættingja.

„Við ákváðum að tileinka Gunnari og hans fjölskyldu þennan árangur. Eitt af hans hlutverkum var að útbúa sérstök hvatningarmyndbönd fyrir liðið og hefur hann haldið áfram að gera það þrátt fyrir áfallið. Þetta hefur hann sent okkur með hjálp nets-



BIKAR FYRIR ÞRIÐJA SÆTIÐ Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari með Ingimundi Ingimundarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

ins og það sýnir hversu stórkostlegan mann hann hefur að geyma að hann skuli hafa hjálpað okkur á þennan hátt,” sagði Guðmundur.

Hann sagði liðið hafa sett sér tvö markmið fyrir mótið. „Annað var að endurskrifa íslenska handbolta sögu og ná góðum árangri annað stórmótið í röð. Það tókst og erum við afskaplega stolt af því.”

En stefndi liðið jafnvel enn hærra en í þriðja sætið?

„Já, jafnvel. Við stefndum mjög hátt. Það verður ekki meira sagt,” sagði hann og brosti.

Hann játar því að þó svo að liðið hafi staðið sig vel á mótinu sé alltaf hægt að bæta sig.

„Ég vona það að minnsta kosti,” sagði hann. „Ég vona líka að þessir



leikmenn muni áfram gefa kost á sér í landsliði því þeir hafa staðist þessa miklu þrekaun gríðarlega vel. Það er erfiðara að spila á þessu móti en á Ólympíuleikum og þar að auki voru gæði handboltans hér í Austurríki mjög mikil. Handboltinn hér hefur verið stórkostlegur,” sagði Guðmundur. „Við megum því vera mjög stolt af þessum árangri. Ég er sjálfur mjög stoltur og hrærður enda get ég ekki verið annað. Það hafa verið forréttindi að fá að vinna með þessum leikmönnum.”

Guðmundur er samningsbundinn HSÍ til ársins 2012 og heldur því áfram að þjálfa landsliðið. „Ég á ekki von á því að hætta enda með samning.”



EM Í AUSTURRÍKI  
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON  
skrifar frá Línz  
eirikur@frettabladid.is

Frakkar unnu Króata 25-21 í úrslitaleik Evrópumótsins í Austurríki í Vín í gær og eru handhafar allra titla:

# Söguleg þrenna Frakka í handboltanum

**HANDBOLTI** Frakkland varð í gær Evrópumeistari í handbolta eftir sigur á Króatíu í úrslitaleik EM í handbolta sem lauk í Austurríki í gær. Þar með er liðið núverndi heims-, Evrópu- og Ólympíumeistari og því hefur engu liði tekist áður í sögunni.

„Þessi þrenna verður skráð á spjöld sögunnar,” sagði hinn magnaði markvörður Frakka, Thierry Omeyer, sem varði alls tólf skot í leiknum í gær. „Við erum með alla þrjá titlana samtímis. Það er ótrúlegt!”

Leikurinn var jafn í fyrri hálfleik en Króatar voru þó með undirtökin og komust í þriggja marka forystu, 12-9.



GULLPRENNA Frakkar eru heimsmeistarar, Ólympíumeistarar og Evrópumeistarar. MYND/DIENER

Frakkar skoruðu hins vegar þrjú síðustu mörkin í fyrri hálfleik og eftir að Domagoj Ducnjak skoraði fyrsta mark síðari hálfleiks komu fimm frönsk mörk í röð.

Króatar náðu að minnka muninn aftur í eitt mark eftir þetta en Frakkar náðu aftur að sigla fram úr og tryggja sér sigurinn.

„Ég er mjög ánægður með árangur liðsins,” sagði Claude Onesta, landsliðsþjálfari Frakka. „Þetta hefur verið mjög erfitt mót og gríðarlega sterkt.”

Frakkar byrjuðu illa á mótinu en náðu að toppa á réttum tíma. „Sjálfsstraustið hefur aukist eftir því sem liðið hefur á kepp-

ina. Liðið hefur því spilað betur og spilað mjög kröftugan handbolta.”

Hann óskaði einnig Króötum til hamingju með árangurinn. „Króatar eru með ungt lið og leikir okkar hafa verið mjög erfiðir. Þannig verður það væntanlega áfram.”

Frakkar unnu einnig Króata í úrslitaleik HM á síðasta ári en lögðu Íslendinga í úrslitaleik Ólympíuleikanna í Peking.

Nikola Karabatic fór mikinn í gær og skoraði sex mörk, þar af nokkur afar mikilvæg bæði í lok fyrri hálfleiks og þess síðari. Vedran Zrnc skoraði sjö mörk fyrir Króata. - esá



# SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Um landið allt eru framúrskarandi veitingastaðir og hlýleg hótél og ekki þarf að fljúga langt til að kúpla sig út úr stressinu. Komum sterk inn í nýja vinnuviku með góðar minningar í farteskinu. Hringdu í 570 3030 og bókaðu endurnærandi helgarferð.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.\*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

\*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.



## EM Í HANDBOLTA

## Undanúrslit

Ísland-Frakkland 28-36 (14-16)  
**Mörk Íslands (skot):** Aron Pálmarsson 6 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 5/2 (5/2), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (9), Arnór Atlason 5 (10), Alexander Petersson 3 (5), Ólafur Stefánsson 2 (10), Róbert Gunnarsson 1 (1), Vignir Svavarsson 1 (2).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 16/1 (51/6, 31%), Hreiðar Guðmundsson 0 (1/1).  
**Hraðaupplaupt:** 5 (Guðjón Valur 3, Snorri Steinn 1, Alexander 1).

**Fiskuð viti:** 3 (Vignir 1, Arnór 1, Guðjón Valur 1).  
**Utan vallar:** 6 mínútur.

**Mörk Frakklands (skot):** Nikola Karabatic 9 (9), Guillaume Joli 6/6 (7/7), Michael Guigou 6 (10), Guillaume Gille 4 (5), Cedric Sorhaindo 3 (3), Luc Abalo 3 (5), Franck Junillon 2 (2), Daniel Narcisse 2 (6), Jerome Fernandez 1 (2), Sebastien Bosquet (1).

**Varin skot:** Thierry Omeyer 16 (44/2, 36%).  
**Hraðaupplaupt:** 12 (Guigou 5, Abalo 3, Gille 2, Karabatic 2).

**Fiskuð viti:** 5 (Karabatic 3, Fernandez 1, Sorhaindo 1).

**Utan vallar:** 8 mínútur.  
 Króatía-Pólland 24-21

## Leikir um sæti

## LEIKUR UM 3. SÆTI

Ísland-Pólland 29-26 (18-10)  
**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 8 (13), Róbert Gunnarsson 6 (6), Snorri Steinn Guðjónsson 4/3 (6/3), Arnór Atlason 3 (8), Ólafur Stefánsson 3 (13), Ingimundur Ingimundarson 2 (2), Aron Pálmarsson 2 (5), Alexander Petersson 1 (3).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 10 (27/1, 37%), Hreiðar Guðmundsson 7 (16, 44%).

**Hraðaupplaupt:** 9 (Guðjón Valur 5, Ingimundur 2, Arnór 1, Alexander 1).

**Fiskuð viti:** 3 (Guðjón Valur 1, Alexander 1, Róbert 1).

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Póllands (skot):** Tomasz Tluczynski 4/1 (4/1), Bartosz Jurecki 4 (5), Michal Jurecki 4 (5), Krzysztof Lijewski 3 (6), Mateusz Jachlewski 3 (6), Patryk Kuchczynski 2 (2), Tomasz Rosinski 2 (4), Bartłomiej Jaszka 2 (8), Mariusz Jurasik 1 (2), Marcin Lijewski 1 (4), Karol Bielecki (1).

**Varin skot:** Slawomir Szymal 16 (39/3, 41%), Piotr Wyszomirski 1 (7, 14%).

**Hraðaupplaupt:** 9 (Kuchczynski 2, Jachlewski 2, K. Lijewski 1, Jurasik 1, M. Jurecki 1, Tluczynski 1, Rosinski 1).

**Fiskuð viti:** 1 (B. Jurecki 1).  
**Utan vallar:** 16 mínútur.

## ÚRSLITALEIKUR

Frakkland-Króatía 25-21



**FAGNAÐ Í LOKIN** Hreiðar Guðmundsson stóð sig vel í lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

## Hreiðar Levý Guðmundsson: Tilfinningin er ótrúleg

**HANDBOLTI** Markverðirnir Björgvin Gústavsson og Hreiðar Guðmundsson hafa átt frábæra keppni. Sá síðarnefndi kom inn á undir lok leiksins gegn Póllandi í gær og varði sjö gríðarlega mikilvæg skot á síðustu fimmtán mínútum leiksins.

„Þetta er ótrúleg tilfinning,“ sagði hann sigurreifur eftir leikinn í gær. „Þetta var þó orðið hrikalega hættulegt. En ég var tilbúinn enda verður að grípa hvert tækifæri sem gefst.“ Björgvin hrósaði Hreiðari eftir leik. „Hann lenti í áfalli í byrjun mótis og fékk þá gagnrýni á sig út af einu skitum marki sem hann fékk á sig út af einfaldri óheppni. Hann kom svo inn í dag, sýndi mikinn karakter og nánast tryggði okkur bronsið.“

Alexander Petersson sýndi ótrúlega varnartakta undir lok leiksins gegn Póllandi á EM í gær:

## Búinn að hugsa um þetta í fimm ár

**HANDBOLTI** Þegar ein og hálf mínúta var til leiksloka í bronsleik Íslands og Póllands í gær komust Pólverjar í hraðaupplaupt. Einn leikmaður pólska liðsins var sloppinn í gegn og var kominn í galopið færi. Hann átti þarna möguleika á að minnka forystu Íslands í eitt mark.

En þá skyndilega dýfði Alexander Petersson sér fyrir hann og náði að stela boltanum áður en hann braut á manninum. Dómarar gátu ekkert annað dæmt en aukakast og tíminn vann áfram með Íslandi sem vann að lokum þriggja marka sigur. „Þessir varnartilburðir hjá Alexander voru stórkostlegir og fara í sögubækurnar. Ég hef aldrei séð annað eins á mínum ferli,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.

Sjálfur sagði Alexander að þetta hafi verið vel ígrundað hjá sér. „Ég hef verið að hugsa um þetta



**VÉLMENNIÐ** Alexander Petersson var frábær á EM í vörn og sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

í svona fimm ár,“ sagði hann við Fréttablaðið eftir leik. „Hvernig er hægt að stela boltanum í svona stöðu? Maður kemur aftan að honum og maðurinn verður að dríppa boltanum að minnsta kosti einu sinni. Ég sá tækifærið, tók áhættuna og hoppaði bara í boltann. Það virkaði.“ Þetta hefur hann þó aldrei prófað áður. „Nei, aldrei. En þarna sá ég rétta augnablikið.“

Ólafur Stefánsson jóf lofi á Alexander eftir leikinn. „Þessu augnabliki má aldrei gleyma í íslenskri íþróttasögu. Þetta var það flottasta sem ég hef séð á ævinni. Þetta segir allt um hans atorku, snilld og ákafa. Þetta hefði enginn getað gert nema hann.“

Alexander er þekktur sem vélmennið í landsliðshópnum enda gefst hann aldrei upp – er sívinnandi. Ólafur vill meina að hann sé

mikilvægasti leikmaður liðsins. „Hann er okkar MVP á þessu móti þó svo að fólk sjái það ekki. Hann léttir mikið á mér með því að spila í vörninni eins og hann gerir. Ég tel að hann sé besti varnarmaðurinn á mótinu – hann tekur allar klippingar, kæfir hraða og flæði í liði andstæðingsins. Svo er hann stöðugt að í sókninni og þegar ég er ekki upp á mitt besta kemur hann og setur hann.“

Alexander gat ekki annað en brosað þegar blaðamaður sagði honum frá hrósi landsliðsforirliðans.

„Nei, ég veit það nú ekki. Allir strákarnir hafa verið mjög góðir og breiddin í liðinu er frábær,“ sagði hann. En hann vildi þó frekar kvitta upp á að vera besti varnarmaður mótisins. „Já, ég væri frekar til í að fá þann heiður,“ sagði hann og hló.

## Silfur í hárinu og brons um hálsinn

Íslenska handboltalandsliðið náði sögulegum árangri í gær er það tryggði sér bronsverðlaunin á Evrópu-meistaramótinu í handbolta. Þetta er í annað skiptið í röð sem liðið vinnur til verðlauna á þeim stórmótum sem það tekur þátt í. Ísland vann Pólland í bronsleiknum, 29-26.

**HANDBOLTI** Gleðin skein úr hverju einasta andliti þeirra meðlima íslensku sveitarinnar sem gengu inn á gólf í Stadthalle í Vínarborg til að taka við bronsverðlaunum Evrópumeistaramótisins í handbolta. Fagnaðarlætinn voru gríðarleg enda árangurinn stórbrotinn. Ísland hafði tryggt sér þriðja sætið á líklega sterkasta stórmóti í handbolta frá upphafi.

Fyrir tæpu einu og hálfu ári var brotið blað í íþróttasögunni þegar handboltalandsliðið vann silfurverðlaun á Ólympíuleikumum í Peking. Nú hefur það verið staðfest að sá árangur var engin tilviljun – íslenska landsliðið er einfaldlega í hópi allra bestu handboltaliða heims í dag.

Þeir Björgvin Páll Gústavsson og Logi Geirsson gáfu út hárgel eftir keppnina sem nefnist Silver. Það er til marks um gleðina sem ríkti í hópnum í gær að þeir voru allir með gelið í hárinu þegar þeir tóku við verðlaunumum í gær.

„Meira að segja Guðmundur Þórður Guðmundsson [landsliðsþjálfari] „silfraði“ sig upp,“ sagði stoltur Aron Pálmarsson við Fréttablaðið eftir afhendinguna. „Menn hafa nú verið eitthvað að tala um að gefa líka út bronsgel en það kemur ekki til greina. Það er bara Silver.“

Þátttöku Íslands á EM lauk í gær með sigri á gríðarsterku liði Póllands í leik um þriðja sæti mótisins. Leikurinn sýndi allar bestu hliðar íslenska liðsins en einnig hvað það getur verið stutt í hinn endann.



**EM Í AUSTURRÍKI**  
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**  
 skrifar frá Linz  
 eirikur@frettabladid.is



**FRÁBÆRT LIÐ** Hér sést íslenska landsliðið fagna frábærum árangri sínum á Evrópumótinu í Austurríki. Liðið tapaði bara á móti Evrópumeisturum Frakka á mótinu og vann fyrstu bronsverðlaun Íslands frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Fyrri hálfleikurinn var einfaldlega stórbrotinn. Pólverjar skoruðu aðeins þrjú mörk á fyrsta stundarfjórðungnum og var Ísland komið þá með 8-3 forystu þó svo að staðan hafi verið 1-0 fyrir Póllandi eftir fimm mínútur.

Varnarleikur íslenska liðsins var eins og ókleifur múr. Stórskyttum Pólverja var haldið undir 50 prósent skotnýtingu og þeirra beittasta vopn, Karol Bielecki, tók eitt skot í öllum hálfleikum. Það geigaði.

En svo kom hræðilegur kaflí í upphafi síðari hálfleiks. Besti markvörður mótisins, Slawomir

Szymal, fór á kostum og varði sjö af fyrstu níu skotum Íslands í hálfleiknum. Á þessum tíma var skotnýting Íslands komin niður í rúm fimmtán prósent – hún var 80 prósent hjá Póllandi.

Á aðeins rúmum sjö mínútum skoruðu Pólverjar sex mörk í röð og minnkuðu muninn í tvö mörk. Íslenska sóknin virtist ekkert ráða við varnarleik Pólverja sem var afar öflugur.

Róbert Gunnarsson braut loksins ísinn eftir tólf mínútna leik í síðari hálfleik. Ísland náði að halda forystunni allt til leiksloka en það mátti nánast engu muna.

Hreiðar Guðmundsson kom inn í íslenska markið á síðasta stundarfjórðungnum og varði sjö skot, hvert öðru glæsilegra.

Seiglan og baráttan í liðinu kristallaðist svo í atviki sem átti sér stað einni og hálfri mínútu fyrir leikslök. Pólverjar komust í hraðaupplaupt og gátu minnkað muninn í eitt mark. Þá kom Alexander Petersson og stal af honum boltanum með því að dýfa sér fyrir framan hann. Það var einstakt augnablik sem á eftir að lifa lengi, rétt eins og glæsilegur árangur íslenska landsliðsins hér í Austurríki. Til hamingju, strákar!

Guðmundur Guðmundsson og Ólafur Stefánsson um tapleikinn í undanúrslitunum gegn Frakklandi:

## Of mörg mistök og of seinir til baka

**HANDBOLTI** Ísland tapaði fyrir Frakklandi í undanúrslitum Evrópumeistaramótisins í handbolta sem lauk í Austurríki í gær. Lokatölur leiksins voru 36-28.

Ísland spilaði ágætlega í fyrri hálfleik en missti Frakkana fram úr sér í upphafi þess síðari. Þeir komust í átta marka forystu eftir aðeins tíu mínútur og það bil náði íslenska liðið aldrei að brúa aftur.

„Þetta var svipað og í Peking,“ sagði Ólafur Stefánsson landsliðsforirliði og átti þá við úrslitaleik Íslands og Frakklands á Ólympíuleikumum árið 2008.

„Við vorum ógaðir í upphafi síðari hálfleiks. Þeir komust í mörg hraðaupplaupt og duglegir

að nýta sér aðra og þriðju bylgjuna til að skora létt mörk. Það sem við þurftum að gera var að standa vel í vörninni og keyra á þá – en það öfuga gerðist,“ sagði Ólafur.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari tók í svipaðan streng. „Ég held að það hafi verið hlaupin okkar til baka [í vörnina] sem drap okkur fyrst og fremst í þessum leik. Við vorum að halda ágætlega í þá í vörninni,“ sagði Guðmundur.

„Við afhentum þeim líka boltann allt of mikið í sókninni og ég er hvað svekktastur vegna þess. Við vorum að reyna línusendingar sem heppnuðust ekki og við gerðum of mikið af tæknilegum mis-



**SVEKKTUR** Guðmundur Guðmundsson, gat ekki leynit vonbrigðum sínum í leikslök. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER


tökum. Það má einfaldlega ekki gegn Frökkum. Við vorum að gera þeim lífið mjög þægilegt.“

Aron Pálmarsson var frábær í lok fyrri hálfleiks og skoraði þá sex af síðustu átta mörkum íslenska liðsins. Engu síður ákvað Guðmundur Guðmundsson að hvíla hann í upphafi þess síðari.

„Þetta er bara svona og það er auðvelt að tala um þetta eftir á,“ sagði Guðmundur. „Um daginn létum við hann byrja inn á í seinni hálfleik og þá gekk það ekki. Við erum alltaf að hugsa um að spara krafta leikmanna og það veit auðvitað enginn hvað gerist fyrirfram. Ég treysti þeim leikmönnum sem eru inn á hverju sinni,“ bætti hann við.



VÍS óskar landsliðinu til hamingju með framúrskarandi árangur á EM.





## ÚRSLIT Í ENSKA

## Enska úrvalsdeildin

Birmingham-Tottenham	1-1
0-1 Jermain Defoe (69.), 1-1 Liam Ridgewell (90.+1)	
Fulham-Aston Villa	0-2
0-1 Gabriel Agbonlahor (40.), 0-2 Gabriel Agbonlahor (44.)	
Hull-Wolves	2-2
1-0 Jan Vennegoor of Hesselink (11.), 1-1 sjálfsmark (48.), 2-1 Stephen Hunt, viti (51.), 2-2 Matthew Jarvis (66.)	
Liverpool-Bolton	2-0
1-0 Dirk Kuyt (37.), 2-0 sjálfsmark (70.)	
West Ham-Blackburn	0-0
Wigan-Everton	0-1
0-1 Tim Cahill (83.)	
Burnley-Chelsea	1-2
0-1 Nicolas Anelka (27.), 1-1 Steven Fletcher (50.), 1-2 John Terry (82.)	
Manchester City-Portsmouth	2-0
1-0 Emmanuel Adebayor (39.), 2-0 Vincent Kompany (46.)	
Arsenal-Manchester United	1-3
0-1 Nani (33.), 0-2 Wayne Rooney (37.), 0-3 Ji-Sung Park (52.) 1-3 Thomas Vermaelen (79.)	

## STAÐAN Í DEILDINN:

Chelsea	23	17	3	3	57-19	54
Man.United	24	17	2	5	56-20	53
Arsenal	24	15	4	5	60-28	49
Tottenham	24	12	6	6	45-25	42
Liverpool	24	12	5	7	42-26	41
Man. City	22	11	8	3	44-30	41
Aston Villa	23	11	7	5	31-18	40
Birmingham	23	9	7	7	22-23	34
Everton	23	8	8	7	33-34	32
Blackburn	24	7	7	10	25-40	28
Fulham	23	7	6	10	26-28	27
Stoke City	21	6	7	8	19-26	25
Sunderland	22	6	5	11	30-40	23
Wigan Athletic	22	6	4	12	24-47	22
West Ham	23	4	9	10	29-38	21
Bolton	22	5	6	11	29-44	21
Wolves	23	5	6	12	19-40	21
Burnley	23	5	5	13	23-46	20
Hull City	23	4	8	11	22-48	20
Portsmouth	22	4	3	15	19-35	15

## Enska b-deildin

Cardiff-Doncaster	2-1
Coventry-Blackpool	1-1
Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry en var tekinn af velli á 57. mínútu.	
Crystal Palace-Peterborough	2-0
Derby-Nottingham Forest	1-0
Leicester-Newcastle	0-0
Middlesbrough-Bristol City	0-0
Preston-Ipswich	2-0
QPR-Scunthorpe	0-1
Reading-Barnsley	1-0
Ívar Ingimarsson, Brynjar Björn Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson léku allan leikinn fyrir Reading. Gunnar Heiðar Þorvaldsson sat allan leikinn á bekknum. Emil Hallfreðsson kom inn sem varamaður í liði Barnsley á 74. mínútu.	
Reading-Barnsley	1-0
Sheffield Wednesday-Plymouth	2-1
Kári Árnason lék allan leikinn með Plymouth.	
West Brom-Sheffield United	3-1

## Klassamunur í stórleik helgarinnar

Wayne Rooney og Nani voru í banastuði hjá Manchester United þegar liðið vann 3-1 útisigur á Arsenal í gær. Englandsmeistararnir voru mun sterkari í leiknum og halda áfram að fylgja Chelsea eins og skugginn.

**FÓTBOLTI** „Ég held að þetta hafi verið minn besti leikur fyrir Manchester United,“ sagði portúgalski vængmaðurinn Nani eftir að United vann sannfærandi sigur á Arsenal í stórleik helgarinnar í enska boltanum. Englandsmeistararnir réðu ferðinni á miðsvæðinu algjörlega og voru stórhættulegir í hröðum sóknum sínum. Wayne Rooney og Nani voru báðir hreint magnaðir í leiknum.

Fyrir leikinn talaði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, um mikilvægi þess að vinna sigur í þessum leik til að halda titilvinninni á lífi á Emirates-vellinum. Hans menn réðu hins vegar ekkert við Sir Alex Ferguson og lærisveina í gær.

## Frábær tilþrif frá Nani

Frábær tilþrif frá Nani eftir rúmlega hálf tíma leik slógu Manuel Almunia, markvörð Arsenal, út af laginu og fyrsta mark leiksins leit dagsins ljós. Skrústað það sem sjálfsmark Almunia. Aðeins fjórum mínútum síðar var Nani aftur á ferðinni og lagði upp mark fyrir Wayne Rooney eftir frábæra skyndisókn. Þetta var hundradasta deildarmark Rooney.

Staðan var 0-2 í hálfleik en Kóreumaðurinn Ji-Sung Park skoraði þriðja og síðasta mark Manchester United í leiknum. Hann fékk að hlaupa óáreittur með boltann að marki Arsenal og skoraði með góðu skoti. Thomas Vermaelen náði að minnka muninn en lengra komust Arsenal-menn ekki og voru þeir teknir í kennslustund á eigin heimavelli.

„Sjálfsstraustið er í botni hjá okkur og ég gæti ekki verið ánægðari. Þetta var frábær

## Í SVÍDSLÓSINU Í GÆR

Nani fagnar hér marki sínu ásamt Wes Brown.

MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



MIKLU BETRI Manchester United sýndi svarið gegn Arsenal og hér fagna leikmenn liðsins þriðja markinu sem Ji-Sung Park skoraði.

NORDICPHOTOS/GETTY



leikur hjá liðinu og ég er ánægður með minn þátt. Við vorum góðir í bikarleiknum gegn Manchester City og héldum svo uppteknum hætti í þessum leik. Ég hef lagt mig allan fram á æfingarsvæðinu og það hefur skilað því að ég er að ná mér vel á strik,“ sagði Nani.

Leikmenn Arsenal vilja gleyma þessum leik sem fyrst og þá kannski helst Almunia og Gael Clichy en sá síðarnefndi var oft leikinn grátt af

Nani í leiknum. Þá átti Rooney enn einn stórleikinn en fyrir leikinn gaf David Gill, framkvæmdastjóri Manchester United, það út að Rooney yrði ekki seldur frá félaginu sama hve hátt tilboð bærist. Sögusagnir hafa verið í gangi um að United þurfi að selja Rooney vegna slæmrrar fjárhagsstöðu félagsins.

„Þetta er félagið mitt og ég er mjög ánægður hér. Fjölskylda mín býr í hálf tíma fjarlægð og ég sé enga ástæðu til að spila fótbolta einhvers staðar annars staðar. Manchester United er stærsta fótballafélag heims,“ sagði Rooney.

## Stigi á eftir Chelsea

Manchester United er nú stigi á eftir Chelsea sem trónir á toppi deildarinnar og á Lundúnaliðið þar að auki leik inni. John Terry skoraði sigurmark Chelsea gegn Burnley á laugardaginn en hann hefur verið aðalumfjöllunarefni

breskra slúðurblaða síðustu daga. Ástæðan er að upp komst um framhjáald hans. Terry hélt við kærustu fyrrum liðsfélaga síns hjá Chelsea, Wayne Bridge. Nokkrir fyrrum landsliðsmenn Englands hafa stigið fram og segja rétt að Terry verði sviptur fyrirliðabandinu hjá enska landsliðinu.

Það er allavega ljóst að hann missir ekki fyrirliðabandið hjá Chelsea. „Þetta er ekki til umræðu og ég veit ekki af hverju þú ert að spyrja mig að þessu. Leikmennirnir munu aldrei tapa trausti sínu til Terry,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, í viðtali við fjölmiðla eftir leikinn. „Þetta var góð stund fyrir Terry inni á vellinum en hann spilaði líka vel í vikunni á móti Birmingham. Ég þurfti ekkert að tala við hann um þetta mál. Hann stóð sig vel á æfingu í gær og það koma aldrei til greina annað í mínum huga en að hann myndi spila leikinn,“ sagði Ancelotti.

elvargeir@frettabladid.is

## NÝTT! MARGFALDUR ÁVINNINGUR FYRIR KYLFINGA

KORTHAFAR PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS GREIÐA EKKERT ÁRGJALD Í ICELANDAIR GOLFERS

## ICELANDAIR GOLFERS

Félagar í Klúbbnum njóta ýmissa hlunninda og fríðinda:

- Ekkert gjald er tekið fyrir golfsetti í áætlunarflugi Icelandair
- 2.500 Vildarpunktur
- 2.000 króna gjafabréfi í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básum

## PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS

Greiðslukort sem veitir margföld hlunnindi á við venjuleg greiðslukort og margborgar sig að nota bæði hér heima og í golfferðum erlendis.

Meðal fríðinda Premiumkortsins má nefna:

- Ókeypiss aðild að Icelandair Golfers
- 15 Vildarpunktur af hverjum 1.000 kr. af öllum færslum kortsins heima og erlendis
- 20 Vildarpunktur af hverjum 1.000 kr. af öllum keyptum miðum og um borð hjá Icelandair
- Frítt bílastæði við Leifsstöð þegar flogið er með Icelandair
- Aðgangur að flýtiinnritun í Leifsstöð
- Viðbótarfarangursheimild
- Aðgangur að betri stofu Icelandair í Leifsstöð
- 10.000 Vildarpunktur við fyrstu notkun kortsins

SLÁÐU HOLU Í HÖGGI OG FÁÐU ÞÉR PREMIUM Þú getur sótt um Premium Icelandair American Express á [Icelandairgolfers.is](http://Icelandairgolfers.is)



Golfers



## ÚRSLITIN

### Subwaybikar kvenna í körfu

Haukar-Njarðvík 73-41 (45-24)  
**Stig Hauka:** Kiki Lund 18, Heather Ezell 16, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 9, Helena Hólm 7, María Lind Sigurðardóttir 6, Heiðrún Hauksdóttir 5, Sara Pálmardóttir 4, Kristín Fjöla Reynisdóttir 4, Bryndís Hreinsdóttir 3, Auður Ólafsdóttir 1.  
**Stig Njarðvíkur:** Shantrell Moss 16, Ólöf Helga Pálsdóttir 8, Sigurlaug Guðmundsdóttir 6, Harpa Hallgrímsdóttir 4, Heiða Valdimarsdóttir 3, Helga Jónasdóttir 2, Ina María Einarsdóttir 2.  
 Fjölnir-Keflavík 47-98 (13-59)  
 Stigahæstar: Bergdís Ragnarsdóttir 15, Eva María Emilsdóttir 14 - Kristi Smith 20, Bryndís Guðmundsdóttir 14, Birna Valgarðsdóttir 14, Eva Rós Guðmundsdóttir 10, Hrönn Þorgrímsdóttir 10.

### N1 deild kvenna í handbolta

KA/Þór-HK 27-23 (14-9)  
**Mörk KA/Þór:** Martha Hermansdóttir 7, Arna Valgerður Erlingsdóttir 6, Unnur Ómarsdóttir 6, Ásdís Sigurðardóttir 4, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Katrín Vilhjálmssdóttir 1, Kolbrún Einarsdóttir 1.  
**Mörk HK:** Helena Jónsdóttir 4, Lilja Lind Pálsdóttir 4, Sóley Ívarsdóttir 3, Elin Baldursdóttir 3, Líney Rut Guðmundsdóttir 3, Elva B. Arnarsdóttir 2, Tinna Rögnvaldsdóttir 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 1, Heiðrún Helgadóttir 1.  
 Víkingur-Stjarnan 17-40 (13-21)  
**Mörk Víkings:** Guðríður Ósk Jónsdóttir 4, Helga Lára Halldórsdóttir 3, Berglind Halldórsdóttir 3, Anna María Bjarnadóttir 3, María Karlsdóttir 2, Guðny Halldórsdóttir 1, Jóhanna Guðbjörnsd. 1.  
**Mörk Stjörnunnar:** Jóna Sigríður Halldórsdóttir 17, Harpa Sif Eyjólfssdóttir 8, Alina Daniela Tamason 4, Ellasabet Gunnarsdóttir 4, Esther Victoria Ragnarsdóttir 2, Guðrún Erla Bjarnadóttir 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1, Guðrún Hrefna Guðjónsdóttir 1, Þorgerður Anna Atladóttir 1, Unnur Ýr Viðarsdóttir 1.



**SIGUR UM HELGINA** Benítez stýrði Liverpool til sigurs gegn Bolton á laugardag.  
 NORDICPHOTOS/GETTY

Yfirlýsing frá Rafa Benítez:

## Er ekki að taka við Juventus

**FÓTBOLTI** Rafael Benítez, stjóri Liverpool, sendi frá sér yfirlýsingu í gær til að blása á þær kjaftasögur að hann sé búinn að ná samkomulagi við Juventus. Ensku slúðurbloðin voru í gær uppfyll af fréttum þess efnis að Benítez myndi taka við ítalska liðinu í sumar.

„Ég vil að það sé á kristaltæru að ég hef ekki gert samkomulag við Juventus. Ég hef ekki og mun ekki funda með fulltrúum Juventus né annarra félaga. Ég er með langtímasamning við Liverpool og er ánægður hér.

Efst í huga mér er að koma Liverpool aftur meðal fjögurra efstu liða deildarinnar,“ sagði Benítez.

Ciro Ferrara var rekinn frá Juventus á dögnum og Alberto Zaccheroni stýrir liðinu út tímabilið. - egm

Afríkumótið í fótbolta:

## Þriðji í röð hjá Egyptalandi

**FÓTBOLTI** Mikil gleði braust út í Egyptalandi í gær og dansað var úti á götum Kairó þegar þjóðin varð Afríkumeistari í fótbolta í þriðja skipti í röð. Egyptaland vann Gana 1-0 í jöfnum úrslitaleik en varamaðurinn Mohamed Gedo skoraði eina mark leiksins með fallegu skoti sex mínútum fyrir leiklok.

Þetta sigurmark kom gegn gangi leiksins en Gana haði gert sig líklegra áður en það kom. Egyptaland hefur hampað Afríkumeistararitlinum sjö sinnum, oftar en nokkur önnur þjóð. - egm

Haukar og Keflavík munu mætast í úrslitaleik Subwaybikars kvenna eftir undanúrslitaleiki helgarinnar:

# Haukar í Höllina í fjórða sinn á sex árum

**KÖRFUBOLTI** Það verða Haukar og Keflavík sem munu mætast í bikarúrslitaleik Subwaybikars kvenna en það var ljóst eftir undanúrslitaleikina um helgina. Keflavík vann 49 stiga sigur á 1. deildarliði Fjölnis á föstudagskvöldið, 97-48, og Haukarkonur unnu síðan 32 stiga sigur á Njarðvík, 73-41, á Ásvöllum í gærkvöldi.

Nýliðar Njarðvíkur byrjuðu vel í leiknum í gær og komust í 11-6 en þá vaknaði Haukaliðið, skoraði fimmtán síðustu stig 1. leikhluta og leiddi 21-11 eftir hann. Eftir það voru Íslandsmeistararnir með góð tók á leiknum undir forustu Kiki Lund og Heather Ezell og í hálfleik munaði orðið 21 stigi á liðun-



**BARÁTTA UM FRÁKÖSTIN** Haukakonan Ragna Margrét Brynjarsdóttir í frákastabaráttu við Njarðvíkurkonur í gær.  
 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

um þar sem Haukaliðið var komið í 45-24.

Seinni hálfleikurinn var því nánast formsatriði en í lokin munaði 32 stigum á liðunum.

Kiki Lund átti flottan fyrri hálfleik þar sem hún skoraði 16 af 18 stigum sínum og Heather Ezell gældi að venju við þrennuna með 16 stigum, 10 stoðsendingum og 7 fráköstum. Næst þeim kom Ragna Margrét Brynjarsdóttir. var með 9 stig og 11 fráköst. Shantrell Moss skoraði 16 stig hjá Njarðvík.

Þetta verður í fjórða sinn á sex árum sem Haukakonur komast í Höllina en þær voru líka í bikarúrslitaleiknum 2005, 2007 og 2008 en þá fengu þær silfur. - 66j



## EINSTAKAR HERRAVÖRUR

- Rakgel án ilmefna sem tryggir áreynslulausan og öruggan rakstur.
- Rakagefandi andlitskrem sem róar húðina eftir rakstur.
- Ilmefnalaus svitalyktareyðir.

Fæst í næsta apóteki.

ÁN ILM-  
OG  
LITAR-  
EFNA

**DECUBAL**  
 KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ



## &gt; Stephen Fry

„Ég fæ það oft á tilfinninguna að Bandaríkjamenn haldi að ég sé greindari en ég er þegar þeir heyra breska hreiminn.“

Leikarinn Stephen Fry ferðast um Bandaríkin í heimildarþætti sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 20.10.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ: SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR LEGGUR TIL KOSNINGAMÁL

### Lítill áhugi á gömlu klúðri

Þegar borgarpólitíkin var mál mállanna, með afhjúpunum á baktjaldamakki stjórnmálanna, meirihlutaskiptum og nýjum borgarstjórum í röðum þá bjóst maður við afar æsilegum aðdraganda að næstu borgarstjórnarkosningum Reykjavíkur. Röðum af nýju fólki tilbúnu að taka við af þreyttum stjórnmálamönnum og almennum áhuga á kosningunum.

Í millitíðinni hrundi svo allt á Íslandi með þeim afleiðingum að ruglið í Reykjavík gleymdist. Lítill þátttaka í prófkjörum stærstu flokkanna í Reykjavík virðist að minnsta kosti benda til þess að flokksmenn sjái ekki ríka þörf til að hafa áhrif á listann sinn í næstu kosningum.

Forvitnilegt verður að fylgjast með hvort þessi litla þátttaka sé fyrirboði lítills áhuga á sveitarstjórnarkosningunum í vor. Hvort að allir séu orðnir svo uppgefnir á þrætum stjórnmálanna eftir undanfarna mánuði að þeir geti ekki fengið sig til að skipa sér í fylkingar um sveitarstjórnarmál.



Ég held að minnsta kosti að það verði ekki handboltaáhorf á umræðuþætti þar sem leiðtogarnir takast á og draga Rei-málið upp úr hatti sínum, eða skipulagsklúður á höfuðborgarsvæðinu. Tóm og hálfkörüð hús í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum eru reyndar óyggjandi vitnisburður um þá staðreynd að það var ekki samræmd skipulagsáætlun til á þessu svæði, það var bara byggt endalaust því lánsfé var nóg. Útvarpsmaðurinn og væntanlegur borgarfulltrúi Samfylkingar, Hjálmar Sveinsson, minnstist reyndar á það rugl í viðtali á laugardag að það gengi ekki að hafa átta sveitarfélög á þessu horni og jafn margar stefnur í skipulagsmálum. Það síðarnefnda er rétt, sem helgast af of mörgum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Kannski að það náist eitthvert fútt í kosningabaráttuna og sömu leiðis áhugann fyrir henni ef einhver frambjóðenda hefur áhuga á því augljósa: Að fækka sveitarfélögum verulega á þessu litla landshorni.

## MÁNUDAGUR



▶ 19.20 Two and a Half Men  
STÖÐ 2



▶ 20.00 Epic Movie  
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.10 How To Look Good Naked - Revisited  
SKJÁR EINN



▶ 21.50 Cold Case (5:22)  
STÖÐ 2 EXTRA



▶ 22.25 Trúður  
SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós  
17.20 Tákn málsfréttir  
17.30 Pálína (20:28)  
17.35 Stjarnan hennar Láru (15:22)  
17.50 Róbert bangsi (4:26)  
18.10 Söngvakeppni Sjónvarpsins (e)  
19.00 Fréttir  
19.30 Veðurfréttir  
19.35 Kastljós

20.10 Stephen Fry í Ameríku (Stephen Fry in America) (2:6) Breski leikarinn Stephen Fry fer um Suðurnyrkingu í þætti kvöldins og hlustar m.a. á blúgrassónlist í Tennessee, svífur um í loftbelg yfir Norður-Karólínu og lærir þrælmal í Suður-Karólínu.

21.15 Sporlaust (Without a Trace) (6:18) Kona hverfur eftir byssubardaga á skrifstofu og við rannsókn málsins kemst sér-sveitarfólkið að því að konan býr yfir leyndarmáli og kann að hafa lagt á flóttu vegna þess. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano, Eric Close og Rose-Lyn Sanchez.

22.00 Tíufréttir

22.15 Veðurfréttir

▶ 22.25 Trúður (Klovn VI) (6:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. Atríði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

22.55 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) (e)

23.40 Spaugstofan (e)

00.05 Kastljós (e)

00.35 Dagskrárlok

## BÍÓ

08.00 I Love You to Death

10.00 Mr. Bean's Holiday

12.00 Jimmy Neutron: Boy Genius

14.00 I Love You to Death

16.00 Mr. Bean's Holiday

18.00 Jimmy Neutron: Boy Genius

▶ 20.00 Epic Movie Grínmynd þar sem gert er stólpagrín að stórmyndum og þá sérstaklega stórsýsamyndum.

22.00 The Business

00.00 Bodywork

02.00 Children of the Corn 6

04.00 The Business

06.00 Jackass Number Two

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.15 Ghost Whisperer (60:62)

11.00 60 mínútur

11.50 Falcon Crest (1:18)

12.35 Nágrannar

13.00 Drumline

15.10 ET Weekend

15.55 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Kalli litli Kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 The Simpsons (19:25)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

▶ 19.20 Two and a Half Men (13:24) Fjórða sería um bræðurna Charlie og Alan. Charlie upplifir slæmar æskuminningar þegar Jake segir bræðrunum fréttir að heiman.

19.45 How I Met Your Mother (1:22) Þættir um ungt fólk á þritugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki kominn sé tími til að finna lífsförunautinn.

20.10 American Idol (5:43) Niunda þáttaröð vinsæls skemmtiþáttar.

20.55 American Idol (6:43)

21.45 K-Ville (10:11) Sakamálaþættir um félagana Marlin og Trevor sem eru afar ólíkir en vinna mjög vel saman sem verðir laganna og beita ósjaldan ansi óhefðbundnum aðferðum til að framfylgja réttvísinni.

22.30 It's Always Sunny In Philadelphia (8:15)

22.55 The Aristocrats

00.25 Hung (4:10)

00.55 Five Days (4:5)

01.55 Drumline

03.50 ET Weekend

04.35 It's Always Sunny In Philadelphia (8:15)

05.00 The Simpsons (19:25)

05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

16.20 Deportivo - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.

18.00 PGA Tour 2010 Útsending frá San Diego Open mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

21.00 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.  
22.00 Bestu leikirnir: FH - Keflavík 21.09.08 FH og Keflavík börðust hatrammlega um Íslandsmeistaratiðinn árið 2008 og það var því vel við hæfi að liðin skyldu mætast í Kaplakrika 21. september í næst síðustu umferðinni. Keflvíkingar stóðu vel að vígi en FH-ingar mættu grimmir til leiks.

22.30 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarnar heims.

23.20 Augusta Masters Official Film Masters mótið í golfi er eitt af hinum fjóru árlegu risamótum. Mótið fer ávallt fram á Augusta National vellinum í Georgíu sem hannaður var af hinum frábæra kylling Bobby Jones. Í verðlaun á mótinu er hinni frægi græni jakki sem jafnframt veitir lífstíðar þátttökurétt á mótinu.

## SPORT 2

enski boltinn

07.00 Arsenal - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

14.25 Fulham - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Burnley - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.45 Premier League Review 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæflega.

18.45 PL Classic Matches: Blackburn - Liverpool, 1995

19.15 PL Classic Matches: Tottenham - Manchester Utd.

19.50 Sunderland - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.00 Premier League Review 2009/10

23.00 Coca Cola mörkin 2009/2010 Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.

23.30 Sunderland - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Pepsi MAX tónlist

16.45 Game Tívi (1:17) (e)

17.15 7th Heaven (11:22) Bandarísk unglingsgera þar sem Camden-fjölskyldunnin er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakomin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.

18.00 Dr. Phil

18.45 Survivor (13:16) (e)

19.30 Fréttir

19.45 King of Queens (24:25) (e)

▶ 20.10 How To Look Good Naked - Revisited (1:6) Bresk þáttaröð þar sem lögregular línur fá að njóta sín. Stjómustlíttinn Gok Wan heimsækir núna konur sem hann hefur áður hjálpað og við sjáum hvort aðgerðir hans hafi skilað árangri.

20.55 The Prisoner (5:6) Þættir um mann sem er fastur í undarlegum bæ í miðri eyðimörk og man ekki hvernig hann komst þangað. Bæjarbúar hafa enga vitneskju um veröldina fyrir utan bæinn en þeir sem leita sannleikans eru í bráðri hættu.

21.45 CSI. New York (21:25) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagana hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Maður fellur út um glugga í háhýsi eftir átök við fjölmiðlakónginn Robert Dunbrook. Líkið hverfur áður en rannsóknardeildin mættir á vettvang og Dunbrook er mjög ósamvinnuþýður.

22.35 The Jay Leno

23.20 Dexter (5:12) (e)

00.15 Fréttir (e)

00.30 King of Queens (24:25) (e)

00.55 Pepsi MAX tónlist

## INN

20.00 Uppúr öskustónni Í umsjón Guðjóns Bergmanns. Gestur hans er Hermann Guðmundsson forstjóri N1.

20.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari heimsækir eldhúsið í A-Índíafélaginu.

21.00 Frumkvöðlar Elnóra Inga ræðir við Þróst Víðisson magnarasmíð og Guðmund Pétursson gítarleikara.

21.30 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur opnar nýjar víddir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR



ÍSLENDINGAR YNGRI EN 55 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM  
TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.

Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.





Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

American Idol

Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþátts. Draumar átta söngv-ara hafa ræst og allir hafa slegið í gegn, selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.



VIÐ MÆLUM MED

Eldhús meistaranna  
INN KL. 20.30

Magnús Ingi Magnússon matreiðslu-meistari hefur umsjón með matreiðslu- og veitingahúsaþætti þar sem hann heimsækir kollega sína og fylgist með þeim elda á heimavelli. Í þætti kvöldsins hittir hann fyrir matreiðslumenn A-Indíafjagsins.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunútvarp hefst
- 06.50 Bæn
- 07.03 Vitt og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Stefnumót
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Hringisól
- 14.03 Bak við stjórnunar
- 15.03 Útvarpsagan: Vetur í Vindheimum
- 15.25 Fólk og fræði
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Kvika
- 21.10 Heimur hugmyndanna
- 22.10 Lestur Passíusálma hefst
- 22.25 Straumar
- 23.15 Lostafulli listræninginn
- 23.50 Úr kvæðum fyrri alda
- 00.05 Næturtonar

- |         |             |         |              |          |                |
|---------|-------------|---------|--------------|----------|----------------|
| FM 88,5 | XA-Radíó    | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1  | Rás 2          |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn      | FM 97,7 | X-ið         | FM 102,9 | Lindin         |
| FM 93,5 | Rás 1       | FM 98,9 | Bylgjan      | FM 105,5 | Útvarp Boðun   |
| FM 95,7 | FM957       | FM 99,4 | Útvarp Saga  |          |                |

EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 E.R.** (5:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**18.30 Seinfeld** (18:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 E.R.** (5:22)

**20.30 Seinfeld** (18:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**▶21.50 Cold Case** (5:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

**22.35 The Mentalist** (10:23) Patrick Jane, er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.

**23.20 Twenty Four** (2:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer.

**00.10 John Adams** (2:7)

**01.40 Sjáðu**

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

BBC entertainment

**12.35 Blackadder Goes Forth** **13.05** Absolutely Fabulous **13.35** Robin Hood **14.20** Robin Hood **15.05** Sensitive Skin **15.35** The Inspector Lynley Mysteries **16.25** Hustle **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Lab Rats **19.00** The Green Green Grass **19.30** New Tricks **20.20** The Fixer **21.10** The Green Green Grass **21.40** Only Fools and Horses **22.10** After You've Gone **22.40** Blackadder Goes Forth **23.10** Absolutely Fabulous **23.40** The Fixer

DR 1

**12.25** OBS **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Den deprimerede reporter **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Svampebob Firkan **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Der var engang... **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** De store katte **19.00** Oceaner af liv **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Så er der pakket **23.20** Boogie Mix

NRK 1

**12.10** Beruflsens konspirasjoner **12.40** Med hjertet på rette staden **13.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Puls **19.15** Klasse 10 B **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Honningfellen **21.30** Team Antonsen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Poirot **23.55** Nytt på nytt

SVT 1

**12.50** På resa i Estland **13.45** Därskapens hus **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Kamrat Sverige **16.25** Teatersupén **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturyrketema **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Komedikväll direkt **20.00** Gröt, svett och klister **21.00** Världens undergång **21.55** En öm kyss **23.35** Världens fester

SPORT  
besta sætið

BECKHÖFF  
MEISTARADEILDIN SNYR AFTUR  
16. FEBRÚAR

RISALEIKIR  
Í 16 LIÐA ÚRSLITUM

16. FEBRÚAR	AC MILAN - MAN. UTD.	23. FEBRÚAR
	LYON - REAL MADRID	STUTTGART - BARCELONA
		OLYMPIACOS - BORDEAUX
17. FEBRÚAR	PORTO - ARSENAL	24. FEBRÚAR
	BAYERN M. - FIORENTINA	INTER - CHELSEA
		CSKA MOSKVA - SEVILLA

ÖDYRARA  
AD HORFA Á SPORTID HEIMA



## HVAD SEGIR MAMMA?



„Ég er rosalega stolt af honum og þeim öllum í liðinu. Hann hefur alltaf verið skaphundur og það fór fyrst að nýfast almennilega inni á vellinum. Hann er ofboðslegt gæðablóð utan vallar og fær alla útrásina sem hann þarf á milli stanganna.“

Linda Björg Finnbogadóttir er móðir Björgvins Páls Gústavssonar, eins markvörðar handboltalandsliðsins.

Átján ára Akureyringur slær í gegn á stærsta jaðaríþróttamóti heims:

# Halldór vann gull á X-Games

„Þetta er alveg rosalega góður árangur. Erlendis er fólk að tala um þá bræður sem bestu snjóbrettakeppendur heims,“ segir Linda Björk Sumarliðadóttir, formaður Brettafélags Íslands. Halldór Helgason, átján ára gamall Akureyringur, vann á sunnudagsnótt til gullverðlauna í Big Air-keppninni, sem gengur út á að framkvæma tæknilega besta stökkið af stórum palli, á Winter X-Games-mótinu í Denver í Aspen í Bandaríkjunum. Mótið er það stærsta sinnar tegundar í heimi þar sem keppt er í jaðaríþróttum.

Halldór vann Big Air-keppnina með fullu húsi stiga og segir Linda Björk það vera hreint ótrúlega góðan árangur.

Halldór var nýlega kosinn nýliði ársins hjá tímaritinu Transworld Snowboarding, sem er mest lesna snjóbrettatímarit heims. Bróðir Halldórs, hinn 22 ára Eiríkur „Eiki“ Helgason, fékk

leisendaverðlaun blaðsins við sama tilefni.

Í nótt keppti Halldór svo til úrslita í snjóbrettgrein sem kallast slopestyle. Í þeirri grein fara keppendur í gegnum nokkra stökkipalla.

Í undanúrslitunum í þeirri grein hlaut Halldór 93 stig og var Linda ekki í nokkrum vafa um að hann myndi standa sig vel í lokakeppninni.

„Bræðurnir eru miklir íþróttamenn og þjóðin hefur alveg jafn mikla ástæðu til að vera stolt af þeim og landsliðinu í handbolta,“ segir Linda Björk Sumarliðadóttir.

- kg



FULLT HÚS STIGA Halldór Helgason náði góðum árangri í Aspen um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. glansa, 6. þys, 8. mælieining, 9. atvikast, 11. tveir eins, 12. nafnbætur, 14. krika, 16. kúgun, 17. sunna, 18. við, 20. horfði, 21. álits.

## LÓÐRÉTT

1. löngun, 3. í röð, 4. planta, 5. fiskur, 7. möttull, 10. skammstöfun, 13. þrjónavarningur, 15. hestur, 16. mælieining, 19. snæddi.

## LAUSN

LÖBDRÉTT: 1. hvít, 3. sm, 4. jólarós, 5. sól, 18. hjá, 20. sá, 21. mats.  
LÁRÉTT: 2. gljá, 6. ys, 8. mól, 9. ske, 11. lí, 12. títtla, 14. kverka, 16. ok, 17.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 5.000 bíla.
- Gogoyoko.
- í Háskólabíói.



HJÁLMAR EINARSSON: LEIÐ EINS OG ÚTLENDINGI Á ÍSLANDI

## ÍSLENSKI VERULEIKINN ELTI KVIKMYNDAHANDRITIÐ

Boðberi er íslensk kvikmynd sem fjallar um venjulegan mann sem skyndilega fær vitranir um lífið eftir dauðann. Kvikmyndin er í leikstjórn Hjálmar Einarssonar og á meðal leikendur eru Darri Ingólfsson, Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, Magnús Jónsson og Jón Páll Eyjólfsson. Myndin hefur verið nokkurn tíma í framleiðslu en að sögn Hjálmar er allri eftirvinnu nú að mestu lokið og hægt verður að berja afraksturinn augum innan skamms.

Auk þess að leikstýra kvikmyndinni skrifaði Hjálmar handritið að henni og segist hann hafa gert það á met tíma. „Ég bjó í Prag í fimm ár og þegar ég flutti heim í byrjun árs 2008 leið mér eins og útlendingi í eigin landi. Á stuttum tíma voru risin hverfi sem ég þekkti ekki og maður sá byggingarkrana á hverju götuhorni og fann hvernig þetta gróðaæði hafði tröllriðið öllu. Ég fór að velja þessu aðeins fyrir mér og byrjaði að skrifa handritið að Boðbera,“ útskýrir Hjálmar. Hann segir að myndin hafi verið tekin fyrir hrun og því hafi það komið honum á óvart hversu vel rættist úr söguþræði kvikmyndarinnar. „Myndin fjallar svolítið um hvernig venjulegt fólk rís upp gegn yfirvaldinu og þegar raunveruleikinn fór að elta söguþráðinn varð maður ugghandi. En vonandi rættist ekki úr meiru því þá færi illa fyrir sumum.“

Hjálmar segir að það hafi verið mikið ævintýri að taka upp kvikmyndina, en alls komu hátt í þriðja hundrað manns að gerð hennar og voru vinnudagarnir langir og strembnir. „Þetta voru langir dagar og bjórbumban sem ég hafði safnað í Prag var horfin þegar tókum loks lauk. En þetta var líka algjört ævintýri og mikill hasar. Það er



## MIKIÐ ÆVINTÝRI

Hjálmar Einarsson segir það hafa verið mikið ævintýri að taka upp kvikmynd sína, Boðbera. Darri Ingólfsson leikur aðalhlutverkið í myndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skemmtilegt að segja frá því að þegar við vorum næstum búnir að mynda vantaði bara eina mótmælaseinu sem átti að gerast á Austurvelli. Við ætluðum að reyna að redda því með tæknibrellum en stuttu áður en við réðumst í það var efnt til raunverulegra mótmæla á

Austurvelli og ekki bara eina helgi, heldur helgi eftir helgi, þannig að allt í einu vorum við komnir með mótmælaseinuna sem við þörfuðumst.“ Áhugasömum er bent á heimasíðu kvikmyndarinnar sem er [www.boðberi.com](http://www.boðberi.com).

sara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin Feldberg á lag í nýrri skartgripaauglýsingu sem var tekin upp hér á landi fyrir ásiska fyrirtækið Goldheart Jewellery. Auglýsingin hefur verið áberandi í ásisku sjónvarpi að undanförmu, þar sem fyrirsætan Thelma Þormarsdóttir er í aðalhlutverki. Lagið nefnist Sparkle In Your Life og var sérstaklega samið fyrir auglýsingu. Lagahöfundurinn Einar Tönsberg er þessa dagana að lengja lagið í samvinnu við söngkonuna Rósu Ísfeld vegna þeirra góðu viðbragða sem það hefur fengið erlendis.



Nú stýttist í að þjóðin velji framlag sitt til Eurovision-keppninnar sem að þessu sinni fer fram í Osló. Í fyrri bar lítið á harðri keppni keppenda um að koma sér á framfæri í fjölmiðlum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þau Örlygur Smári og Hera Björk fengið sjálfan Valla Sport til að sjá um fjölmiðlahliðina fyrir sig og mun hans hlutverk vera að passa að enginn gleymi hvorki lagi né flytjanda þegar út í úrslitin er komið.



Ög kannski er þetta ekkert skrytið því á netinu logar nú allt í umræðum um um hvort lagið Je ne sais quoi sé stolið. Valli var auðvitað hluti af einhverju mesta Eurovision-stríði seinni tíma þegar Eurobandið og Mercedes Club börðust af mikilli hörku um að komast í úrslitin fyrir þremur árum. Valli var þá með Mercedes Club innan sinna vébanda og var hársbreidd frá því að koma þeim í sjálfa loka-keppnina.

- fb/fgg



## Útvarpskona verður dansmæri

„Ég ákvað að breyta starfsheitiinu í magadansmæri af því það er enginn að fara að leita að útvarpskonu til að taka að sér skemmtileg verkefni. Ég var áður skráð sem plötusnúður en er orðin mettuð af verkefnum á því sviði og ákvað þess vegna að breyta til,“ útskýrir Margrét Erla Maack, útvarpskona á Rás 2, sem hefur breytt starfsheiti sínu í símaskránni og kallast nú magadansmæri. Hún segist hafa staðið í ströngu til að fá starfsheitið í gegn þar sem starfsmenn símaskrárinnar hafi talið að um grín væri að ræða. „Magadansmæri var ekki löglegt starfsheiti og þau héldu að þetta væri eitthvert grín, sem það er ekki því ég hef stundað magadans í fimm ár og kenni meðal annars í Kramhúsinu. Þegar ég fór svo á stúfana sá ég að það voru nokkrar ninjur í símaskránni, fimm geimkúrekar, ljónatemjarar og þó nokkrir snill-



ingar. Það endaði með því að ein yndisleg kona sem vann þarna hafði samband við ritstjóra símaskrárinnar og nú er þetta komið í gegn.“

Margrét Erla er enn sem komið er eina magadansmærin á landinu en telur að þeim muni fjölga innan skamms því hér séu margar konur sem stundi magadans. Hún segist þó ánægð með að hafa loks fengið starfsheitið í gegn. „Ég er mjög ánægð og líka fegin því ég óttaðist í fyrstu að ég myndi fá simhringingar frá einhverjum dónakörnum, en þeir hafa alveg látið mig í friði.“

- sm

MAGADANSMÆRI Útvarpskonan Margrét Erla Maack hefur breytt starfsheiti sínu í símaskránni og kallast nú magadansmæri.

MYND/RÓSALIND HANSEN



**GLÆNÝ LÍNUÝSA**  
**RAUÐMAGI YSA Í RASPI**  
**PLOKKFISKUR FISKIBOLLUR**

**TILBOÐ Í VEITINGASAL**  
**Súpa fiskur og kaffi 1290**

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686





# SKOPPA OG SKRÍTLA

á tímaflakki

Forsala hafin  
miðaverð aðeins 1950kr.

Frumskýnt 6. febrúar – Tryggðu þér miða  
Miðasölusími 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

[www.skoppaogskritla.is](http://www.skoppaogskritla.is)



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hamingjufyrirlesarinn

Dr. Tal Ben-Shahar er væntanlegur til landsins í lok mars og mun halda fyrirlestur í Laugardalshöllinni. Hann mun einnig gefa sér tíma til að árita bók sína, Meiri hamingja, en það eru hjónin **Ásdís Olsen** og Karl Ágúst Úlfsson sem kynntu þennan mikla hamingjufyrirlesara fyrir Íslendingum þegar þau gáfu út umrædda bók fyrir síðustu jóla.



### Eftirminnileg sala

Salan á bók Tal Ben-Shahar var ótrúlega eftirminnileg en hún náði meðal annars efsta sæti metsölu-lista Eymundsson og hirti það sæti af sjálfum Arnaldi Indriðasyni. Andlegum leiðtogum þjóðarinnar fjölga því með hverju ári enda hafa á stuttum tíma menn á borð við David Lynch og Dalai Lama heimsótt þjóðina með skömmu millibili. Fyrirlesturinn verður hinn 27. mars og mun **Karl Ágúst Úlfsson** flytja stutt ávarp á undan honum og gefa fólki smá innsýn inn í hugmyndafræði Shahars. Forsala miða hefst síðan 12. febrúar í verslunum Vodafone.

### Ögmundur útvarpsstjóri

Orðrómur er um að farið sé að hitna undir Páli Magnússyni ríkisútvarpsstjóra og kunni svo að fara að skipt verði um mann í brúnni. Nafn **Ögmundar Jónassonar**, þingmanns Vinstri grænna og fyrrum ráðherra, hefur borið á góma sem einn af hugsanlegum eftirmönnum Páls í Efstaleitinu. Ögmundur þykir þekkja ágætlega til í rekstri RÚV eftir áralangt starf sem formaður BSRB auk þess að hafa verið þar fréttamaður á árum áður. Hrókeringin þykir sömuleiðis gagnast flokksmönnum Ögmundar ágætlega, ekki síst eftir að hann lenti upp á kant við flokksystkini sín.




### Mest lesið

VISIR.IS

- 1 Kona lést á Langjökli
- 2 Drengurinn líklega útskrifaður af giörgæslu í dag
- 3 Forsetinn og Björgólfur Thor eitruð blanda
- 4 Íslendingur sigraði á stærsta snjóbrettamóti heims
- 5 Landsliðsfyrirliðinn barnaði kærustu samherja síns

71,4%

29,3%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 14,3% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.

» Er kominn ferðahugur í þig?

# Það sem sumir bjóða í sólarhring seljum við allt árið um kring

Bókaðu núna!

Við erum stolt af því að geta boðið samkeppnishæft verð. Lægsta verð á flugsætum Iceland Express er **14.900 kr.\*** - og það er ekki hraðsoðið tilboðsverð. Leiðakerfið fyrir sumarið 2010 hefur aldrei verið fjölbreyttara því þú getur valið um 25 áfangastaði í Evrópu og Ameríku. Það er spennandi ferðasumar framundan.

Kynntu þér áfangastaðina okkar og bókaðu vel heppnað sumarfrí á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

» Verð frá:

# 14.900 kr.\*

## Iceland Express

með ánægju



\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)